

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um erlendar umsagnir um nýja stjórnarskrá. 23



**MENNING** Fjórir stórir kvennakórar syngja saman í Hörpu í dag. 34



**LÍFIÐ** Seventís tískan fær uppreisn æru. Allir í útvíðar og gallaefni. 42



**SPORT** Fjölnir líklegast af liðunum í fallbaráttunni til að enda ofar í töflunni. 50


Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

365

365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
23. apríl 2015
94. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Skuldir heimila lækka

Frá upphafi fjármálaáfallsins hafa skuldir heimilanna, sem hlutfall af landsframleiðslu, aldrei lækkað meira en á síðasta ári. Seðlabankinn kynnti í gær rit um fjármálastöðugleika. 18

**Veitingamenn slást** Ráðist var á eiganda veitingastaðarins Ali Baba fyrir utan stað hans í miðbæ Reykjavíkur í gær. Hann ætlar að kæra fimm menn vegna árásarinnar. 2

**Kemst ekki af geðdeildinni** Ungur maður hefur búið á Kleppi í tvö ár eftir að meðferð hans lauk þar sem búsetuúrræði skortir fyrir geðfatlaða. Fleiri eru í svipaðri stöðu. 4

**Aurum-málið heim í hérað** Hæstiréttur féllst í gær á að ómerkja héraðsdóm í Aurum-málinu svokallaða vegna ættartengsla og ummæla meðdómanda í málinu í fjölmiðlum. 6

**Milljónir þurfa hæli** Sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna segir að á næstu fimm árum þurfi auðugri ríki heims að taka við milljón sýrlenskum flóttamönnum. Forsætisráðherra Ástralíu ráðleggur Evrópulöndum hins vegar að snúa flóttamannaskipum við. 6




24

**3 SÉRBLÖÐ**

Sumargrill | Meistaranám á Bifröst | Fólk




# Lekinn mun kosta milljarða

Vandamál við gerð Vaðlaheiðarganga vegna vatnselgs hafa þegar tafið verkið um nokkra mánuði. Ekki vitað hvað nýr leki þýðir. Kostnaður vart minni en í Héðinsfjarðargöngum þar sem hann fór 17% fram úr áætlun.

**FJÁRMÁL** Ljóst er að endurtekin vandamál vegna vatnsleka í Vaðlaheiðargöngum munu tefja verkið svo mánuðum skiptir með tilheyrandi kostnaði. Fyrri dæmi um áþekkan vanda í gangagerð á Íslandi benda til að sá kostnaður muni hlaupa á hundruðum milljóna ef ekki milljörðum.

„Það er ljóst að það eru komnar verulegar tafir. Kostnaður mun aukast, en við vitum ekki á þessum tímapunkti hversu mikill nákvæmlega. Það væri skot út í myrkrið að nefna tölu á þessu stigi málsins. Allar tafir eru líka áhyggjuefni hvað varðar rekstur ganganna; að það dragist að við fáum tekjur af göngunum. Það átti að afhenda göngin í desember 2016 og ef við missum ekki ferðamannasumarið á eftir þá erum við í skaplegri málum. Það er mikið í húfi að leysa þennan vanda,“ segir Pétur Þór Jónasson, stjórnarformaður Vaðlaheiðarganga hf., og bætir við að í dag og á morgun muni menn setjast yfir hvernig best sé að halda verkinu áfram.

Í niðurstöðum greininga IFS greiningar fyrir fjármálaráðuneytið á forsendum Vaðlaheiðarganga frá 2012 segir að félagið standi ekki nægilega styrkum fótum hvað varðar fjármögnun. „Fjárhagslegt svigrúm félagsins til að standa af sér neikvæða fjárhagslega atburði, s.s. vegna hærri stofnkostnaðar eða tafa á framkvæmdatíma er því mjög takmarkað.“ Þar segir einnig að ekki liggi fyrir hver bera eigi fjárhagslega áhættu verksins en allar líkur séu á að það verði lánveitandinn – ríkið.

Spurður um ályktanir IFS greiningar og stöðu Vaðlaheiðarganga hf., segir Pétur ljóst að staðan kalli á hærri lánveitingu en liggur fyrir í dag.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir svo marga óvissuþætti uppi varðandi framkvæmdina nú að óábyrgt sé að setja á það verðmiða. Hann hafi ekki forsendur til þess, enda hafi Vegagerðin ekki beina aðkomu að verkinu lengur. Aðspurður telur hann hins vegar enga ástæðu til að halda að tafir og kostnaður við Vaðlaheiðargöng verði minni en við Héðinsfjarðargöng þar sem vatnselgur olli því að verkið fór 17% fram úr kostnaðaráætlun.

- shá

## Þykir ljóst að 5 mánuðir séu tapaðir

- Gert var ráð fyrir að framkvæmdum yrði lokið við Vaðlaheiðargöng í árslok 2016, gangagröftur kláraðist í september 2015 og annar frágangur tæki um 15 mánuði.
- Kostnaðaráætlun við göngin mun vera í kringum 11 milljarða króna.
- Fjármálaráðuneytið fjármagnar verkefnið. Ríkið tekur sérstakt lán og endurlánar Vaðlaheiðargöngum ehf. en göngin eru ekki á samgönguáætlun.
- Tafir vegna heitavatnslekans í göngunum er þegar metinn fimm mánuðir, en óvíst er hvað lekinn sem kom upp á laugardaginn þýðir.
- Verklok Héðinsfjarðarganga töfðust um ár, en göngin voru vígð í byrjun október 2010.
- Uppreiknuð upphafleg áætlun var 13,9 milljarðar króna en heildarkostnaður 16,3 milljarðar.



**DIMMITERAÐ** Hópar uppáklæddra ungmenna kvöddu kennara við Menntaskólann í Reykjavík í gær, á síðasta skóladegi vetrarins. Viðeigandi tími fyrir lok kennslu, enda sumardagurinn fyrsti í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heimagerðar varastækkanir:

## Hættulegt að sjúga flöskur

**HEILBRIGÐISMÁL** „Áhættusamt og getur valdið vefjaskemmdum sem svo leiða til að varirnar verði afmyndaðar, eða annarra ófyrirsjáanlegra afleiðinga,“ segir Guðmundur Már Stefánsson lýtalæknir um nýtt æði sem virðist hafa gripið um sig á meðal ungra kvenna.



SKEMMDAR VARIR

Ungu konurnar keppast við sjúga plastflöskur til að búa til lofttæmi sem aftur þrengir að vörum þeirra með þeim afleiðingum að þær bólgna og stækka umtalsvert. Guðmundur segir konurnar virðast alls ómeðvitaðar um mögulegar afleiðingar þessara heimagerðu lýtaaðgerða, sem geti verið alvarlegar.

- ga / sjá síðu 54






Aðalhagfræðingur SÍ segir að miklar launahækkanir leiði til vaxtahækkana:

## Varar við miklum hækkunum

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan gæti orðið um 7 prósent þrátt fyrir að peningastefnunefnd hækkaði stýrivexti í 10 prósent, ef kröfur launþega um 30 prósenta launahækkanir í þriggja ára samningi yrðu samþykktar.

Þetta kemur fram í grein sem Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, skrifar í Fréttablaðið í dag.

„Þótt nokkur óvissa sé um vöxt ingur af þeim mun því aukast framleiðni á spátímanum er ljóst að svo miklar launahækkanir eru langt umfram það sem raunhæft er að gera ráð fyrir að framleiðnivöxtur standi undir. Kostnaðarþrýstingur af þeim mun því aukast mikið og einhver hluti hans mun koma fram í hækkun verðlags og þar með aukinni verðbólgu,“ segir hann.



ÞÓRARINN G. PÉTURSSON

Þórarinn segist í lýsingum sínum horfa fram hjá mögulegum áhrifum mikilla launahækkana á stöðu opinberra fjármála og á áhættuálag á innlendar fjáreignir og gengi krónunnar, t.d. í samhengi við áætlun um losun fjármagnshafta.

- jhh / sjá síðu 24







## VEÐUR




**Ekki mjög sumarlegt veður** fyrir norðan og austan í dag með frosti og éljagangi, en víða sólríkt og kalt veður sunnan til og því gott gluggaveður á þeim slóðum.

SJÁ SÍÐU 30

Karlkynið í meirihluta hjá geitum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum:

# Tólf hafrar og huðna í heiminn

**REYKJAVÍK** Geitburði er lokið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal og alls komu þrettán kiðlingar í heiminn undan níu huðnum.

Fram að geitburði var aðeins einn hafur í fjárhúsinu í garðinum en nú er karlkynið komið í meirihluta þar sem í kiðlingahópnum eru tólf hafrar en aðeins ein huðna.

Hafurinn Djákni er faðir allra kiðlinganna. Nú er í garðinum bara beðið eftir sauðburði. -kbg



**VOR Í HÚSDÝRAGARÐINUM** Fjörugir kiðlingar setja svip sinn á húsdýragarðinn um þessar mundir. Fram undan er svo sauðburður. MYND/HÚSDÝRAGARÐURINN

Ekkert þokast í viðræðum:

# Óánægð með viljaleysi SA

**KJARAMÁL** Formannafundur Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) lýsir yfir óánægju með hægagang kjaraviðræðna og viljaleysi Samtaka atvinnulífsins (SA) við að ná ásættanlegri niðurstöðu.

Landssambandið lagði fram kröfugerð 13. febrúar síðastliðinn og fundaði nokkrum sinnum með Samtökum atvinnulífsins síðan án árangurs. Deilunum var vísað til ríkissáttasemjara þann 17. apríl síðastliðinn. - srs



**GRÖNDALSHÚS** Húsið er kennt við Benedikt Gröndal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Húsið byggt úr timbri úr mannlausu skipi sem rak til Hafna:

# Gröndalshús flutt á Vesturgötu

**SKIPULAGSMÁL Gröndalshús var í gærkvöldi flutt á Vesturgötu 5b af Granda þar sem það hefur verið í viðgerð frá 2010. Upphaflega stóð húsið við Vesturgötu 16b.**

**Gröndalshús var byggt af Sigurði Jónssyni járnsmiði 1881 úr timbri úr skipi sem rak mannlaust til Íslands og strandaði í Höfnum. Sigurður rak járnsmiðju í húsinu til 1888 þar til Benedikt Gröndal flutti í húsið. Reykjavíkurborg keypti húsið til varðveislu, en Minjavernd annast framkvæmdir við nýjan grunn og flutning hússins.** - srs

# Veitingamenn slást í miðbæ Reykjavíkur

Ráðist var á eiganda veitingastaðarins Ali Baba fyrir utan stað hans í gær og ætlar hann að kæra fimm menn vegna árásarinnar. Deilur hafa verið milli eigenda Ali Baba og Mandy síðan upp úr samstarfi þeirra slitnaði fyrir nokkrum árum.

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi veitingastaðarins Ali Baba ætlar að leggja fram kærur á hendur fimm mönnum fyrir að hafa ráðist á hann fyrir utan veitingastaðinn á miðvikudag. Meðal þeirra sem hann ætlar að kæra er eigandi veitingastaðarins Mandy sem er við hliðina á Ali Baba í Veltusundi í Reykjavík.

Átökin eiga rætur að rekja til illdeilna sem hafa staðið í mörg ár eða síðan mennirnir ráku saman veitingastaðinn Ali Baba til skamms tíma. Að sögn Yaman Brikhan, eiganda Ali Baba, höfðu þeir ólíkar áherslur varðandi reksturinn og segist hann hafa borgað hinum út sinn hlut í staðnum.

Deilurnar náðu svo hámarki á miðvikudaginn eftir jarðarför sem báðir mennirnir voru viðstaddir. Yaman segir að þegar hann hafi komið að veitingastað sínum eftir jarðarförina hafi komið fimm menn að honum og þeir farið að deila sín á milli. „Þeir voru að hóta mér og ég hringdi á lögregluna. Síðan réðust þeir á mig,“ segir Yaman sem er með áverka í andliti og segir mörg vitni hafa verið að árásinni. Hlal Jarah, eigandi Mandy, lýsir þó atburðarásinni á annan hátt og segir Yaman hafa ætlað að aka á bróður hans sem hafi reiðst við það.

Hann segir bróður sinn einnig ætla að leggja fram kæru á hendur Yaman fyrir að hafa ráðist á hann. Lögregla kom á svæðið en þá höfðu sjónarvottar þegar stöðvað átökin.

Yaman segir deilurnar mega rekja til þess þegar upp úr samstarfi þeirra slitnaði. Yaman segist hafa borgað Hlal út úr staðnum en síðan fyrir þremur árum hafi hann opnað Mandy við hlið hans staðar, stolið matseðlinum og selt réttina á lægra verði. Hlal segir þetta ekki rétt.

„Þetta bara verður að stoppa. Ég er ekki glæpamaður og er bara að reyna að reka minn veitingastað,“ segir Yaman sem er annt um að hreinsa orðspor sitt en Hlal segir hann ljúga þessu og að hann hafi engu stolið.




**YAMAN** Eigandi Ali Baba ætlar að leggja fram kæru á hendur fimm mönnum, meðal annars eiganda Mandy sem er veitingastaður við hliðina á Ali Baba. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þetta verður bara að stoppa. Ég er ekki glæpamaður og er bara að reyna að reka minn veitingastað.**
>
> *Yaman Brikhan, eigandi Ali Baba.*

Yaman fór á lögreglustöðina í gær ásamt lögmanni sínum en var þá sagt að hann gæti ekki lagt fram kæru fyrr en á föstudag.

viktoria@frettabladid.is

Arðgreiðsla samþykkt:

# Ríkið fær 1,5 milljarða í arð

**STJÓRNSÝSLA** Aðalfundur Landsvirkjunar samþykkti í gær tillögu stjórnar fyrirtækisins þess efnis að greiða hluthafa félagsins 1,5 milljarða króna í arð. En ríkið er eini hluthafi Landsvirkjunar.

Stjórnarformaður Landsvirkjunar, Jónas Þór Guðmundsson, og varaformaður stjórnar, Jón Björn Hákonarson, voru endurkjörnir á fundinum auk stjórnarinnar. Auk þeirra Jónasar og Jóns sitja í stjórninni Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður, Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, og Álfheiður Ingadóttir líffræðingur. - srs

# Hallgrímur Þ. Magnússon látinn



Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Biskupstungnabraut á þriðjudag hét Hallgrímur Þ. Magnússon.

Hallgrímur var fæddur 29. september 1949, búsettur að Bjarkarbraut 18 í Reykholti í Biskupstungum. Hann lætur eftir sig eiginkonu, fjórar uppkomnar dætur og níu barnabörn.

Hallgrímur var læknir og starfaði hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, bæði í Hveragerði og á Selfossi. - vh




Dæmi eru um að dómar fyrnist áður en sakborningar hefja afplánun:

# Tuttugu hafa sloppið við fangelsi

**FANGELSISMÁL** Um tuttugu tilfelli hafa komið upp þess efnis að dómar sakborninga fyrnast áður en afplánun hefst. Þetta kom fram í máli Páls Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar, á hádegisfundi um stöðu fangelsismála sem lagadeild Háskólans í Reykjavík stóð fyrir í gær.

Fjárframlög til fangelsismála á Íslandi hafa verið skorin niður um 25 prósent síðastliðin ár á meðan verkefnum stofnunarinnar hefur fjölgað samhliða. „Það er Alþingi sem hefur klikkað að mínu mati. Það er aldeilis ekki okkar fagráðuneyti, þar eru menn algjörlega á tánum og vita nákvæmlega hvað við erum að gera. Þar fáum við alltaf stuðning,“ sagði Páll í samtali við fréttastofu.

Þegar sakborningur hefur verið dæmdur til refsingar fær hann afhent bréf þar sem hann er boðaður til afplánunar en vegna plássleysis hefur oft ekki verið hægt að taka við föngum á tilsettum tíma. Páll segir að ekki sé algengt að dómar fyrnist á meðan sakborningar bíða afplánunar en slíkum tilfellum hafi fjölgað undanfarin ár. Hann segir að ástandið sé skammarlegt.

Kvennafangelsinu í Kópavogi verður lokað í sumar og Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg um áramótin. Á móti verður nýtt fangelsi á Hólmsheiði tekið í notkun. Páll telur að það muni létta nokkuð undir en ekki koma að fullu til móts við þarfir fangelsisyfirvalda. - gag / srs



**FANGELSISMÁL Í ÓLESTRI** Verkefnum fangelsanna hefur fjölgað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR






**Beats Bluetooth hátalari**

**29.990 kr.** stgr.

Margir litir.

**UrbanEars Plattan**

**9.490 kr.** stgr.

Margir litir.

# Hleypum sumrinu inn!

**Ókeypis heimsending!**
**nova.is**




**Apple TV 3**

**14.990 kr.** stgr.









**Stuðpinni**

**1.966 kr.** stgr.

Aukahleðsla.

**Langastöng**

**2.460 kr.** stgr.

**Bíókort – 5x í bíó**

**3.745 kr.** stgr.




**1.000 kr.** notkun eða **1 GB** á mán. í 12 mán. fylgir.

**Samsung Galaxy S6** 32GB

**124.990 kr.** stgr.

**7.490 kr.** /18 mán.



**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mán. í 12 mán. fylgir.

**iPhone 6** 16GB

**124.990 kr.** stgr.

**7.590 kr.** /18 mán.




**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mán. í 3 mán. fylgir.

**LG G2**

**49.990 kr.** stgr.

**2.990 kr.** /18 mán.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

NOVA

## SPURNING DAGSINS



### Snærós, er þetta framtíðin?

**„Þetta er framtíðin, við erum framtíðin.“**

Snærós Axelsdóttir er nýkjörinn formaður nemendafélagsins Framtíðarinnar í MR en stúlka gegnir þar líka embætti Inspector Scholae.

Ágreiningur í borgarstjórn vegna breytinga á aðferðum við ráðningar æðstu skólastjórnenda:

# Samráð við foreldra við val á skólastjórum

**SKÓLAMÁL** Meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að setja á fót starfshóp um það hvernig auka megi samráð við foreldra varðandi meiriháttar ákvarðanir um skólahald.

Tillaga meirihlutans um þetta var breytingartillaga við tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að við ráðningu í stöðu skólastjóra og leikskólastjóra skuli gefa foreldrafélagi, skólaráði og foreldraráði kost á samráði um málið. Þessir aðilar gætu síðan mælt með ákveðnum umsækjanda eða bent á atriði sem æskilegt væri að leggja áherslu við ráðninguna.

Þar sem breytingartillaga meirihlutaflokkanna var samþykkt voru ekki greidd atkvæði um tillögu sjálfstæðismanna sem gagnrýndu þau vinnubrögð.

„Fulltrúar vinstri meirihlutans tala jafnan fjálglega um opnari stjórnsýslu og aukna aðkomu borgarbúa að ákvörðunum en treysta sér ekki til að samþykkja tillögur Sjálfstæðisflokksins um að auka aðkomu foreldra að skólamálum samkvæmt aðferðum sem eru þrautreyndar erlendis og hafa gefið góða raun,“ bókuðu sjálfstæðismenn.

Borgarfulltrúar meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lýsti fyrir sitt leyti yfir ánægju með að ráðningar skólastjórnenda yrðu framvegis á forræði fagsviðsins en ekki kjörinna fulltrúa „til að hafið sé yfir vafa að faglegt samanburðarmat á hæfni umsækjenda en ekki pólitísk sjónarmið ráði för“. - gar



**DAGUR B. EGGERTSSON** Borgarstjórinn ásamt meirihlutanum segist ánægður með að skólastjórar verði framvegis ráðnir faglega en ekki pólitískt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir SA fara með umboðið:

## Glundroði ef hver semur sér

**KJARAMÁL** Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir geta valdið glundroða ef einstök fyrirtæki semja við verkalýðsfélög fram hjá SA. Útilokað sé að samþykkja kröfur Starfsgreinasambandsins og sakar hann forystu þess um ábyrgðarleysi.



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

„Samningsumboð fyrirtækja sem eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins liggur hjá samtökunum nema þau séu þá með sérstaka þjónustuaðild,“ segir Þorsteinn. Ekki verði til lausnar á neinu ástandi að einstök fyrirtæki geri ólíka samninga. - hks

2,5% grænt vinnuafl:

## Fjárfestingar 24% grænar

**BORGARMÁL** Flokka má fjórðung af fjárfestingum borgarinnar sem grænar og að um 2,5% af öllu vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu séu í grænum atvinnugreinum. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um grænt hagkerfi í Reykjavík sem var kynnt á síðasta fundi borgarráðs.

Þar kemur fram að fjárhagslegt umfang fjárfestinga Reykjavíkurborgar er áætlað 7,3 milljarðar að meðaltali næstu fimm árin og eru grænar fjárfestingar þar af 1,8 milljarðar, eða 24%. Undir grænar fjárfestingar falla m.a. fjárfesting í opnum svæðum, viðhald gönguleiða og úrbætur á forgangsleiðum strætisvagna, endurnýjun sorpíláta og fleira. - shá

# Hefur búið á geðdeild í tvö ár

Ungur maður hefur búið á Kleppi í tvö ár eftir lok meðferðar vegna skorts á búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða. Tugur í viðbót býr á spítalanum að lokinni meðferð. „Alvarlegt,“ segir María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs.

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrettán einstaklingar á geðdeildum Landspítalans, sem hafa lokið meðferð og endurhæfingu, geta ekki útskrifast vegna þess að búsetuúrræði skortir. Verið er að nota Landspítalann eins og búsetuúrræði. „Enginn á að eiga heima á spítala, hvorki aldraðir né geðfatlaðir,“ segir María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs, en í Fréttablaðinu var í gær fjallað um þá 78 eldri borgara sem eru fastir á Landspítalanum vegna skorts á úrræðum.

Sá sem lengst hefur beðið á geðdeild eftir búsetuúrræði hefur beðið í tvö ár. Tíu hafa beðið á geðdeildum spítalans í meira en sex mánuði og nokkrir hafa beðið í skemmri tíma en sex mánuði. Meðalaldur þeirra sem bíða fastir á geðdeildum spítalans er 29 ára. Sá yngsti er 22 ára og sá elsti 46 ára.

María ræddi stöðu þessara sjúklinga á opnum fundi hjúkrunarráðs sem haldinn var þriðjudaginn 21. apríl. Á fundinum var rætt hreinskilnislega um bresti í heilbrigðiskerfinu, öryggisógn sem stafar af rúmanýtingu yfir æskilegu viðmiði og lakari þjónustu við sjúklinga vegna skorts á úrræðum í samfélaginu en það er á forræði sveitarfélaganna að útvega geðfötluðum búsetuúrræði.

„Það vantar heimili fyrir skjólstæðinga okkar. Þetta er ungt fólk sem um ræðir,“ sagði María og skýrði fyrirkomulag á geðsviði. „Innan geðsviðs er almenn endurhæfing, sérhæfð endurhæfing og endurhæfing af öryggisgeðdeild. Þá er starfrækt endurhæfingarmiðstöð fyrir ungt fólk í geðrofi. Á þessum deildum er hlutfall þeirra hátt sem hafa lokið meðferð en geta ekki útskrifast, 27% þeirra sem eru búnir í meðferð, bíða eftir frekari úrræðum. Þetta er alvarlegt mál og hefur miklar afleiðingar.“

Afleiðingarnar sem María greinir frá eru afleiðingar á líðan og bata þeirra geðfötluðu einstaklinga sem um ræðir og afleiðingar á flæði sjúklinga á geðsviði. Vegna þess að það er ekki hægt að útskrifa þetta fólk af geðdeildum spítalans fá þeir sem þurfa á innlögn að halda lakari þjónustu en ella. „Við erum að veita þeim sem þurfa innlögn lakari þjónustu, þetta þýðir líka að stundum eru ótímabærar útskriftir annarra sem veikjast. Það verður bakslag í líðan þeirra sem bíða og bíða, því þið getið ímyndað ykkur hvað gerist hjá þeim sem kemst ekki út af spítalanum. Oft sér maður það að fólk veikist aftur.Þetta er enginn smá tími sem við erum að tala um, sá sem hefur beðið lengst á geðspítalanum hefur búið þar í tvö ár.“

María bendir á að það sé virkilega erfitt fyrir einstakling, sem er að ljúka meðferð sem gengur út á aukna virkni í samfélaginu, að upplifa að hann kemst ekki út. „Það hefur vond áhrif á bata, leiðir til frekari veikinda auk þess sem það hefur vond áhrif á endurhæfingu annarra sjúklinga að sjá biðröðina út í samfélagið lengjast.“

kristjanabjorg@frettabladid.is



**UNGT FÓLK FAST Á GEÐDEILD** Þrettán geðfatlaðir einstaklingar geta ekki útskrifast af geðdeildum Landspítalans. Sá yngsti er 22 ára og sá elsti 46 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**„27% þeirra sem eru búnir í meðferð, bíða eftir frekari úrræðum. Þetta er alvarlegt mál og hefur miklar afleiðingar.**

*María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs.*




Lögregla bregst ekki nægjanlega við nýjum árásum að mati sérfræðinga:

# Aukin innbrot í vefmyndavélar

**ÖRYGGISMÁL** Eltihrellar og fjárkúgarar hakka sig í auknum mæli inn á vefmyndavélar Íslendinga. Sérfræðingur segir lögreglu ekki bregðast við. Íslendingar verða sífellt oftar fyrir barðinu á slíkum árásum.



**THEÓDÓR R. GÍSLASON**

Nokkur slík mál hafa komið upp á síðustu mánuðum í Reykjavík þar sem eltihrellar hafa komist inn á vefmyndavélar og brotist með þeim hætti inn í einkalíf fólks og tekið upp myndskeið.

Theodór Ragnar Gíslason, sérfræðingur í tölvuöryggismálum, segir innrás í heimilistölvu líkjast innbroti í hús einstaklinga. „Þegar brotist er inn í tölvu með þessum hætti þá er það ekkert ólíkt því þegar ráðist er inn á heimili fólks. Það er stolið upplýsingum, peningum, kreditkortaupplýsingum og í sumum tilvikum dýpstu leyndarmálum fólks.“

Dæmi eru um að einstaklingar hafi leitað til lögreglunnar en án árangurs. Theodór segir lögregluna ekki bregðast með nægjanlega sterkum hætti við málum sem þessum. „Lögreglan gerir ekkert, væntanlega vegna þess að hún hefur enga burði til að bregðast við slíkum atvikum,“ segir Theodór. - þká



**VIÐ SKJÁINN** Tölvuglæpir eru af ýmsum toga. Hér má sjá hakkaða vefsíðu Sameinuðu þjóðanna fyrir nokkru síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Gleðilegt sumar!

frábært **VERÐ**

ST. Ø244 SM.
ST. Ø426 SM.
ST. Ø305 SM.
ST. 305×457 SM.

STÆRÐ: Ø244 SM.
**24.990**

**TRAMPÓLÍN**
Góð trampólín í garðinn eða á pallinn. Fást í 4 stærðum.
Trampólín + öryggisnet Ø244 sm. **24.990**
Trampólín + öryggisnet Ø305 sm. **29.990**
Trampólín + öryggisnet Ø426 sm. **49.990**
Trampólín + öryggisnet B305 x L457 sm. **139.990**
Stigi **3.495** Vnr. 4702601, 4702602, 4702603, 4701620, 4701621

25% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.995
**1.495**
**HOPPUBOLTI**
Fáanlegur í nokkrum litum.
Vnr. T09000060

1 STK.
**149**
**SÁPUKÚLUR**
Frábært verð! Vnr. 6430200

**SÁPUKÚLU-SVERÐ**
Vnr. 1989400
1 STK.
**295**

1 STK.
**199**
**VATNSBYSSA**
Vnr. S34880190

**HÖFUÐ-KLÚTAR**
Mörg munstur.
Ein stærð.
Vnr.
550-51074
550-50013
ABUFF-01
VERÐ FRÁ:
**595**

41% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.695
**995**
**SAND-KASSA-SETT**
Vnr. 1971100

15 STK.
KRÍTARBOX
**199**
**KRÍTARBOX**
15 stk. saman í pakka.
Vnr. 1942810

**SOMMERDRIK DRYKKJAR-BRÚSI**
Fáanlegur í þremur litum.
Vnr.
1931910
1 BRÚSI
**399**

frábært **VERÐ**

GASGRILL
**24.990**
Þrýstijafnari
2.995
Vnr. 3742001

**CONSENZA GASGRILL**
Vandað gasgrill með 3 brennurum.
Hjól öðrumegin og 2 hliðarborð. Grillið er 10,5KW.
Stærð: B130 x L56 sm. x H106 sm. Vnr. 3742000

**GRILL-BURSTI**
Góður, langur grillbursti.
Nauðsyn-legur í sumar til að halda grillinu hreinu!
Vnr.
YL7150170
GRILLBURSTI
**289**

33% afsláttur
FULLT VERÐ: 2.995
**1.995**
**LEIKTJALD**
Flott leiktjald á frábæru verði! Fáanlegt í nokkrum mismunandi litum. Vnr. DV4100500

sparið 1000
**STÓLL**
Fæst í nokkrum litum. Vnr. DV4215040
FULLT VERÐ: 2.495
**1.495**

20% afsláttur
**BOLTAR**
Mikið úrval af flottum boltum.
Vnr.
043055090,
043061610,
043002040,
043061160,
043061210
NÚ VERÐ FRÁ:
**390**

4 STK.
20% afsláttur
FULLT VERÐ: 499
**399**
**BARNASÓLGLERAUGU**
Flott barnasólgleraugu 4 stk. saman í pakka. Vnr. 39040

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 23.04**

sparið 1000
**FROZEN OG TURTLES SPORTSKÓR**
Fást í stærðum: 22-32.
Vnr. RL-TURTLES, RL-FROZEN
FULLT VERÐ: 4.995
**3.995**

## SVONA ERUM VIÐ



**2.500** hús á Íslandi, eða svo, sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð samkvæmt lögum.

Sádi-Arabar hófu loftárásir að nýju á Jemen, stuttu eftir yfirlýsingu um að þeim væri lokið:

# Loftárásirnar skilja eftir sig gríðarlegt tjón

**JEMEN** Fáeinum klukkustundum eftir að Sádi-Arabía lýsti því yfir í gærmorgun, að loftárásum á uppreisnarmenn í Jemen væri hætt, þá hófust loftárásir að nýju á hafnarborgina Aden.

Fréttaskýrendur telja þetta þýða að dregið verði úr árásum, þótt ekki verði þeim hætt.

Loftárásirnar hófust fyrir mánuði og hafa að sögn Rauða krossins valdið gríðarlegu tjóni og mannlegum harmleik í landinu.

„Það hliðartjón sem orðið hefur á lífi og eignum almennra borgara af völdum bæði loftárásanna og bardaga á jörðu niðri er algjörlega skelfilegt, sérstaklega í borgunum Sana, Aden, Taíz og Marib,“ hefur Reuters-fréttastofan eftir Robert Mardini, yfirmanni Alþjóðanefndar Rauða krossins í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum.

Hann segir jafnframt að loftárásirnar hafi ekki skilað neinum þeim árangri, sem að var stefnt.

„Pólitísku vandamálin sem eru rótin að mörgum þeim átökum sem nú standa yfir í Jemen hafa ekki verið leyst. Ekki er neitt sjáanlegt sem bendir til þess að á næstu dögum muni draga úr átökum til frambúðar,“ segir hann. „Þetta á eftir að fara úr því að vera slæmt yfir í að versna enn frekar næstum því alls staðar í landinu.“ - gb



**SPRENGJULEIT** Jemenskir sprengjuleitarmenn tóku strax í gær til við að safna saman sprengjum og sprengjubúnaði í höfuðborginni Sana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Viðhaldsvinna fyrir dyrum í norska sendiráðinu:

# Asbesti skipt út fyrir bárujárn

**FRAMKVÆMDIR** Norska sendiráðið hefur fengið heimild byggingarfulltrúans í Reykjavík til að skipta út þakklæðningu úr asbesti fyrir bárujárn.

Þekkt er að í asbesti eru krabbameinsvaldandi efni. Hjalti Sigmundsson byggingatæknifræðingur, sem sendi inn umsókn sendiráðsins, segir enga hættu á ferðum þótt rífa eigi upp asbestið og fjarlægja.

„Það er ekkert að því að það sé asbest á þökum ef enginn hreyfir við því,“ segir Hjalti. „Það eru sérfræðingar sem vinna að þessu og hafa til þess tilskilin leyfi.“ - gar



**NORSKA SENDIRÁÐIÐ** Gamla þakið er á útleið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





Fjölbreytt úrval barnaleikfanga fyrir sumarið - á frábæru verði!

nettó Kræsingar & kostakjör | Gleðilegt sumar! www.netto.is




**BYRJAÐ UPP Á NÝTT** Allt Aurum-málið verður nú endurtekið í héraðsdómi þar sem dómsniðurstaðan hefur verið ómerkt vegna vanhæfis meðdómara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Aurum-mál fer aftur fyrir héraðsdóm

Hæstiréttur féllst í gær á að ómerkja héraðsdóm í Aurum-málinu svokallaða vegna ættartengsla og ummæla meðdómanda í málinu í fjölmiðlum. Sérstakur saksóknari segir niðurstöðuna fyrirsjáanlega. Verjandi segist ekki eiga til orð.

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur féllst í gær á ómerkingarkröfu ákæruvaldsins í Aurum-málinu svokallaða.

Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og krafðist þess að héraðsdómur yrði ómerktur sökum ættartengsla Sverris Ólafssonar, sérfróðs meðdómanda í Aurum-málinu, við Ólaf Ólafsson, sem var á dögunum sakfelldur í Hæstarétti fyrir hlutdeild í umboðssvikum í Al Thani-málinu, en þeir eru bræður.

Þetta þýðir að málið verður í heild sinni tekið aftur fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur, kalla þarf öll vitni fyrir að nýju og svo framvegis.

Í málinu voru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, Lárus Welding, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson sýknaðir af ákærum um umboðssvik og hlutdeild í þeim. Þeir voru ákærðir fyrir umboðssvik vegna sex milljarða króna láns sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. sem var í eigu Pálma Haraldssonar, vegna kaupa á félaginu Aurum Holdings Ltd.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Einn dómari málsins skilaði sératkvæði og taldi að sakfella ætti Lárus, Jón Ásgeir og Magnús Arnar.

Upp komst um ættartengslin í fjölmiðlum eftir uppkvaðningu héraðsdómsins. Aðspurður sagðist Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, ekki hafa vitað af ættartengslunum. Sverrir tjáði sig í kjölfarið í fjölmiðlum um að hann hefði upplýst dómsformanninn um skyldleikann og að hann tryði því ekki að saksóknari hefði ekki vitað af tengslunum.

Hæstiréttur taldi ummæli Sverris í fjölmiðlum gefa tilefni til að draga með réttu í efa að hann hefði verið óhlutdrægur í garð ákæruvaldsins fyrir uppkvaðningu héraðsdómsins.

Ólafur Þór segir í samtali við Fréttablaðið að niðurstaðan hafi verið fyrirsjáanleg. „Að sama skapi er það ekki gott þegar endanlegar niðurstöður í málum dragast á langinn. En það blasir núna við að málið fer aftur fyrir héraðsdóm og endurtaka þarf meðferðina þar,“ segir Ólafur Þór.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segist vonsvikinn. „Ég á satt að segja engin orð til að lýsa skoðun minni á þessari niðurstöðu. Það liggur fyrir í þessu máli að meðdómarinn stóð í þeirri trú og hafði til þess fulla ástæðu, að orð reyndasta sakadómara landsins, dómsformannsins í málinu, að sérstakur saksóknari væri bara ekki að skýra rétt frá þegar hann kannaðist ekki við að hafa vitað af þessum tengslum. Afleiðingin af þessu er að fjórir menn sem voru sýknaðir í héraði, og áttu von á að fá enda í sín mál á næstu mánuðum, verða að bíða enn eitt árið eftir niðurstöðu í málinu. Minn skjólstæðingur í þessu máli, Jón Ásgeir, er nú þegar búinn að hafa réttarstöðu sakbornings í á þrettánda ár. Mér finnst þetta vera orðið bara alveg til vansa,“ segir Gestur.

fanney@frettabladid.is

## Orð meðdómarans í fjölmiðlum



Í kvöldfréttum RÚV þann 9. júní 2014 var rætt við **Sverri Ólafsson**, meðdómara í Aurum-málinu, um ættartengsl hans og viðbrögð sérstaks saksóknara sem sagðist ekki hafa verið kunnugt um þau.

„Ég fór til dómarans, Guðjóns St. Marteinssonar, sagði honum frá tengslum mínum. Hann taldi að það væru ekki vandkvæði á því að ég tæki þetta að mér … Ég trúi því ekki í eina sekúndu að sérstakur saksóknari hafi ekki vitað af mínum tengslum strax í upphafi. Ef hann vissi ekki af mínum tengslum, þá ber það vott um afskaplega léleg og yfirborðskennd vinnubrögð. Mér finnst viðbrögð hans, sko, hæpin og mér finnst þetta bera vott um örvæntingarfullar og jafnvel óheiðarlegar aðgerðir. Og hann grípur til þeirra á erfiðum tímum þegar að trúverðugleiki hans stofnunar er eiginlega í molum,“ sagði Sverrir.

➜ Ekki liggur fyrir hvaða dómarar munu dæma í málinu fyrir héraðsdómi, aðeins einn upphaflegra dómara hefur verið talinn vanhæfur.


LYFJA – Lifið heil

www.lyfja.is

Fyrir þig í Lyfju




AlvoGenius DHA

**Gefðu barninu forskot - DHA fitusýrur fyrir barnsheilann.**

DHA er ein af Omega 3 fitusýrunum. Rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif DHA á vitsmunaþroska og athyglisgáfu barna ásamt bættri andlegri líðan mæðra. Fæst fyrir óléttar konur, konur sem stefna á þungun og börn frá þeim tíma sem þau fá fasta fæðu.




## STARFSTENGD HÆFNI

Inngangur að greiningu ferla og ferlastjórnun
Hefst 27. apríl

Verkefnastjórnun - verkefnisáætlun
Hefst 27. apríl

Námskeið um vottun jafnlaunakerfa
Hefst 28. apríl

Leikur og léttleiki í anda Fisksins
Snemmskráning til og með 3. maí

Markviss framsögn og tjáning
Hefst 5. maí

Mastering the Complex Sale.
Skills and Disciplines for Winning High-Stakes
Sales in a Complex and Evolving Market
Hefst 6. maí

## HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Áhrif náttúruefna og náttúrulyfja á lyf
Haldið 29. apríl

A Health Coaching Framework as a Tool
for Transforming Healthcare Practice
Snemmskráning til og með 3. maí

Lausasölulyf - upplýsingagjöf
Snemmskráning til og með 3. maí

## FJÁRMÁL OG REKSTUR

Excel - flóknari aðgerðir fyrir lengra komna
Snemmskráning til og með 26. apríl

Valuation and Financial Modeling
Haldið 6. maí

Behavioral Finance: The Role of Greed and Fear
in Financial Markets
Haldið 7. maí

## STJÓRNUN OG FORYSTA

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
Hefst 4. maí

Psychology & Policy: Moving forward
Snemmskráning til og með 8. maí

Leading Differently – The Power of a Purposeful Pause© Two Day,
Non-Residential Retreat
Snemmskráning til og með 5. júní

## PERSÓNULEG HÆFNI

Jarðgerð í heimagörðum
Snemmskráning til og með 24. apríl

Hreyfing og næring á efri árum - Lífsins elixír
Hefst 28. apríl

Mat- og kryddjurtaræktun í takmörkuðu rótarrými
Haldið 29. apríl

Gríptu sumarið með enn betri landslagsmyndum
Snemmskráning til og með 2. maí

Léttari garðvinna – viðhaldsminni uppbygging
og umhirða grænna svæða
Snemmskráning til og með 2. maí

Heimili og hönnun
Hefst 4. maí

## MENNING

Jöklar á Íslandi, eðli þeirra og saga, fegurð og fróðleikur
Hefst 28. apríl

**SNEMMSKRÁNING VEITIR AFSLÁTT OG LÝKUR TÍU DÖGUM ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

# LANGAR ÞIG Á NÁMSKEIÐ?

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR Á ENDURMENNTUN.IS
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFABRÉF AÐ UPPHÆÐ **30.000 KRÓNUR**

DRÖGUM ÚT EINU SINNI Í MÁNUÐI - STUNDUM OFTAR
ALLIR SEM ERU NÚ ÞEGAR Á PÓSTLISTANUM OKKAR ERU SJÁLFKRAFA KOMNIR Í POTTINN

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Oddvitar ósamstíga um afnámið

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir unnið að afnámi verðtryggingar. Bjarni Benediktsson segir að ekki standi til að afnema verðtryggingu. Oddvitarnir eru ósamstíga í þessu risastóra máli sem hefur áhrif á fjárhagsstöðu langflestra. Báðir hafa þó náð einhverju fram.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



Oddvitar ríkisstjórnarinnar eru ósammála um hvort unnið sé að afnámi verðtryggingar eða ekki. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði við Fréttablaðið á þriðjudag að unnið væri að frumvörpum um afnám verðtryggingar í fjármálaráðuneytinu og von væri á þeim fljótlega.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði hins vegar í Fréttablaðinu í gær að ekki stæði til að afnema verðtrygginguna, heldur að auka vægi óverðtryggðra lána. Til skoðunar væri að lengja lágmarkstíma verðtryggðra lána úr fimm í tíu ár og þrengja að 40 ára verðtryggðum jafngreiðslulánum og fara með þau niður í 25 ár.

Nú má vel vera að af stað fari umræða um að frumvörp Bjarna feli aðeins í sér fyrstu skrefin, enn standi til að afnema verðtrygginguna. Fjármálaráðherra var hins vegar býsna skýr um að ekki væri unnið að því. Spurningu um hvort þetta væri þá ekki afnám verðtryggingar svaraði hann neitandi.

**Fjármunur, ekki bita**

Og fjármálaráðherra fór nánar út í þá vinnu sem er í gangi og að ekki væri verið að afnema verðtryggingu. *Þú getur varla bannað verðtryggð lán?* „Nei. Í hvorugu tilvikinu erum við að ræða um það.“

Þetta rímar illa við eftirfarandi orðaskipti sem áttu sér stað á milli blaðamanns og forsætisráðherra á mánudag.

*Þið töluðuð um afnám verðtryggingarinnar fyrir síðustu kosningar og áréttuðuð það á flokksfundi ykkar síðast, er það ekki?* „Jú.“

*Hvernig hagar þeirri vinnu?* „Hún gengur eftir því sem ég kemst næst mjög vel. Það liggur fyrir formleg samþykkt í ríkisstjórn um næstu skref og nú er verið að vinna frumvörp í fjármálaráðuneytinu í samræmi við það.“

*Veistu hvenær er von á þeim?* „Ég treysti mér nú ekki til að fullyrða um það, en ég vona að við sjáum þau áður en langt um líður.“

*Á þessu þingi?* „Það væri auðvitað langbest, en ég veit ekki nákvæmlega hve mikið menn eiga eftir þar.“

Það er ljóst að hér er ekki aðeins blæbrigðamunur á ferð, ekki deilt um skref í átt að lokatakmarki, heldur beinlínis um hvort eigi að afnema verðtrygginguna. Það er því ekki þannig að það sé bitamunur en ekki fjár á afstöðu forsætis- og fjármálaráðherra, heldur einmitt andstaða þess, fjármunur en ekki bita, ef svo má að orði komast.

**Allir fá eitthvað**

Framsóknarflokkurinn lagði áherslu á það fyrir kosningar að afnema verðtryggingar á neyslulán. Miðað við orð fjármálaráðherra þá verður óheimilt að verðtryggja lán sem tekin eru til skemmri tíma en tíu ára. En Framsókn vildi meira, eins og fram kom í viðtali við Fréttablaðið 9. mars 2013.

„Framsóknarflokkurinn vill stofna nefnd sérfræðinga sem leiti leiða til að afnema verðtrygginguna. Sigmundur Davíð segir í sjálfu sér ekki flókið að afnema hana. Nefndin verði að skoða heildarmyndina því verðtryggingin haldist í hendur við margt annað,“ sagði í því viðtali.



16. mars 2013

18,8% treysta Bjarna Benediktssyni best til að leiða ríkisstjórn að loknum kosningum, samkvæmt könnun Fréttablaðsins sem gerð var í lok febrúar.

Munum lækka skatta og skuldir

Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur minnkað undanfarið og landsfundur flokksins breytti engu þar um. Fréttablaðið settist með Bjarna Benediktssyni formanni og fór yfir helstu stefnumálin í kosningabaráttunni, stöðu heimilanna, skatta og atvinnumál.



9. mars 2013

28% treysta Sigmundi Davíð best til að leiða ríkisstjórn, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í lok febrúar. Hann nýtur mests stuðnings allra stjórnmálamanna til þess.

Einfalt að afnema verðtryggingu

Leiðrétting skulda og afnám verðtryggingar eru stóru mál Framsóknarflokksins fyrir kosningarnar. Flokkurinn nýtur góðs fylgis í könnunum og er í uppsveiflu. Fréttablaðið fór yfir þessi mál með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni formanni.

Viku síðar, 16. mars 2013, var Bjarni Benediktsson í viðtali við Fréttablaðið. Þar sagði: „Sjálfstæðisflokkurinn vill gera atlögu að almennri notkun verðtryggingar í landinu og tryggja það að fólk hafi val um verðtryggð eða óverðtryggð lán. Bjarni segir það vera hlutverk stjórnvalda að endurskoða húsnæðislánamarkaðinn með það að markmiði að tryggja óverðtryggð lán sem valkost.“

Svo má velta fyrir sér hvort raunin verði að báðir flokkar nái sínu fram að hluta; verðtrygging verði óheimil á neyslulán en áfram við líði á lengri lán.

## Hvað var sagt?

**Kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins vorið 2013:**
„Valfrelsi lántakenda tryggt – verðtrygging verði ekki almenn regla. Allir eigi kost á sambærilegum óverðtryggðum lánum og tíðkast hjá nágrannaþjóðunum.“

**Kosningastefnuskrá Framsóknarflokksins vorið 2013:**
„Við viljum afnema verðtryggingu á neytendalánum. Fyrsta skrefið verði að setja þak á hækkun verðtryggingar neytendalána.“

**Fréttablaðið 16. mars 2013:**
„Sjálfstæðisflokkurinn vill gera atlögu að almennri notkun verðtryggingar í landinu og tryggja það að fólk hafi val um verðtryggð eða óverðtryggð lán. Bjarni segir það vera hlutverk stjórnvalda að endurskoða húsnæðislánamarkaðinn með það að markmiði að tryggja óverðtryggð lán sem valkost.“

**Fréttablaðið 9. mars 2013:**
„Framsóknarflokkurinn vill stofna nefnd sérfræðinga sem leiti leiða til að afnema verðtrygginguna. Sigmundur Davíð segir í sjálfu sér ekki flókið að afnema hana. Nefndin verði að skoða heildarmyndina því verðtryggingin haldist í hendur við margt annað.“

**Úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:**
„Æskilegt er að nýta það tækifæri sem gefst samhliða skuldaleiðréttingu til að breyta sem flestum verðtryggðum lánum í óverðtryggð.“





árfundur Samáls 2015

Þann 28. apríl heldur Samál ársfund sinn í Kaldalóni í Hörpu undir yfirskriftinni **Stoð í áli.**

Fjallað verður um stöðu og framtíð áliðnaðarins með áherslu á hringrásina frá framleiðslu til fjölbreyttrar notkunar og endurvinnslu. Samhliða ársfundinum verður sýning á stoðtækjum Össurar þar sem ál gegnir mikilvægu hlutverki.

Fundarstjóri er Ólafur Teitur Guðnason.

**Dagskrá**

**8:00 Morgunverður.**

**8:30 Ársfundur.**

**Sterkar stoðir** Ragnar Guðmundsson, stjórnarformaður Samáls og forstjóri Norðuráls.

**Ávarp** Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

**Stoðtæki úr áli** Bjarni Andrésson og María G. Sveinbjörnsdóttir, vöruhönnuðir hjá Össuri.

**Aerospace Aluminum – The Empire Strikes Back** Daniel Goodman, markaðsstjóri Alcoa í flugsamgöngum.

**Kolefnisfótspor áls – Ísland og umheimurinn**
Þröstur Guðmundsson PhD, framkvæmdastjóri álsviðs HRV.

**10:00 Kaffispjall að loknum fundi.**

**Skráning er öllum opin og fer fram á vef Samáls, samal.is.**

samál
SAMTÖK ÁLFRAMLEIÐENDA




# ÍSLENSK JARÐARBER GLEÐILEGT SUMAR!

Þótt sumarið sé ekki alltaf mjög sumarlegt er hægt að bragða á sumrinu hvenær sem maður vill með glænýjum íslenskum jarðarberjum.

Það er fátt huggulegra en að koma inn eftir góða útiveru, hella upp á og reiða fram dýrindis vöfflur með rjóma og ferskum jarðarberjum.
Eigðu alltaf smá bragð af sumrinu í ísskápnum.

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

islenskt.is





Mikil vanlíðan bankastarfsmanna sem ekki misstu vinnu strax í hruninu:

# Þeim sem héldu vinnu leið verr

**ATVINNUMÁL** Rannsókn á vegum Vinnueftirlitsins og Háskóla Íslands sýnir að starfsfólk fjármálastofnana sem hélt störfum í kjölfar bankahrunsins mat heilsu sína og vellíðan verri heldur en starfsfólk sem missti vinnuna sex mánuðum eftir hrunið.

Niðurstöðurnar voru birtar í vísindatímaritinu Work, Employment and Society, eins og greint er frá á vef Vinnueftirlitsins.

Niðurstöður sýndu að sá hópur sem mat heilsu sína og vellíðan besta voru þau sem hafði verið sagt upp en höfðu fengið nýja vinnu á þeim tíma sem rannsóknin fór fram.

Þeir sem héldu störfum mátu heilsu sína verri en þeir sem voru enn án atvinnu eftir uppsagnir. Sá hópur sem mat heilsu sína og vellíðan versta var sá sem hélt störfum og upplifði starf sitt ótryggt og bjóst við að geta misst starfið innan árs.



Þessi rannsókn sýnir að í kjölfar mikilla breytinga á vinnustöðum getur starfsumhverfi verið hlaðið streituvöldum eins og ótta við að missa starfið eða að starfskröfur hafa aukist, segir Vinnueftirlitið.

- shá



**KOMIN TIL ÍTALÍU** Hópur flóttafólks kominn til hafnar í Augusta á Sikiley eftir að hafa verið bjargað um borð í ítalskt herskip. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Milljónir þurfa hæli

**Sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna segir að á næstu fimm árum þurfi auðugri ríki heims að taka við milljón sýrlenskum flóttamönnum. Forsætisráðherra Ástralíu ráðleggur Evrópuríkjum hins vegar að senda öll flóttamannaskip til baka.**

**FLÓTTAFÓLK** Auðugu ríkin á norðurhveli jarðar þurfa að sameinast um að taka á móti milljón flóttamönnum frá Sýrlandi á næstu fimm árum. Þetta segir Francois Crépeau, sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna í mannréttindum flóttamanna.

Í viðtali við breska dagblaðið The Guardian segir Crépeau að þetta eigi að vera vel viðráðanlegt. „Fyrir lönd á borð við Bretland myndi þetta líklega þýða um það bil 14.000 Sýrlendingar á ári í fimm ár. Fyrir Kanada yrðu það innan við 9.000 manns á ári í fimm ár – sem er eins og dropi í hafið.“

Crépeau segir flóttamannastrauminn frá Sýrlandi, vegna borgarastyrjaldarinnar þar undanfarin fjögur ár, vera helstu rót hins sívaxandi straums flóttamanna til Evrópu.

Það sem af er þessu ári hafa meira en 1.750 manns drukknað í Miðjarðahafinu á mistraustum og yfirfullum bátum, sem sigla átti til ríkja Evrópusambandsins en hvolfdi áður en áfangastað var náð.

Evrópusambandið hefur sætt gagnrýni fyrir að hafa brugðist seint og illa við þessum vanda, en á mánudaginn ákváðu utanríkisráðherrar þess á fundi í Brussel að gera bragarbót.

Tony Abbott, forsætisráðherra Ástralíu, hvetur Evrópuríki reyndar til þess að fara að dæmi Ástralíu og senda alla flóttamannabáta jafnharðan til baka. Það sé eina leiðin til að koma í veg fyrir að flóttafólk drukkni í stórum stíl í Miðjarðarhafinu.

Ástralía hefur undanfarin ár tekið afar harkalega á flóttafólki. Öllum bátum er snúið við eða þeir dregnir til baka, en þegar því verður ekki viðkomið er flóttafólkið sent í einangrunarbúðir á eyjum í Kyrrahafinu. Ekkert þessa fólks fær neina von um að mega nokkurn tíma setjast að í Ástralíu sem flóttamaður. Þetta hefur haft þau áhrif að flóttamannastraumurinn á bátum til Ástralíu hefur nánast stöðvast.

Þessi ráðlegging ástralska forsætisráðherrans hefur ekki hlotið mikinn hljómgrunn meðal evrópskra ráðamanna.

Mikil óvissa ríkir enn um útfærslu Evrópusambandsins á þeim aðgerðum, sem samþykkt var að ráðast í á mánudaginn. Meðal annars var samþykkt að Ítalía og önnur Miðjarðarhafsríki yrðu ekki látin sitja ein uppi með vandann, heldur myndu önnur aðildarríki bjóðast til að taka við fleiri flóttamönnum.

gudsteinn@frettabladid.is

Lögregla hafði uppi á hryðjuverkamanni eftir að hann skaut sig óvart:

# Skipulagði hryðjuverk í París

**FRAKKLAND** Lögreglumenn í París hafa handtekið 24 ára mann sem grunaður er um að skipuleggja hryðjuverk í París. Bernard Cazeneuve, innanríkisráðherra Frakklands, greindi frá þessu í gær.

Maðurinn, Sid Ahmed Ghlam, var handtekinn í stúdentaíbúð í París eftir að hann hafði óvart skotið sjálfan sig og hringt á sjúkrabíl. Hann hefur einnig verið tekinn í yfirheyrslu vegna morðs á konu sem fannst látin síðastliðinn sunnudag. Konan, Aurelie Chatelain, var í heimsókn í París yfir helgina en hún fannst látin í bíl í úthverfi Parísar.

Á vettvangi fann lögregla nokkuð magn vopna og skothelt vesti auk áætlana þar sem hugsanleg skotmörk, nokkrar kirkjur í París, voru útlistuð. Þar voru einnig upplýsingar um tengilið mannsins í Íslamska ríkinu sem hafði ráðlagt honum að ráðast á kirkjur. Þá hefur leyniþjónustan í Frakklandi upplýsingar um að Ghlam hafi haft áhuga á að ferðast til Sýrlands til að berjast með íslömskum vígamönnum en hundruð Frakka hafa ferðast til Mið-Austurlanda til að berjast með Íslamska ríkinu.

- srs




**LÖGREGLAN Í PARÍS** Maðurinn var handtekinn í stúdentaíbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


DEBENHAMS
THE COLLECTION
DEBENHAMS
redherring
Gerðu lífið skemmtilegra
VERÐDÆMI:
Dömuskór
Verð áður: 6.900
Verð nú: 5.520
Herraskór
Verð áður: 14.810
Verð nú: 11.848
Dömuskór
Verð áður: 6.900
Verð nú: 5.520
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM
FRÁ RED HERRING
& COLLECTION
FYRIR DÖMUR & HERRA
GILDIR ÚT SUNNUDAG
NÝTT KORTATÍMABIL
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

# Eins og fangelsi að missa samninginn

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandra@frettabladid.is

Samningar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hafa ekki enn verið bundnir í lög sem úrræði fyrir fólk með fötlun. Samningarnir eru enn þá tilraunaverkefni en notendur segja himin og haf milli lífsins fyrir og eftir NPA.



**HALLGRÍMUR EYMUNDSSON** Maður fær fólk sem hefur áhuga á að vinna hjá manni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**RAGNAR EMIL HALLGRÍMSSON OG ALDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Það breytir miklu að geta sofið á nóttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KOLBRÚN DÖGG KRISTJÁNSDÓTTIR** Það er mikill munur að vera ekki alltaf kvíðin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Gat loksins farið á útihátíð

Nafn: **HALLGRÍMUR EYMUNDSSON**
Aldur: 37 ára
Starf: Tölvunarfræðingur, upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar
NPA-samningur: Allan sólarhringinn

Hallgrímur býr í Reykjavík og starfar sem tölvunarfræðingur. Hann þarf aðstoð við allar athafnir daglegs lífs. Hann segir NPA hafa gjörbreytt lífi sínu. „Maður getur farið hvert sem maður vill, hvenær sem maður vill án þess að vera háður öðrum.“ Honum finnst muna miklu að velja sjálfur það fólk sem aðstoðar hann. „Maður lenti alveg í starfsfólki áður sem kom illa fram. Það var mjög sjaldgæft en það setur mann í alveg rosalega vonda stöðu.“ Hallgrímur segist hafa verið heppinn með starfsfólk síðan hann fékk NPA. „Þá fær maður fólk sem hefur áhuga á að vinna hjá manni. Maður tekur sjálfur starfsmannaviðtöl við fólk sem vill vinna hjá manni en ekki hjá einhverju batteríi þar sem fólk er sent hingað og þangað til einhvers og einhvers.

Sumarið sem ég byrjaði með NPA þá fékk ég í afmælisgjöf miða á Bræðsluna á Borgarfirði eystri frá systkinum mínum. Þau vissu að ég væri að fara að fá þjónustu og nú gæti ég loksins farið eitthvað svona. Þarna um sumarið keyrði ég norður fyrir land og kom við í Skagafirði og hitti fjölskylduna. Ég hélt áfram austur og gisti í tjaldi á hátíðinni en ég hafði ekki gist í tjaldi síðan ég var pínulítill strákur. Að geta farið í svona ferðalag og farið á útihátíð á eigin vegum, þetta lýsir kannski að einhverju leyti frelsinu sem maður fær. Möguleikarnir eru gríðarlegir og tækifærin eru mjög mörg. Þú getur tekið þátt í samfélaginu á allt annan hátt en áður. Margir hverjir þurfa að læra smátt og smátt hvernig er að fá svona mikið frelsi eftir að hafa verið heftir í þjónustukerfinu.“

Hversdagslífið hefur líka orðið mun auðveldara fyrir Hallgrím. „Maður getur gert svo miklu meira en samt er lífið miklu afslappaðra. Maður þarf ekki að vera að spá í hvernig maður passar best inn í þjónustukerfið svo maður geti mögulega fengið aðstoð.“ Hallgrímur segir að það yrði gríðarlegt áfall ef hann fengi ekki samning áfram. „Þegar maður hefur fengið svona mikið frelsi þá væri það bara eins og að stinga manni aftur inn í fangelsi.“

## Maður er alltaf að berjast

Nafn: **RAGNAR EMIL HALLGRÍMSSON**
Aldur: 7 að verða 8 ára
Starf: Nemi í 2. bekk í Hraunavallaskóla
NPA-samningur: Allan sólarhringinn

Ragnar Emil býr í Hafnarfirði með mömmu sinni og pabba og tveimur systkinum. Mamma hans, Aldís Sigurðardóttir, er heimavinnandi til að sinna Ragnari þar sem NPA-samningurinn fullnægir ekki þörfum hans. „Við fengum samning með óbreyttum starfsmanni en hann þarf sérhæfðari þjónustu. Við borgum aukalega fyrir hjúkrunarfræðing sem er með honum að hluta til í skólanum, annars er ég alltaf heima með starfsmanninum,“ segir Aldís. „Það þarf einhver að vera til taks allan sólarhringinn. Það eru í raun bara þrír morgnar í viku sem við erum ekki saman.“

Aldís segir lífið hafa breyst mjög mikið eftir að Ragnar fékk NPA-samning. „Samningurinn hefur breytt öllu í okkar lífi. Nú þarf ég ekki að vaka yfir honum á nóttunni og það breytir miklu fyrir mig. Maðurinn minn gat farið að vinna fulla vinnu. Það sem skiptir samt mestu máli fyrir mig er að ég fæ að ala Ragnar Emil upp, hann getur verið heima hjá okkur.“ Áður en Ragnar Emil fékk NPA-þjónustu var hann heima hjá sér að mestu leyti en fór í skammtímavistun einu sinni í mánuði til að létta á álaginu fyrir fjölskylduna. „Mér fannst mjög erfitt að skilja hann eftir svo við börðumst fyrir því að fá samning, við fengum fyrst beingreiðslusamning sem voru bara nokkrir tímar á sólarhring. Það var svo árið 2012 sem hann fékk NPA. Ég get ekki hugsað mér að fara til baka, ég sé ekki fyrir mér hvernig það yrði.“ Hún bætir því við að hún vonist þó til þess að það verði skoðað að þau fái fjármagn fyrir hjúkrunarfræðingi. „Það stendur í samningnum um tilraunaverkefnið að þeir sem þurfi sérstaka aðstoð eigi að fá hana. Ragnar ætti að fá hjúkrunarfræðing en ég tók mér smá pásu frá þeirri baráttu, maður er alltaf að berjast. En ég ætla ekki að gefast upp.“

## Þetta er orðinn hluti af lífi mínu

Nafn: **KOLBRÚN DÖGG KRISTJÁNSDÓTTIR**
Aldur: 42 ára
Starf: Stundar mastersnám í fötlunarfræðum
NPA-samningur: 12 tímar á sólarhring

Kolbrún býr í Mosfellsbæ ásamt manni sínum og stundar nám við Háskóla Íslands. Hún fékk fyrsta NPA-samninginn 2012 þá með færri tíma á sólarhring, en þeim hefur núna fjölgað upp í 12.

„Aðstoðarfólkið mitt aðstoðar mig við allar athafnir daglegs lífs, bæði heima við, í náminu, við að sinna erindum eins og að fara út í búð og heimsækja vini,“ segir Kolbrún. Hún segir að himinn og haf sé milli lífsins fyrir og eftir NPA. „Maður fékk til dæmis bara aðstoð í bað einu sinni í viku, þú hefur ekki val um hver aðstoðar þig við persónulegar athafnir, þetta var bara algjör valdsvipting.“ Kolbrún hefur upplifað mikið frelsi eftir að hún fékk NPA-samning. „Ég gat allt í einu gert hluti sem aðrir telja sjálfsagða, eins og bara að fara niður á Laugaveg, fara í göngu 1. maí og taka þátt í Gay pride. Aðstoðin áður var bara bundin við heimilið. Helsta breytingin er að ég gert hlutina og það er ekkert tiltökumál, ég er ekki háð aðstoð fjölskyldu og vina.“

Kolbrún segir að það sé mikill munur að vera ekki alltaf kvíðin fyrir því að komast ekki á staði og taka þátt í hlutum eins og aðrir á jafnréttisgrundvelli. Hún segir að það hafi verið mikil viðbrigði fyrst eftir að hún fékk NPA-samninginn. „NPA hefur bætt bæði heilsu mína og líðan. Þegar þú er með heimahjúkrun þá þarft þú að beygja þig undir þjónustukerfið.

Maður er orðinn svolítið vanur að vera með NPA og ég er ekki eins mikið að pæla í fyrir og eftir eins og áður. Fyrst eftir að ég fékk samninginn var ég alltaf að taka myndir af mér að gera hitt og þetta sem ég gat ekki áður. Þetta voru hlutir sem flestum finnast sjálfsagðir eins og að fara á listasafn, versla sumarblóm eða fara út á land í ferðalag eða á ættarmót með fjölskyldunni.“ Kolbrún segir að það væri mannréttindabrot ef NPA yrði lagt niður. „Fjölskyldulífið myndi flosna upp, fjölskyldan yrði að aðstoða mig, ég yrði kannski að flytja á hjúkrunarheimili. En núna er ég bara að lifa mínu lífi eins og aðrir, NPA gerir mér kleift að halda áfram mínu námi og komast út á vinnumarkaðinn. Þetta er svo mikil breyting, þetta er orðinn hluti af lífi mínu.“




Sala á rafbílum á Íslandi orðin jákvæðari eftir afnám vörugjalda og virðisaukaskatts á rafbíla árið 2012:

# Norðmenn langfremstir í rafbílavæðingu

**STJÓRNSÝSLA** Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið ívilnunaráætlun norskra stjórnvalda grænt ljós um niðurfellingu virðisaukaskatts á rafbíla.

Í rökstuðningi eftirlitsstofnunarinnar kemur fram að framlag Noregs til baráttunnar gegn auknum útblæstri gróðurhúsalofttegunda sé til fyrirmyndar og skattalöggjöfin vel til þess fallin að bæta enn betur um. Fjöldi nýskráðra rafbíla í Noregi er hlutfallslega mestur í heiminum eða um 12 prósent en til samanburðar er það hlutfall 0,3 prósent í Evrópusambandinu.



ÖZUR LÁRUSSON

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, tekur undir það. „Norðmenn eru langfremstir í rafbílavæðingu bílaflotans. Þar eru langflestir rafbílar á mann og fleiri ívilnanir en annars staðar í heiminum.“

Þó svo að Norðmenn standi sig vel er löggjöf á Íslandi mjög góð hvað varðar hvata til fjárfestingar á rafbílum. Á Íslandi er ekki rukkaður virðisaukaskattur á rafbíla né vörugjöld. Þá greiða notendur heldur engin bifreiðagjöld né stöðumælagjöld. „Á Íslandi eru um 400 skráðir rafbílar sem kann að hljóma lítið en við verðum að hafa í huga að þetta er tiltölulega nýtt fyrirbæri hér á landi,“ segir Özur en hann bætir við að sala á rafbílum sé á uppleið enda séu þeir orðnir samkeppnishæfari en áður.

Virðisaukaskattur og vörugjöld á rafbíla voru felld niður á síðasta kjörtímabili en lög um niðurfellingu voru framlengd í desember í fyrra og munu gilda til eins árs. - srs



**FORSETINN Á RAFBÍL** Á Íslandi eru um 400 skráðir rafbílar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR JÓNASSON


ellingsen.is
MERIDA
Komdu og skoðaðu úrvalið!
SUMARGJÖFIN ER
MERIDA GÆÐAHJÓL
Opið 10-16 sumardaginn fyrsta!
ALLIR SEM KAUPA MERIDA-HJÓL ÚT MAÍ EIGA MÖGULEIKA Á ÞVÍ AÐ FÁ HJÓLIÐ
ENDURGREITT
Þú finnur öll hjólin okkar á ellingsen.is
Mikið úrval af aukahlutum!
MERIDA MTB24 MATTS
69.990 KR.
Léttgreiðslur 11.665 kr. í 6 mánuði
MERIDA BELLA 20
45.990 KR.
Léttgreiðslur 7.665 kr. í 6 mánuði
MERIDA DINO 16
29.990 KR.
Léttgreiðslur 4.998 kr. í 6 mánuði
MERIDA ÞRÍHJÓL
17.790 KR.
Léttgreiðslur 2.965 kr. í 6 mánuði
LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1
Sími 580 8500
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630
OPNUNARTÍMI
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Opið í dag 13-18

Sjáðu sumartilboðin á smaralind.is

**Frímiði** í klessubílana í Smáratívolí fylgir öllum barnamáltíðum á veitingastöðum í dag.

# Gleðilegt

## Skemmtun í dag kl. 14–16

Við fögnum sumardeginum fyrsta með skemmtun, uppákomum og glænýrri útgáfu af tímaritinu **Nude Magazine Smáralind.**

**Friðrik Dór tekur lagið kl. 15**

**Andlitsmálning og candyfloss í boði fyrir káta krakka**

**Bjarni töframaður sýnir töfrabrögð kl. 15.20**

**Hjólaskautagæjar frá Sirkus Íslands sýna listir sínar**




**Nældu þér í frítt eintak af Nude Magasine Smáralind**

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM




SMÁRALIND
Góða skemmtun

ÍSLENSKA SIA.IS SML 73921 04/15

ÞINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

AF ÞINGPÖLLUNUM
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

# Að hella olíu á eld – og bæta smá brennsluspritti við

Óháett er að segja að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hafi hleypt fjöri í þingstörfin í óundirbúnum fyrirspurnum í gær. Lengi vel minnti umræðan reyndar á fjölmiðlagagnrýni, þar sem forsætisráðherra tjáði sig um hverja fréttina á fætur annarri í Fréttablaðinu, en það var þó ekki það sem hleypti þingheimi upp. Svo mikil eru völd Fréttablaðsins ekki. Það voru ummæli hans um leka úr samráðshópi um afnám hafta sem ollu því að hver þingmaðurinn á fætur öðrum sté í pontu undir liðnum fundarstjórn forseta. Og ekki vantaði gífuryrðin.

Havaríið átti upptök sín í svari Sigmundar Davíðs við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur, þingmanns Pírata, um afnám verðtryggingar og fleiri stjórnaraðgerðir. Birgitta var reyndar ekki sú eina sem spurði út í þessi atriði, en margir þingmenn kvörtuðu yfir samráðsleysi þegar kæmi að stórum málum, eins og afnámi hafta. Og þá byrjaði ballið. Forsætisráðherra útskýrði meint samráðsleysi við stjórnarandstöðuna um haftaafnám:

„Jafnframt er mikilvægt að upplýsa fulltrúa flokkanna eins og nokkur kostur er um gang mála, en þegar menn lenda í því að upplýsingar leka út af fundi, að því er virðist úr nokkrum áttum, og menn jafnvel rjúka í viðtöl til að túlka hlutina á eigin hátt, þá hljóta menn að taka tillit til þess í framhaldinu. Og hér sé ég að háttvirtur þingmaður Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, biður um að fá að ræða fundarstjórn forseta og það kemur mér ekki á óvart í þessu tilviki.“

Og þar með varð allt vitlaust og stjórnarandstaðan lýsti því yfir að til lítils væri að eiga samráð við ríkisstjórnina.

Sigmundur Davíð hefur það til síns máls að eftir fund samráðshópsins í desember kvartaði formaður hans undan leka. Það er hins vegar spurning hversu taktískt þetta var í þeirri stöðu sem nú er uppi á þinginu og það veltur á samningum við stjórnarandstöðuna að klára þingið.



**→ Forsætisráðherra** hleypti öllu í uppnám á þingi í gær. Stjórnarandstaðan gæti orðið tregari til samninga.

## GJALLARHORNIÐ



**Guðlaugur Þór Þórðarson**
**Um fall bankanna**

„Ég vildi vekja athygli því að dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson birtir grein í Morgunblaðinu í dag þar sem hann fer yfir stórmál, það hvert tap þrotabúanna og íslenska ríkisins hefur verið eftir framgöngu erlendra þjóða í kjölfar bankahrunsins.



**Kristján L. Möller**
**um Reykjavíkurflugvöll og framkvæmdir við Hlíðarenda**

„Virðulegi forseti. Með því að fara svona yfir þetta sjáum við að það eiga allir sína sögu. Það sem ég ætla að segja í lokin er að ég harma það mjög að ríkisvaldið, sem er eigandi að helmingnum af landinu þar sem Reykjavíkurflugvöllur er, skuli ekki hafa kannað það að setja lögbann á þá framkvæmd sem hafin er þar meðan Rögnunefndin er að störfum.



**Vigdís Hauksdóttir**
**Um Reykjavíkurflugvöll og framkvæmdir við Hlíðarenda**

„[...] Valsmenn fóru af stað með það rót sem nú birtist á Hlíðarenda þannig að það er algjörlega búið að hunsa þetta sem fram hefur komið. Síðastliðinn desember var vísað bréfi til Samgöngustofu þar sem þess var farið á leit að Samgöngustofa myndi úrskurða. Það hefur enn ekki orðið að veruleika, virðulegi forseti. Nú eru 16 mánuðir liðnir frá því að þessi hringur um flugvöllinn í Vatnsmýrinni hófst. Ég spyr: Hvaða sleifarlag er í gangi og hvernig stjórnsýslu búum við við?

# Fjöldi bíður fyrstu umræðu

**Alþingismenn ræddu þjóðfánann og grænar baunir á þriðjudag. Þingmenn setja spurningarmerki við forgangsröðun. Enn á eftir að mæla fyrir 23 stjórnarmálum. Verður handleggur að ljúka þessu, segir fjármálaráðherra.**

Gildi þjóðfánans og grænar baunir í dós frá Ora. Um þetta ræddu alþingismenn á þingfundi á þriðjudag. Vel kann að vera að einhverjum þyki þetta léttvægt umræðuefni í þeirri stöðu sem nú er uppi í þjóðfélaginu. Það gleymist þó oft í umræðunni um störf þingmanna að þeir þurfa líka að gefa sér tíma til að sinna málum sem ekki eru upp á líf og dauða. Starf þingmanna á ekki að vera eintóm krísustjórnun. Fjölmargir heimildarmenn Fréttablaðsins í hópi þingmanna hafa þó sett spurningarmerki við forgangsröðunina.

Eins og sjá má á listanum hér til hliðar eru ýmis stórmál á dagskránni. Mikið hefur verið rætt um húsnæðisfrumvörp félagsmálaráðherra, en enn er beðið tveggja þingmála ráðherra í þeim málaflokki.

Ekki má nefnilega gleyma því að ekki er búið að loka fyrir að ný mál komi á dagskrá, þótt framlagningarfrestur sé útrunninn. Leita þarf afbrigða til að hleypa málum á dagskrá, en þau eru oftar en ekki auðfengin.

Mikið hefur til að mynda verið rætt um verðtrygginguna og hvernig verður dregið úr vægi hennar. Ekki er annað að skilja á Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra að staðan á þinginu bjóði ekki upp á svo stórt mál fyrir þingfrestun.

„Ég skal ekki fullyrða um það hvort við komum því að á þessu þingi, enda á svo sem enn eftir að mæla fyrir um tuttugu málum í fyrstu umræðu á þessu þingi. Það verður handleggur að ljúka þinginu, þó að við séum ekki að bæta á nýju máli.“

En býst Bjarni við að hægt verði að ljúka þeim málum sem þegar eru komin fram?

„Já, við höfum svo oft staðið frammi fyrir því að það séu allt að 100 mál óafgreidd þegar það er jafnvel vika, tíu dagar eftir af þingstörfum. Já, já, ég held að við munum ljúka öllum okkar mikilvægustu málum.“



**ÞINGAÐ** Prettán þingfundadagar eru eftir samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, hefur lagt ríka áherslu á að hún haldi. Samkvæmt henni verður þingfrestun 29. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eins og Bjarni segir þarf fjöldi mála ekki að þýða að ekki takist að afgreiða þau. Þegar samkomulag næst við stjórnarandstöðuna verða málin afgreidd á færibandi, það er venjan. Staðan nú gefur stjórnarandstöðunni hins vegar meira vald yfir því hvaða mál fara í gegn. Og það segir sig sjálft að minni málahraði getur komið niður á fagmennsku.

Þarnæsta vika er nefndavika. Því ríður á að afgreiða sem flest mál til nefndar fyrir þann tíma svo nefndirnar hafi úr einhverju að moða. Næsta vika verður annasöm á Alþingi.

kolbeinn@frettabladid.is

## MÁL SEM EFTIR Á AÐ MÆLA FYRIR



**Forsætisráðherra**
**Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.** *Nýting landsréttinda, óbyggðanefnd o.fl.*



**Utanríkisráðherra**
**Framkvæmd samnings um klasasprengjur.** *Heildarlög.*



**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**
**Byggðaáætlun og sóknaráætlanir.** *Heildarlög.*
**Dýrasjúkdómar og varnir gegn þeim.** *Leyfisveitingar og EES-reglur.*
**Framleiðsla, verðlagning og sala búvöru o.fl.** *Umsjón og útgreiðsla beingreiðslna.*
**Innflutningur dýra.** *Erfðaefni holdanautgripa.*



**Félags- og húsnæðismálaráðherra**
**Húsaleigulög.** *Réttarstaða leigjenda og leigusala.*
**Húsnæðissamvinnufélög.** *Réttarstaða búseturéttarhafa og rekstur húsnæðissamvinnufélaga.*



**Innanríkisráðherra**
**Dómstólar.** *Fjöldi hæstaréttardómara.*
**Lögræðislög.** *Réttindi fatlaðs fólks, svipting lögræðis o.fl.*
**Meðferð einkamála o.fl.** *Aukin skilvirkni, einfaldari reglur.*
**Norðurlandasamningur um erfðir og skipti á dánarbúum.**
**Samgöngustofa og loftferðir.** *Gjaldskrárheimildir og EES-reglur.*
**Siglingalög.** *Bótaábyrgð farsala o.fl., EES-reglur.*
**Almannavarnir o.fl.** *Valdheimildir stjórnvalda o.fl.*
**Tekjustofnar sveitarfélaga.** *Sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði.*
**Vopnalög.** *Skoteldar, EES-reglur.*



**Mennta- og menningarmálaráðherra**
**Höfundalög.** *EES-reglur, munaðarlaus verk.*
**Höfundalög.** *EES-reglur, lengri verndartími hljóðrita.*
**Höfundalög.** *Einkaréttindi höfunda, samningskvaðir o.fl., EES-reglur.*



**Heilbrigðisráðherra**
**Lyfjalög.** *Lyfjagát, EES-reglur.*
**Sjúkratryggingar og lyfjalög.** *Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri, EES-reglur)*
**Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.** *Heildarlög.*



## → Fjölgun dómara í Hæstarétti

**Frumvarp Ólafar Nordal**

Frumvarp Ólafar Nordal innanríkisráðherra um breytingu á lögum um dómstóla er komið fram, en ekki er búið að mæla fyrir því og það er ekki komið á dagskrá þingsins. Samkvæmt því á að fjölga dómurum við Hæstarétt Íslands tímabundið um einn frá og með 1. september.

„Er með þessum tillögum brugðist við því mikla álagi sem enn er á réttinum,“ segir í athugasemdum við lagafrumvarpið. Fjölgunin á að vera frá og með 1. september og á að falla niður 31. desember 2016.



## → Tvö af fjórum komin fram

**Frumvörp Eyglóar Harðardóttur**

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur lagt fram tvö frumvörp um húsnæðismál. Annars vegar frumvarp um húsaleigulög og hins vegar frumvarp um húsnæðissamvinnufélög. Boðað frumvarp um húsnæðisbætur og frumvarp til laga um húsnæðismál er hvorugt komið fram.

Heimildarmenn Fréttablaðsins sögðu margir hverjir að óhægt væri um vik að ræða aðeins tvö frumvörp af fjórum. Þau mynduðu heildarmynd um endurskoðun húsnæðiskerfisins.



## → Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

**Frumvarp Kristjáns Júlíussonar**

Eitt frumvarpa Kristjáns Júlíussonar heilbrigðisráðherra sem bíða fyrstu umræðu fjallar um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Um gríðarlega viðkvæmt mál er að ræða sem vekur upp miklar tilfinningar í samfélaginu, enda hefur orðið mikil umræða um málið.

Samkvæmt frumvarpinu er staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni aðeins heimil við ákveðnar aðstæður. Líkt og áður segir er málið umdeilt og við því má búast að þingmenn muni vilja ræða málið í þaula.

# Sumardagurinn fyrsti 23. apríl 2015



## Hverfahátíðir

### Árbær

9.00 – 11.00 Frítt í Árbæjarlaug
9.00 – 10.00 Sundlaugapóló með sunddeild Ármanns – allir með
10.00 Sundzumba í boði Árbæjarþreks
11.00 Skrúðganga frá Árbæjarlaug að Árbæjarkirkju um Fylkisveg og Rofabæ
11.30 Sumarfögnuður í Árbæjarkirkju - Helgistund
Skátasöngur
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leikur nokkur lög
12.00 – 14.00 Sumarhátíð á Árbæjartorgi
Skemmtiatriði í Árseli
- Þrautir og leikir í íþróttasal Árbæjarskóla
- Unglingahljómsveit Tíunar
- Sýning á stuttmyndum
- Myndlist barna á frístundaheimilum
- Andlitsmálun
- Áritað á Árbæjartorg
- Hoppukastalar
- Veitingasala

14.00 – 16.00 Skátar úti og inn – Hraunbær 123
Hjá skátafélaginu Árbúum verður hægt að fara í póstaleik og grilla útilegubrauð
Kandífloss, kökur og kaffi

### Breiðholt

13.30 Skrúðganga með lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts og skátafélaginu Segli. Gengið frá Þinni verslun Seljabraut að tjörninni við Hólmasel
14.00 - 16.00 Andlitsmálning, hoppukastalar, grillaðar pylsur, skemmtiatriði í Hólmaseli og júdó kynning frá ÍR
14.00 Sigurvegarar Breiðholt got talent 13-16 ára
14.20 Sigurvegarar Breiðholts got talent 6-9 ára
14.30 Lína Langsokkur

### Grafarvogur

11.30 Skrúðganga frá Spöng að Rimaskóla. Hljóðfæraleikarar úr skólahljómsveit Grafarvogs leiða gönguna ásamt skátum í Hamri
11.45 Skemmtun í og við Rimaskóla
- Agla Bríet úr Ísland Got Talent syngur
- Nemendur Tónlistarskóla Grafarvogs spila
- Danssýning ungmenna frá Dansstúdíói World Class
- Skemmtiatriði frá félagsmiðstöðvum Gufunesbæjar
- Lína langsokkur kemur í heimsókn
- Bríet Ísis úr Ísland Got Talent syngur
- Kynning á sumarstarfi Gufunesbæjar, Fjölnis, Útilífsskóla skátanna og Íshokkídeild Bjarnarins
- Leiktæki, hoppukastalar, veitingasala og andlitsmálun

14.00 Sumarskákmót Fjölnis í hátíðarsal Rimaskóla

### Grafarholt

08.00 – 12.00 Knattspyrnuhátíð á íþróttasvæði Fram í Úlfarsárdal
10.00 Framhlaupið – skráning hefst kl. 9.30. Hlaupið verður frá íþróttaaðstöðu Fram í Úlfarsárdal, 3 km. – 5 km.
3 flokkar; börn, unglingar og fullorðnir
Knattspyrnumót yngstu barna í 8. flokki
Skottsala 3. og 4. flokks
Veitingasala
11.00 Dýrablessun í Guðríðarkirkju
12.30 Skrúðganga með lúðrasveit Grafarvogs og Grafarholts í broddi fylkingar leggur af stað frá Sæmundarskóla
13.00 Helgistund í Guðríðarkirkju
13.30 Sumardagurinn fyrsti – skemmtun úti og inni
- Bingó og kaffisala knattspyrnudeildar Fram í Ingunnarskóla
- Hoppukastalar
- Bókamarkaður í Guðríðarkirkju
- Kökubasar leikskólakennara Maríuborgar
- Grillaðar pylsur í boði Guðríðarkirkju
- Leiktæki á svæðinu
- Krítað á kirkjustétt
- Ingó og Veðurguðirnir

### Bústaðir

12.00 Grillað í Grímsbæ með Víkingum og 10-11
13.00 Skrúðganga frá Grímsbæ í Bústaðakirkju undir taktföstum tónum skólahljómsveitar Austurbæjar
13.20 Dagskrá í Bústaðakirkju
- Kórar Bústaðakirkju
- Söngatriði frá félagsmiðstöðinni Bústöðum
- Línudans úr Hæðargarði

14.00 - 16.00 Gengið í Víkina
- Afmælishlaup Víkings hefst kl. 14.00
- Hoppukastalar
- Andlitsmálun
- Svifbraut skátanna
- Kökur og kaffi í boði Víkinga
- Myndlistarsýning leikskólabarna
- Söngatriði úr Neðstalandi, Fossvogsskóla og Bústöðum
- Gjörningur frá Gallery unglambi

### Háaleiti

11.00 – 13.00 Dagskrá í Kringlumýri Safamýri 28
- Hoppukastali
- Ævar vísindamaður
- Andlitsmálning
- Skemmtiatriði frá frístundarheimilinu Álftabæ
- Sipp, krítar og boltar
- Léttar veitingar

### Laugardalur

11.00 – 13.00 Dagskrá í Dalheimum Laugardal (Holtavegi 32)
- Frisbí-golf
- Andlitsmálning
- Kassaklifur og útieldun í samstarfi við skátana
- Skylmingar í skóginum
- Kjötsúpa, heitt kakó og kleinur

### Miðborg og Hlíðar

13.00 - 15.00 Sumarhátíð á Klambratúni við Kjarvalstaði
- Slökkviliðið mætir á staðinn
- Hoppukastalar
- Dansskóli Jóns Péturs og Köru sýna dans
- Skátar í Landnemum verða á staðnum
- Leikir og alls konar skemmtun

### Vesturbær

09.30 - 10.30 Bjartsýnisbusl í Vesturbæjarlaug
11.00 Skrúðganga frá Melaskóla að Frostaskjóli
Lúðrasveit Reykjavíkur og Ægisbúar leiða gönguna
11.15 - 12.30 Fjölskylduhátíð við Frostaskjól
- Hjólaleikfélagið setur upp þrautabraut og sýnir hjólaleikni
- Dr. Bike býður upp á hjólaskoðun
- Sara Ísabel Gunnlaugsdóttir, sigurvegari hæfileikakeppni Tíu12 í Frostaskjóli, flytur lag
- Friðrik Dór tekur lagið
- Blaðrarinn - blöðrur í ýmsum fígúruformum
- Ída Margrét Stefánsdóttir, Þorsteinn Bragi Gíslason, Ásdís Þóra Ágústsdóttir úr Tíu12 starfi Frostaskjóls syngja frumsamið lag
- Trúðurinn Coco skemmtir
- Halla Sigríður Ragnarsdóttir, sigurvegari Rófunnar, söngkeppni félagsmiðstöðvarinnar Frosta, flytur lag ásamt Steina Þorkelssyni gítarleikara
- Hoppukastalar, þrautabrautir, veitingar, kandífloss og kassaleikur

**Skoðaðu einnig fjölbreytta dagskrá Barnamenningarhátíðar á www.barnamenningarhatid.is**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
www.reykjavik.is

Segja rangfærslur í ályktun:

## VÍ ósátt við Samfylkinguna

Viðskiptaráð Íslands telur að ályktun sem þingflokkur Samfylkingarinnar sendi frá sér í fyrradag vegna kjaraviðræðna sé full af rangfærslum.

Segir Viðskiptaráð að ályktunin sé til þess fallin að afvegaleiða umræðuna um kjaramál. Til að mynda segir Viðskiptaráð að jöfnuður tekna hafi aukist en ekki minnkað. Þetta sýni Gini-stuðullinn, sem mælir samþjöppun tekna. Hann hafi lækkað á árunum 2009 til 2013. -jhh

Framleiðsla á flugvélum fyrir borgaralegt flug eykst og hagur Boeing-framleiðandans verður betri:

# Hagnaður Boeing jókst um tæp 38 prósent

Hagnaður Boeing-flugvélaframleiðandans jókst um 38 prósent á fyrsta fjórðungi. Nam hagnaðurinn 1,34 milljörðum dala, eða sem samsvarar 184 milljörðum króna, á fyrsta fjórðungi.

Ástæðan er fyrst og fremst aukin framleiðsla flugvéla sem notaðar eru í borgaralegt flug, segir fréttastofa BBC.

Boeing framleiddi 184 flugvélar á fjórðungnum og jókst framleiðslan um 14 prósent frá sama tímabili árið áður.

Heildartekjur á fjórðungnum jukust um 8 prósent og námu um 3.000 milljörðum króna. Tekjur af smíði borgaralegra flugvéla jukust um átta prósent. Niðurskurður Bandaríkjamanna til varnarmála varð hins vegar til þess að draga úr tekjum vegna flugvéla sem notaðar eru í hernaði.

Boeing býst við því að heildartekjur yfir árið verði í kringum 13 þúsund milljarðar króna. Búist er við því að framleiddar verði milli 750 og 755 borgaralegar flugvélar

**184** milljarða króna hagnaður var á rekstri Boeing.

á þessu ári og tekjurnar af þeim verði í kringum 9 þúsund milljarðar króna.

„Góð rekstrar- og fjárhagsstaða styrkir getu okkar til þess að skila hluthöfum okkar arði á sama tíma og við fjárfestum í tækni og mannauði," hefur BBC eftir Jim McNerney, stjórnarformanni Boeing. - jhh



**BOEING 787-9** Þetta er líkan af Boeing-vél í litum R2-D2 vélmennisins úr Star Wars. NORDICPHOTOS/AFP



**SKRIFAÐ UNDIR** Samningurinn um lóðarleigu var undirritaður í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hefja framkvæmdir í haust:

## Borgin semur við Silicor

Fulltrúar Faxaflóahafna og bandaríska iðnfyrirtækisins Silicor Materials undirrituðu í gær samninga um lóð, lóðarleigu og afnot af höfn vegna fyrirhugaðrar sólarkísilverksmiðju á Grundartanga.

Theresa Jester forstjóri og Gísli Gíslason hafnarstjóri undirrituðu fyrir hönd Silicor og Faxaflóahafna. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, vottuðu undirritunina.

Stefnt er á að hefja framkvæmdir haustið 2015 og framleiðslu á síðari hluta árs 2017. Áætlað er að um 450 manns starfi á Grundartanga á vegum Silicor. - jhh

Stjórn bregst við gagnrýni:

## Afsala sér hækkun launa

Stjórnarmenn í Vátryggingafélagi Íslands hafa ákveðið að afsala sér hækkun stjórnarlauna. Á aðalfundi í mars síðastliðnum samþykktu hluthafar að hækka mánaðarleg laun stjórnarmanna um 75% þannig að stjórnarmönnum yrðu greiddar 350 þúsund krónur á mánuði og laun stjórnarformanns yrðu hækkuð um 50 prósent svo honum yrðu greiddar 600 þúsund krónur á mánuði.

Eftir ákvörðunina verða laun stjórnarmanna 200 þúsund krónur á mánuði og laun stjórnarformanns 400 þúsund krónur á mánuði.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands bendir VÍS á að samhliða hækkun mánaðarlegra launa hafi greiðslum fyrir aukalega stjórnarfundi hætt. - ih

Verslunarmenn stefna í hart:

## Telja SA sýna lítinn áhuga

Landssamband íslenskra verzlunarmanna (LÍV) er óánægt með þann seinagang sem verið hefur í kjaraviðræðum.

Telur sambandið að Samtök atvinnulífsins sýni lítinn vilja til þess að ná ásættanlegri niðurstöðu.

„Það er því nokkuð ljóst að til tíðinda muni draga innan skamms og að félög innan LÍV muni leita eftir heimildum til aðgerða til þess að bregðast við. Ákveðið var að hvert félag myndi hefja vinnu við undirbúning aðgerða," segir í ályktun formannafundar LÍV. - jhh

# Skuldir heimilanna lækka

Skuldir heimila lækkuðu um tæplega 10 prósent af vergri landsframleiðslu í fyrra. Þetta er mesta lækkun frá upphafi fjármálaáfallsins. Einu þjóðirnar þar sem skuldir heimilanna hafa minnkað eru Írland og Ísland.

Skuldir heimila námu rúmlega 90,5 prósentum af landsframleiðslu í árslok 2014. Að raunvirði lækkuðu skuldir heimila um 1,5 prósent á liðnu ári. Í hlutfalli af landsframleiðslu lækkuðu þær um tæplega 10 prósent á árinu. Til samanburðar lækkuðu skuldir heimila um 5 prósent árið 2013 og 3,5 prósent árið 2012. Þetta kemur fram í ritinu Fjármálastöðugleiki sem Seðlabankinn gaf út í gær.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Sigríður Benediktsdóttir, forstöðumaður fjármálastöðugleika Seðlabankans, kynntu ritið í gær.

„Það er mesta lækkun á skuldum heimila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu frá því að fjármalaáfallið hófst," sagði Sigríður Benediktsdóttir á fundinum. Sigríður benti á að í alþjóðlegum samanburði hefðu skuldir heimila hækkað upp úr öllu valdi en væru teknar að lækka aftur mjög hratt. „Einu þjóðirnar þar sem heimili hafa verið að minnka skuldsetningu sína eru í raun Írland og Ísland. Önnur heimili hafa í raun verið að auka skuldsetningu," sagði Sigríður.

Í skýrslunni er bent á að skuldir hafi ekki verið lægri síðan 2004 sé tekið mið af landsframleiðslu. Lækkun á hlutfallinu megi bæði rekja til lækkunar á nafnvirði skulda og aukinnar landsframleiðslu. Lækkun á nafnvirði skulda megi síðan bæði rekja til lítillar verðbólgu á síðasta ári og aðgerða stjórnvalda um niðurfærslu verðtryggðra lána.

Sigríður sagði að langtímaáhrif skuldaniðurfærslu ríkisstjórnarinnar á verðtryggðum lánum væru óljós. „Þau eru öll háð því í hvaða mæli heimilin munu taka ný lán gegn því aukna svigrúmi sem þarna myndast. Við þurfum að bíða aðeins lengur áður en stóri dómur fellur varðandi það hver skuldsetning heimila verður í framtíðinni," sagði hún.

Sigríður benti einnig á að hrein eign heimila, sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, hefði aldrei verið meiri en í lok síðasta árs. Hrein eign heimila var þá 505 prósent af ráðstöfunartekjum en þetta hlutfall var 380 prósent í lok árs 2008.

jonhakon@frettabladid.is



**STAÐAN KYNNT** Már Guðmundsson og Sigríður Benediktsdóttir kynntu skýrsluna. Seðlabankastjóri segir að staða stóru viðskiptabankanna sé sterk. Þegar dýpra er kafað sé myndin hins vegar ekki eins björt og virðist við fyrstu sýn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Yfir 5.000 sótt um greiðsluaðlögun

5.440 einstaklingar höfðu sótt um greiðsluaðlögun í lok febrúar síðastliðins. Þar af voru 75 umsóknir í vinnslu innan embættisins, 282 í vinnslu hjá umsjónarmönnum og búið að loka 5.083 umsóknum. Af þeim hefur um 2.682 umsóknum verið lokað með frjálsum samningum. Greiðsluaðlögunartímabil þessara frjálsu samninga hefur verið að styttast en það var að meðaltali 20 mánuðir árið 2011 en var á síðasta ári 14 mánuðir. Að jafnaði er eftirgjöf samningskrafna um 88 prósent en um er að ræða ótryggðar kröfur.

### LÁN EFTIR LÁNAFLOKKUM SEM HLUTFALL AF VERGRI LANDSFRAMLEIÐSLU 2004–2014




Greining Arion segir mikilvægt að eignir lífeyrissjóða aukist vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar:

# Eignir lífeyrissjóðanna ríflega tvöfaldast

Eignir lífeyrissjóðanna hafa ríflega tvöfaldast frá aldamótum og námu um 3.000 milljörðum króna síðastliðin áramót. Það er ríflega ein og hálf landsframleiðsla. Þetta kom fram í Markaðspunktum Arion banka sem komu út í gær.

Greining Arion banka telur að staða íslenska lífeyrissjóða sé á heildina litið nokkuð sterk. Hrein raunávöxtun þeirra hafi farið batnandi síðustu ár eftir að hafa verið innan við 1% á árunum 2007 og 2009 og neikvæð um 22% árið 2008. Á árunum 2010-2011 var ávöxtunin komin yfir 2% og upp í 7,3% árið 2012.

Á árinu 2014 er áætlað að raunávöxtunin hafi verið 7,2%. Slík ávöxtun myndi tvöfalda eignirnar á tíu árum. Engu að síður eru lífeyrissjóðir skyldaðir til að miða við 3,5% ávöxtunarkröfu við núvirðingu á framtíðarskuldbindingum. Greining segir meðalraunávöxtun síðastliðinna 13 ára vera lítillega undir því, eða 3,2%.

Greining segir mikilvægt að hafa í huga að markmið lífeyrissjóða sé ekki að stækka eignasafnið, ávöxtunin sé mun mikilvægari. „Þó er mikilvægt að lífeyrissjóðirnir auki við eignir um þessar mundir því aldurssamsetning þjóðarinnar mun breytast á næstu áratugum þar sem þjóðin er að eldast. Þá mun hlutfallið milli eftirlaunaþega og launþega hækka sem þýðir að meira fer út úr lífeyrissjóðum heldur en inn í þá, miðað við stöðuna í dag," segir Greining. - jhh



**STERK STAÐA** Regína Bjarnadóttir er forstöðumaður Greiningar. Greining segir stöðu lífeyrissjóðanna vera sterka. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Sumarið þitt
Gleðilegt sumar!
Opið í dag,
sumardaginn
fyrsta
11-21
SOMMAR 2015 sogrör
290,-/100 í pk.
L22cm. Ýmsir litir
990,-
SOMMAR 2015 kanna m/loki
2l. Ýmsir litir
790,-/4 í pk.
SOMMAR 2015 glös
50cl. Ýmsir litir
SOMMAR 2015 skálar
390,-/4 í pk.
B12×L12cm. Ýmsir litir
290,-/4 í pk.
SOMMAR 2015 glös
26cl. Ýmsir litir
SOMMAR 2015 servíettur
490,-/30 í pk.
B38×L38cm. Ýmsir litir
© Inter IKEA Systems B.V. 2015
IKEA®
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

# SUMARHÁTÍÐ DORMA

## HOLTAGÖRÐUM KL. 12⁰⁰–18⁰⁰



## FABRIKKUBÍLLINN

Á MILLI KL. 12 OG 14 VERÐA FABRIKKUSMÁBORGARAR
OG COKE Í BOÐI FYRIR UTAN INNGANGINN Í DORMA

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN




### JACKPOT fjölskyldusófinn



Svart, slitsterkt áklæði -
hægri og vinstri tunga.

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
142.425
FULLT VERÐ 189.900

### REST heilsurúm

Nature's Bedding



Verðdæmi miðað við
NATURES REST með classic
botni 140 x 200 cm.
**Fáanlegt í öllum stærðum.**

Einnig fáanlegar margar aðrar
gerðir af heilsurúmum og dýnum.

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
69.675
FULLT VERÐ 92.900

### C&J SILVER stillanlegt

með Shape
heilsudýnu



Verðdæmi miðað
við 2x90x200 cm.
C&J silver stillanlegt með
Shape heilsudýnu.
**Fáanlegt í öllum stærðum.**

Einnig fáanlegar aðrar gerðir af
stillanlegum rúmum og dýnum.

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
350.100
FULLT VERÐ 466.800

### EASY

hæginda-
stóll



NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
67.425
FULLT VERÐ 89.900

### RUBEN

svefnsófi



Með rúmfatageymslu
í tungu. Dökkgrátt,
slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 140 x 195 cm.

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
99.900
FULLT VERÐ 139.900

### DÚNSÆNG

Stóri björn
50% dúnn, 50% smáfiður



NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
14.993
FULLT VERÐ 19.900

### Sængurföt



NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
TILBOÐ FRÁ KRÓNUM
5.243

### HANDKLÆÐI 100% bómull

Lúxusbómull, 500 gsm



NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
DORMA
Láttu drauminn rætast
SUMAR HÁTÍÐ
VERÐDÆMI 70X140 CM. 1.121
FULLT VERÐ 1.495

**Afgreiðslutími**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
**www.dorma.is**

**Holtagörðum**
512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

**SUMARDAGURINN FYRSTI**
Fimmtudagurinn 23. apríl
**OPIÐ HOLTAGÖRÐUM**
**12⁰⁰ til 18⁰⁰**



NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

# DORMA

Láttu drauminn rætast

## GLEÐILEGT SUMAR

# 25%

AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

# BARA Í DAG

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á sumardaginn fyrsta á meðan birgðir endast.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Verðtryggingin er afleiðing, ekki orsök:

# Teip og WD-40

Von er á frumvörpum um verðtryggingu í haust. Þetta kom fram í máli Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra í viðtali við Fréttablaðið í gær. Ekki stendur til að afnema verðtrygginguna heldur lengja lágmarkstíma verðtryggðra lána og stytta hámarkstíma þeirra. Þannig verður vægi óverðtryggðra lána aukið á kostnað verðtryggðra.

Báðir ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu einhvers konar fikti við verðtrygginguna fyrir kosningar. Framsókn vildi afnám en Sjálfstæðisflokkurinn vildi minnka almenna notkun á verðtryggðum lánum og tryggja val fólks á ólíkum kostum. Þannig lagði Framsóknarflokkurinn á það áherslu að afnema verðtrygginguna alfarið, ekki aðeins á neytendalán eins og lagt er upp með í boðuðu frumvarpi fjármálaráðherra. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tók í gær í ræðustóli á Alþingi af allan vafa um að markmið flokksins væri að afnema verðtrygginguna í heild sinni, um væri að ræða fyrsta skrefið í þá átt með þessum frumvörpum fjármálaráðherra. Bjarni hins vegar hafði sérstaklega tekið fram að uppleggið hefði ekki verið afnám verðtryggingar.



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Ef litið er fram hjá því hversu ótraustvekjandi það er að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar tali svo mikið út og suður liggur fyrir að takmark þeirra hlýtur að vera sameiginlegt. Að reyna að tryggja eftir föngum að Íslendingar búi hér við eðlileg lánakjör og skipta áhættunni á sanngjarnan hátt á milli lánveitenda og lántaka.

Það verður ekki gert með því að afnema eða takmarka verðtryggingu. Verðtrygging er sjúkdómseinkenni sem felst í smáum og óstöðugum gjaldmiðli og takmarkaðri tiltrú á peningastefnu. Hinn raunverulegi vandi er verðbólgan. Það er því undarlegt þegar þeir sem hvað helst tala fyrir því að Ísland eigi að halda áfram að búa við krónuna leggja til afnám verðtryggingar. Lánveitendur munu ekki vilja lána til langs tíma í íslenskri krónu nema að það sé tryggt að þeir fái peningana sína til baka í jafn verðmætum krónum og lánað var í. Hærri vextir – okurvextir – gætu þá tekið við sem einhvers konar verðtrygging sem lántakendum stæði til boða.

Segjum sem svo að Framsóknarflokkurinn láti af því verða að banna verðtryggð lán. Búast má við venjulegu íslensku verðbólguskoti á einhverjum tímapunkti, sem bankarnir munu mæta með því að hækka vexti sem nemur verðbólguskotinu. Lántakendur sem þurfa að greiða þessa háu vexti munu auðvitað vilja dreifa þessum hækkuðu vaxtagreiðslum á það sem eftir lifir lánstímans. Sem er nákvæmlega það sem verðtryggingin gerir – en hún er þá orðin óheimil.

Það er engin leið að losna við verðtrygginguna án þess að skipta um gjaldmiðil. Fyrr fæst ekki sá stöðugleiki sem er grundvöllur til að ná niður verðbólgu og vöxtum. Allt tal um annað er eins og að teipa saman gamla lélega bílinn og úða á hann WD-40 til að þvinga hann í gegnum skoðun. Það liggur fyrir að hann er lélegur og ónothæfur. Hann er hættulegur í umferðinni. Og til langs tíma litið margborgar það sig að kaupa frekar nýjan. Lausnin er nýr gjaldmiðill.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

*Gleðilegt sumar,*
*langar þig í sumarauka í Svartaskógi?*



*Góð tveggja herbergja íbúð til leigu í sumar í fallegum smábæ í Svartaskógi.*
*Allar nánari upplýsingar á ingvararnason.net og í gsm 898-3195.*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Til fyrirmyndar**

Stjórnmálamönnum er oft legið á hálsi fyrir að tala óskýrt. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sýndi í gær fram á að sú gagnrýni er stundum að ósekju, þegar hann svaraði Guðmundi Steingrímssyni. Gefum honum orðið: „Virðulegur forseti. Já, eins og komið hefur fram bæði hjá mér og hæstv. fjármálaráðherra er von á frumvarpi um stöðugleikaskatt. Hafa aðrir kostir verið skoðaðir og metnir? Já, það hefur svo sannarlega verið gert í heilmikilli vinnu sem staðið hefur nú vel á annað ár. Er eftir einhverju að bíða, eru fleiri kostir sem þarf að líta til, er undirbúningsvinnan vel á veg komin, er hún að klárast? Já." Og næsta svar var enn skorinorðara: „Virðulegur forseti. Íslensk stjórnvöld hafa ekki átt í neinum samningaviðræðum við kröfuhafa." Vonandi taka fleiri upp þennan knappa en skýra stíl eftir forsætisráðherra, það mundi að minnsta kosti einfalda blaðamönnum lífið.

**Kunnuglegur afturendi**

Annars voru þingmenn stjórnarandstöðunnar ekki ánægðir með forsætisráðherra í gær. Þvert á móti. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, sagði til að mynda að þingheimur þekkti orðið afturendann á Sigmundi Davíð betur en framhliðina, þar sem þingmenn sæju reglulega á eftir honum á hlaupum úr salnum. Ekki skal lagt mat á það hér að öðru leyti en því að sá sem snýr aftur á leið út úr sal hlýtur á einhverjum tímapunkti að hafa snúið fram á leið inn í salinn.





**Þar sem þingsköp þess krefjast**

Valgerður Bjarnadóttir, þingkona Samfylkingarinnar, var heldur ekki ánægð með Sigmund Davíð í gær, hvorki fram- né afturendann. Hún var reyndar svo óánægð með hann að hún lýsti því yfir að hún nefndi hann hæstvirtan forsætisráðherra aðeins vegna þess að þingsköp þess krefðust. Sjálf teldi hún hann fráleitt eiga slíkan sæmdartitil skilið. Það er þó gott að þingmenn virða kurteisisreglur sem þingsköp setja þeim. Raunar væru rifrildi fólks á milli almennt mun skemmtilegri ef það þyrfti að ávarpa hvert annað með virðingartitlum.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Það sem tekið hefur verið í burtu hækkar ekki

EFNAHAGSMÁL



Sigurður Már Jónsson
upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar

Því hefur verið haldið fram að undanförnu að hætta sé á að verðbólga éti upp höfuðstólsleiðréttingu húsnæðislána, Leiðréttinguna. Það er alrangt. Þvert á móti, það munar enn meira um Leiðréttinguna eftir því sem verðbólga er hærri.

Það stafar af því að verðbólga getur ekki hækkað það sem búið er að taka í burtu. Lánið mun hugsanlega ná sömu upphæð aftur, en sú upphæð verður alltaf lægri en hefði lánið ekki verið leiðrétt. Sá hluti lána sem búið er að færa niður bætist ekki ofan á lánin aftur. Það er því rangt að tala um að verðbólga éti upp Leiðréttinguna. Í raun skiptir Leiðréttingin enn meira máli ef verðbólga hækkar, vegna þess að óleiðrétt lán hefði hækkað enn meira en leiðrétta lánið gerir. Vægi Leiðréttingarinnar í krónum talið eykst með meiri verðbólgu en minnkar við verðhjöðnun. Og munurinn á greiðslum er satt að segja sláandi.

Til að sjá þennan mun svart á hvítu má t.d. bera saman tvö dæmi af hjónum sem árið 2007 taka 15 milljóna jafngreiðslulán til 40 ára á 4,15% vöxtum.

Í fyrra dæminu er verðbólga 2% út lánstímann. Vegna Leiðréttingarinnar greiða hjónin rúmum 10 milljónum króna minna í afborganir á líftíma lánsins en þau hefðu gert án Leiðréttingarinnar.

**➜ Flestum er kunnugt að það borgar sig alltaf að borga inn á verðtryggt lán, því það leiðir til þess að lægri verðbætur leggjast á lánið til framtíðar.**

Í seinna dæminu er verðbólga 6% út lánstímann. Vegna Leiðréttingarinnar greiða hjónin um 22 milljónum króna minna í afborganir á líftíma lánsins en þau hefðu gert án Leiðréttingarinnar.

Munurinn á greiðslum hjónanna ef verðbólga er 2% eða 6% er því um 12 milljónir króna.

Flestum er kunnugt að það borgar sig alltaf að borga inn á verðtryggt lán, því það leiðir til þess að lægri verðbætur leggjast á lánið til framtíðar en án þeirrar inngreiðslu. Það má því vera öllum ljóst að verðbólga étur ekki upp ávinning heimilanna af Leiðréttingunni. Sá ávinningur heldur gildi sínu þótt verðbólga hækki, einfaldlega vegna þess að það sem hefur verið tekið í burtu hækkar ekki.

# Erlendar umsagnir um nýja Stjórnarskrá

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Nýlega kom út bókin Lýðræðistilraunir (ritstj. Jón Ólafsson prófessor). Þar er m.a. að finna þrjár prýðilegar ritgerðir erlendra prófessora um stjórnarskrármálið, þeirra James Fiskin í Stanford-háskóla, Hélène Landemore í Yale-háskóla, Tom Ginsburg í Chicago-háskóla og Zachary Elkins í Texas-háskóla. Þau standa öll í fremstu röð í stjórnarskrárrannsóknum, og öll bera þau lof á nýju stjórnarskrána, tilurð hennar og efni.

**Ekkert ósamræmi**

Fishkin segir: „… ferli við endurskoðun stjórnarskrár ætti, ef vel á að takast til, að vera þannig úr garði gert, að hún mótist af vilja almennings. … Stjórnarskrárferlið sýnir að vel er hægt að tengja almenningssamráð á netinu við fundi þar sem þátttakendur hittast og ræða saman augliti til auglitis.“ Um þjóðfundinn 2010 segir Fishkin: „Fullyrðinguna um að hópurinn hafi endurspeglað skoðanir landsmanna … er því miður ekki hægt að styðja með neinum haldbærum rökum.“ Þetta er furðuleg staðhæfing, því að fyrir liggur, að niðurstaða þjóðfundarins var í fullu samræmi við skoðanakannanir meðal almennings, 522 frambjóðenda til stjórnlagaþings og 25 þjóðkjörinna og þingskipaðra fulltrúa í stjórnlagaráði. Fullyrðing Fishkins ætti því aðeins rétt á sér, ef hægt væri að sýna fram á ósamræmi milli niðurstöðu þjóðfundarins 2010 og frumvarps stjórnlagaráðs frá 2011, en það er ekki hægt. Ritstjóri bókarinnar hefði átt að leiðrétta þessa meinlegu villu.

**Taumhald á sérfræðingum**

Landesmore færir rök að því, að „ferlið sem Ísland notaði við stjórnarskrárgerð feli í sér alla möguleika á því að semja góða stjórnarskrá, þ.e. stjórnarskrá sem samræmist hlutlægum gæðastöðlum.“ Hún segir: „… (i) ferlið leyfði almenna þátttöku, (ii) fulltrúafyrirkomulag í ferlinu var í samræmi við hvernig búseta, kynjahlutföll og viðhorf í samfélaginu dreifast … og (iii) ferlið var gagnsætt að mestu leyti.“ Hún fellur ekki í sömu gryfju og Fishkin, því að hún segir það „einkenni þjóðfundarins, að fulltrúarnir endurspegluðu þverskurð af þjóðfélaginu.“ Hún segir um þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrár, að þær hafi þann höfuðkost, að þær „gefa fólki … færi á að hafna drögum sem það er ekki sátt við … [og] auka óneitanlega einnig á lögmæti ferlisins og gefa í raun til kynna að almenningur samþykki gildistöku nýrra stjórnskipunarlaga.“ Landesmore segir, að þáttaka almennings í ferlinu hafi „aldrei áður verið notuð í jafnflóknu og þýðingarmiklu verkefni og ritun nýrrar stjórnarskrár … Þetta tiltölulega mikla gagnsæi íslenska ferlisins er róttæk breyting frá því yfirbragði leyndar og torræðni, sem oftast einkennir stjórnarskrárgerð … Íslendingar höfðu látið í ljós skýran vilja til að hverfa frá leynisamningum í bakherbergjum og spilltum vinnubrögðum átakanna fyrir hrun.“ Og þannig „fékk almenningur meiri aðgang að stjórnarskrárskrifunum en önnur dæmi eru um.“

Um íslenzka lögfræðinga, sem Alþingi fól að leggja til orðalagsbreytingar, segir Landesmore: „Í sumum tilfellum breyttu þeir setningum þannig að merkingin brenglaðist … [og] voru afskipti íslensku sérfræðinganna ekki einvörðungu brot gegn vilja stjórnlagaráðs heldur drógu þau einnig úr gæðum tillagnanna … mikilvægt er að hafa taumhald á sérfræðingum.“ Höfuðpaurinn í hópnum er nú formaður stjórnarskrárnefndar Alþingis.

**Sólskin sem sótthreinsun**

Tom Ginsburg og Zachary Elkins taka undir með Jon Elster, prófessor í Columbia-háskóla, þegar hann segir hið augljósa: „Sé ferlið látið í hendur hins venjulega löggjafa [þ.e. Alþingis] er talin hætta á að stofnanalegir sérhagsmunir ráði niðurstöðunni.“ Þeir lofa ferlið fyrir að hafa verið „gagnsætt og opið fyrir almennri þátttöku allan tímann“ og vitna í gamlan bandarískan hæstaréttardómara, sem sagði: „Sólskinið er besta sótthreinsunin.“

Ginsburg og Elkins segja, að gagnsæið hafi „dregið úr hvatanum til að láta stjórnast af eiginhagsmunum auk þess sem eiginhagsmunahyggja var fordæmd af meðlimum stjórnlagaráðs.“ Þeir segja einnig: „Sterkustu rökin frá fræðilegu sjónarmiði fyrir þátttöku almennings varða það hlutverk stjórnarskrár að veita stjórnvöldum aðhald … Einn áhrifamikill skilningur á stjórnarskrám er að þær séu samfélagssáttmáli borgaranna, til þess gerður að takmarka ógnina af ríkisvaldi.“ Þeir taka réttilega eftir því, að „Alþingi Íslendinga hefði orðið sterkari stofnun með fullgildingu tillagnanna en það er nú.“ Þeir mæra einnig ýmis efnisatriði, sem litla athygli hafa vakið: „Mjög fáar stjórnarskrár ná yfir réttindi fatlaðra [og] hafa aðeins 25 stjórnarskrár [af 900 allar götur frá 1789, innskot mitt, ÞG] nokkru sinni veitt fötluðum slíka vernd.“

Þeir spyrja að endingu: „Hvers vegna stóðu borgararnir ekki vörð um [nýju stjórnarskrána] andspænis vanrækslu þingsins?“ Þeir svara: „Það er gríðarlega erfitt að viðhalda fjöldahreyfingu nema á miklum erfiðleikatímum. … Því miður virðist aldrei vera nógu mikið í húfi til að virkja þátttöku, … jafnvel á tímum netlýðræðis.“





## RANNSÓKNAÞING 2015
## ÞVERFAGLEGAR RANNSÓKNIR

**MÁNUDAGINN 27. APRÍL KL. 12:30-14:30**
**Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK**

Á Rannsóknaþingi 2015 verður fjallað um þverfaglegar rannsóknir. Undanfarin ár hefur samstarf milli fræðasviða aukist mikið og áhersla er lögð á þverfaglega nálgun og samstarf í vísindum og nýsköpun. Á þinginu verður leitast við að bregða ljósi á þessa þróun, fjalla um reynslu, áskoranir og tækifæri á þessu sviði og fá fram umræður um stöðu þverfaglegra rannsókna.

Þingið er öllum opið og þátttaka ókeypis. Skráning á heimasíðu Rannís.
**Athugið að húsið opnar kl. 12:00 með léttum hádegisverði fyrir gesti.**

**DAGSKRÁ:**

**12:30 Opnunarávarp**
Þórarinn Sólmundarson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

**12:40 From Science to Praxis – Opportunities and Challenges**
Dr. Peter Moll, Senior Science Policy Adviser, Science Development

**13:20 Þverfaglegar rannsóknir í íslensku vísindasamfélagi**

**Kynningar og umræður**
- Kristín Svavarsdóttir, vistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins
- Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri
- Unnur Anna Valdimarsdóttir, próf. við HÍ og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum
- Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands

**Umræðustjóri:** Kristín Svavarsdóttir, Landgræðslu ríkisins
**Fundarstjóri:** Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ
rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Kjaraviðræður í ógöngum

KJARAMÁL



**Þórarinn G. Pétursson**
aðalhagfræðingur Seðlabankans

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að staðan á vinnumarkaði er grafalvarleg. Kröfur eru uppi um mjög miklar hækkanir nafnlauna og gangi þær eftir og ná til stórs hluta vinnumarkaðarins er hætta á að þeim árangri sem náðst hefur við að koma verðbólgu og verðbólguvæntingum að verðbólgumarkmiði Seðlabankans sé stefnt í voða. Einnig er hætta á að launahækkanir sem eru langt umfram framleiðnivöxt valdi því að fyrirtæki leiti leiða til að draga úr launakostnaði, t.d. með því að hægja á ráðningum eða grípa til uppsagna. Samkeppnisábata sem þjóðarbúið hefur náð undanfarin misseri, og birtist m.a. í kröftugum útflutningsvexti þrátt fyrir slakan hagvöxt meðal helstu viðskiptalanda, yrði einnig teflt í tvísýnu. Mikil hækkun launakostnaðar væri því einnig til þess fallin að grafa undan efnahagsbatanum og þeim afgangi á viðskiptum við útlönd sem býr í haginn fyrir losun fjármagnshafta.

### Mat á þjóðhagslegum áhrifum mikilla launahækkana

Til að reyna að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif svo mikilla launahækkana er hér sýnt dæmi þar sem tekið er mið af þegar gerðum samningum og þeim kröfum sem komið hafa fram um svipaðar hækkanir hjá flestum stéttarfélögum á vinnumarkaði. Í dæminu er gert ráð fyrir að laun hækki samtals um u.þ.b. 30% í þriggja ára samningi sem tæki gildi um mitt þetta ár. Að viðbættu launaskriði felur þetta dæmi í sér að laun hækki um u.þ.b. 11% á ári að meðaltali til ársins 2018 sem er um tvöfalt meira en gert hefur verið ráð fyrir í síðustu spám Seðlabankans. Þar að auki er gert ráð fyrir að kjarasamningurinn verði töluvert framhlaðinn eins og þeir samningar sem hafðir eru til viðmiðunar. Hátt í helmingur hækkunar launa fellur því til á þessu ári og um tveir þriðju á þessu og næsta ári.

Meðfylgjandi mynd sýnir möguleg áhrif slíkra launahækkana á helstu þjóðhagsstærðir. Áhrifin eru sýnd sem frávik frá grunnspá Seðlabankans fyrir árin 2014-2018. Sýnd eru tvenns konar dæmi sem metin eru út frá þjóðhagslíkönum Seðlabankans. Í fyrra dæminu heldur kjölfesta langtímaverðbólguvæntinga í verðbólgumarkmiði Seðlabankans þannig að þótt þær aukist tímabundið með aukinni verðbólgu leita þær tiltölulega fljótt aftur í markmið. Í seinna dæminu grafa þessar miklu launahækkanir hins vegar undan markmiðinu og kjölfesta væntinga brestur um tíma. Við það verða áhrif launahækkana á verðbólgu mun þrálátari en í fyrra dæminu og erfiðara og kostnaðarsamara (í formi minni hagvaxtar og lægra atvinnustigs) verður að ná tökum á verðbólgunni á ný.

Þótt nokkur óvissa sé um vöxt framleiðni á spátímanum er ljóst að svo miklar launahækkanir eru langt umfram það sem raunhæft er að gera ráð fyrir að framleiðnivöxtur standi undir. Kostnaðarþrýstingur af þeim mun því aukast mikið og einhver hluti hans mun koma fram í hækkun verðlags og þar með aukinni verðbólgu. Verðbólga gæti því orðið um 1 prósenti meiri en ella í ár, um 3 prósentum meiri á því næsta og hátt í 4 prósentum meiri árið 2017. Áhrifin eru enn meiri ef kjölfesta langtímaverðbólguvæntinga brestur og gæti verðbólga þá orðið u.þ.b. 5 prósentum meiri en ella frá árinu 2017. Miðað við grunnspá Seðlabankans frá því í febrúar sl. gæti verðbólga því orðið hátt í 6% á næsta ári og ríflega 7% árið 2017.

Meginástæða þess að verðbólga eykst ekki enn meira er að peningastefnan bregst við með hækkun vaxta. Með hærra vaxtastigi er dregið úr efnahagsumsvifum og stutt við gengi krónunnar. Þannig mun smám saman takast að draga úr verðbólgu á ný og tryggja að hún leiti aftur í markmið. Miðað við peningastefnureglu þjóðhagslíkana Seðlabankans gætu vextir bankans orðið um 1,5 prósentum hærri en ella í ár og um 3,5 prósentum hærri frá árinu 2017. Veikist kjölfesta verðbólguvæntinga hins vegar þannig að verðbólguvæntingar rísi hraðar og haldist háar lengur þurfa vextir að hækka enn meira og búa þannig til meiri slaka í þjóðarbúinu. Gætu þeir orðið ríflega 5 prósentum hærri en ella frá árinu 2017 sem þýddi miðað við núverandi vaxtastig að lykilvextir Seðlabankans væru komnir í u.þ.b. 10%.

Þegar kemur að gengi krónunnar vegast á tvenns konar áhrif: mikil hækkun innlends kostnaðar leiðir til hækkunar raungengis sem skapar þrýsting á nafngengi krónunnar til lækkunar en á móti styðja hærri vextir við gengið. Heildaráhrifin eru þau að nafngengi krónunnar hækkar lítillega á þessu ári en tekur síðan að lækka og er orðið ríflega 8% lægra en ella árið 2018.

Fyrirtæki bregðast við hærri kostnaði og vöxtum með því að draga úr fjárfestingum og vinnuaflsnotkun sem bæði stuðlar að því að draga úr innlendri eftirspurn og auka atvinnuleysi. Til að byrja með vegur hins vegar á móti aukin einkaneysla vegna hærri launatekna. Heildaráhrifin á hagvöxt eru þau að hann breytist lítið í ár en frá næsta ári dregur úr honum í samanburði við grunndæmið og árið 2017 er hann orðinn hátt í 2 prósentum minni en ella sem gæti samsvarað um 1% hagvexti árið 2017 í stað hátt í 3% í grunnspá bankans frá febrúar sl. Eins og sést á myndinni eru neikvæð áhrif á hagvöxt því meiri sem áhrif launahækkananna á langtímaverðbólguvæntingar eru meiri.

### Áhrifin mögulega vanmetin

Rétt er að ítreka að ofangreind lýsing er byggð á útkomum úr líkönum bankans sem óhjákvæmilega fela í sér einföldun á raunveruleikanum, auk þess sem slíkir útreikningar fela ávallt í sér ýmsar forsendur til einföldunar. Hér er t.d. horft fram hjá mögulegum áhrifum mikilla launahækkana á stöðu opinberra fjármála og á áhættuálag á innlendar fjáreignir og gengi krónunnar, t.d. í samhengi við áætlun um losun fjármagnshafta. Ofangreindir útreikningar gætu því vanmetið þrýstinginn sem yrði á gengi krónunnar og þar með neikvæð áhrif mikilla launahækkana á verðbólgu og efnahagsumsvif.

*Höfundur er aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands og nefndarmaður í peningastefnunefnd bankans. Þær skoðanir sem hér koma fram þurfa ekki að endurspegla skoðanir bankans eða annarra í nefndinni.*

### ➜ Áhrif mikilla launahækkana á ýmsar efnahagsstærðir 2014-2018

Frávik frá grunnspá (prósentur)




**➜ Þótt nokkur óvissa sé um vöxt framleiðni á spátímanum er ljóst að svo miklar launahækkanir eru langt umfram það sem raunhæft er að gera ráð fyrir að framleiðnivöxtur standi undir. Kostnaðarþrýstingur af þeim mun því aukast mikið og einhver hluti hans mun koma fram í hækkun verðlags og þar með aukinni verðbólgu. Verðbólga gæti því orðið um 1 prósentu meiri en ella í ár, um 3 prósentum meiri á því næsta og hátt í 4 prósentum meiri árið 2017.**

**Ársfundur Íslandsstofu** ÍSLANDSSTOFA



**Þriðjudaginn 28. apríl, kl. 11-13 | Grand Hótel Reykjavík**

**Dagskrá**

**Setning fundar**
Vilborg Einarsdóttir, formaður stjórnar Íslandsstofu

**Ávarp ráðherra**
Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra

**Litið yfir árið**
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu

**A Strategy and Action Plan for Irish Trade, Tourism and Investment**
Colm Ó Floinn, ráðuneytisstjóri

**Útflutningsaukning og hagvöxtur - ÚH**
Útskrift – Verðlaunaafhending

**Hvað bar framtíðin í skauti sér ?**
Myndbandssýning

**Að fundi loknum verður boðið upp á veitingar**

**Skráning á islandsstofa@islandsstofa.is eða í síma 511 4000**

Nánari upplýsingar á Islandsstofa.is

Liggurðu á skoðunum þínum?
Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á
**greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.




# Bókaðu sól í orlofinu

## Krít




### Porto Platanias Village
**Frá kr. 157.900**
Netverð á mann frá kr. 157.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 199.900 m.v. 2 fullorðnir í stúdíó.
21. maí í 11 nætur.



### Omega Apartments
**Frá kr. 128.900**
Netverð á mann frá kr. 128.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 144.900 m.v. 2 fullorðnir í stúdíó.
1. júní í í 10 nætur.



### Helios Apartments
**Frá kr. 121.900**
Netverð á mann frá kr. 121.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 144.900 m.v. 2 fullorðnir í stúdíó.
2. júlí í 11 nætur.




### Sirios Village
**Frá kr. 159.900**
Netverð á mann frá kr. 159.900 m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 193.900 m.v. 2 fullorðnir í herbergi.
13. júlí í 10 nætur.

## Albir




### Albir Playa
**Frá kr. 81.900**
Netverð á mann frá kr. 81.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 110.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
31. maí í 7 nætur m/bókunarafslætti.

## Benidorm




### Hotel Dynastic
**Frá kr. 86.900**
Netverð á mann frá kr. 86.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 102.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
7. júní í 7 nætur m/bókunarafslætti.

## Salou




### Cye Holiday Center
**Frá kr. 69.900**
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 88.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
5. júní í 7 nætur.

## Tenerife




### Tenerife Sur
**Frá kr. 77.900**
Netverð á mann frá kr. 77.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 86.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
6. júní í 7 nætur

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.    ENNEMM / SÍA • NM68545

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is

Heimsferðir

# Já! Það er



## iPad á tilboði TAKMARKAÐ MAGN

Ónotaðir sýningar iPadar

iPad mini 3 / 16GB Wi-Fi
12stk / silfur / svartur
**Tilboð: 59.990.-***
Fullt verð: 74.990.-

iPad Air 2 / 16GB Wi-Fi
7stk / silfur / svartur
**Tilboð: 72.990.-***
Fullt verð: 99.990.-

iPad mini 2 / 64GB Wi-Fi 4G
11 stk / silfur / svartur
**Tilboð: 89.990.-***
Fullt verð: 103.790.-

SmartCase frá Apple fylgir
frítt með iPad á tilboði*

iPad mini 2 / 128GB Wi-Fi
7 stk / silfur / svartur
**Tilboð: 84.990.-***
Fullt verð: 124.990.-



Sýningarvélar
TAKMARKAÐ MAGN



AÐEINS 2 STK

MacBook Air 13"
128GB - Z0NZ
**Tilboð: 149.990.-***
Fullt verð: 199.990.-

Sýningarvélar
TAKMARKAÐ MAGN



AÐEINS 2 STK

MacBook Pro Retina 13"
128GB - Z0R9
**Tilboð: 199.990.-***
Fullt verð: 264.990..-

TAKMARKAÐ MAGN

AÐEINS 6 STK



MacBook Pro Retina 13"
512GB - Z0RB
**Tilboð: 299.990.-***
Fullt verð: 309.990..-

MacBook Pro Retina 13"
256GB - Z0RA
**Tilboð: 279.990.-***
Fullt verð: 309.990..-

AÐEINS 3 STK

Tilboðs tölvur eru aðeins í boði í verslun
**Epli á Laugavegi.**

SmartCase frá Apple
iPad 3 / iPad Air / iPad mini / iPad mini 2



70% afsláttur

Epli - Smáralind
**Opið sumardaginn fyrsta 13-18**

Epli - Laugavegi 182
**Lokað sumardaginn fyrsta**

# komið sumar

## iPhone 6 Plus

## 16GB



Grár | Gull | Silfur

**Tilboðsverð**

**124.990.-***

Fullt verð: 139.990.-

**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mánuði í **12** mánuði fylgir iPhone 6 og 6 Plus! **Frá NOVA**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

*Tilboð gildir til 4. maí, eða meðan birgðir endast.

†

Elskuleg frænka okkar,

**ÓSK JÓNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Snorrabraut 32,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 19. apríl sl. Útför hennar verður frá Áskirkju fimmtudaginn 30. apríl kl. 15.



**Systrabörn**

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HJALTI ÞÓRÐARSON**
**frá Hróðnýjarstöðum,**
**Gunnarsbraut 3, Búðardal,**

lést sunnudaginn 19. apríl á sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Hjarðarholtskirkju í Dölum laugardaginn 2. maí kl. 15.00.



**Inga A. Guðbrandsdóttir**
**Erna K. Hjaltadóttir** **Vésteinn Arngrímsson**
**Bára Hjaltadóttir** **Magnús Arngrímsson**
**Ólafur Guðjónsson**
**Smári Hjaltason**
**Sævar Hjaltason** **María Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**BERGUR V. JÓNSSON**
**verslunarmaður,**
**Skildinganesi 54,**

lést síðastliðinn mánudag. Jarðarförin verður auglýst síðar. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimer-félagið FAAS.



**Rut Árnadóttir**
**Kári Bergsson**
**Kolbrún Bergsdóttir**
**Rakel Hlín Bergsdóttir** **Þórir Júlíusson**
**og barnabörn.**

†

Okkar ástkæri

**BOGI ÞÓRIR GUÐJÓNSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 19. apríl sl. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 27. apríl kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarkort hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar.



**Sjöfn Sigurjónsdóttir**
**Guðjón Bogason**
**Heiða Bogadóttir** **Robert Ickes**
**Sólveig Bogadóttir** **Páll Einarsson**
**Þórunn Bogadóttir**
**Heba Bogadóttir** **Þórhallur I. Hrafnsson**
**Linda Lea Bogadóttir**
**og aðrir ástvinir.**

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT KRISTÍN JÓNSDÓTTIR**
**frá Holti á Síðu,**

sem lést 16. apríl sl., verður jarðsungin frá Prestbakkakirkju á Síðu laugardaginn 25. apríl nk. kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlegast láti Hjúkrunarheimilið Klausturhóla njóta þess.



**Kristín Marín Siggeirsdóttir** **Eysteinn G. Guðmundsson**
**Anna Björg Siggeirsdóttir** **Kristinn E. Hrafnsson**
**Þórarinn Björn Sigurjónsson** **Bjarney G. Blöndal**
**Una Margrét Árnadóttir** **Örn Alexander Ámundason**
**Guðmundur Gauti Eysteinsson** **Ólafur Eysteinn Eysteinsson**
**Lilja Kristinsdóttir** **Bríet Þórarinsdóttir Blöndal**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

# Eitthvað aðdáunarvert í fari allra kvennanna

Á sýningunni Gleym þeim ei sem opnuð verður í Safnahúsi Borgarfjarðar í dag er sögð saga fimmtán kvenna sem voru uppi þegar íslenskar konur fengu kosningarétt árið 1915.

„Hugmyndin snýst um að miðla fróðleik um fimmtán konur sem voru á lífi árið 1915,“ segir Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar, um sýningu sem verður opnuð þar við hátíðlega athöfn í dag klukkan 15. „Við höfum fengið muni senda víða að og þó sýningin sé ekki stór þá er hún djúp. Fjölskyldur kvennanna hafa skilað inn myndum, textum og munum og þær ætla líka að fjölmenna á opnunina sem er mikill heiður fyrir okkur.“

Konur eru sérstaklega dregnar fram að þessu sinni í tilefni afmælisárs kosningaréttar þeirra, að sögn Guðrúnar. En hvernig skyldu þessar fimmtán hafa verið valdar? „Fyrst horfðum við á nöfn 300 kvenna og völdum lista á eina A4-síðu, úr því urðu 40 nöfn. Okkar starfssvæði er frá rótum Snæfellsness að Hvalfirði og við vildum velja á sýninguna konur af öllu svæðinu. Það var örugglega eitthvað aðdáunarvert í fari allra kvennanna 300 og erfitt að velja bara 15 úr en núna finnst okkur þær vera hópur vinkvenna okkar, við erum búin að lesa um þær, skoða myndir af þeim og hlusta á sögur af þeim.“

Guðrún segir konurnar fimmtán merkar á margan hátt og nefnir dæmi. „Ein fæddist 1862 í blárri fátækt, eins og svo margar formæður okkar, en keypti sér jörð, varð sjálfstæður bóndi og byggði þar upp húsakost. Önnur var með öflugan veitingarekstur, stundum á þremur stöðum í einu og með fullt af fólki í vinnu. Ein var fórnarlamb þess hugsunarháttar að það þyrfti að taka börnin af fólki sem ekki var sjálfstætt fjárhagslega, hún eignaðist sjö börn en fékk bara að hafa eitt hjá sér að staðaldri, hin fóru í fóstur á bæi, svo og svo margra vikna gömul. Ein er fulltrúi þeirra sem unnu hjá öðrum allt sitt líf og var vinnukona á sama bænum í áratugi og tvær öfluðu sér menntunar og gerðust far- og heimiliskennarar.“

Skyldu einhverjar heimildir vera til um hvort þær kusu? „Við höfum komist að því að þær voru hugsandi og áhugasamar um sitt ytra umhverfi og erum sannfærð um að allar eru góðir fulltrúar kvenna sem löngu fyrir 1915 voru verðugar þess að fá að kjósa.“

gun@frettabladid.is



**FORSTÖÐUMAÐURINN** „Núna finnst okkur þær vera hópur vinkvenna okkar,“ segir Guðrún um konurnar fimmtán sem eru í fókus á sýningunni í Borgarnesi.

## ➜ Uppskeruhátíð

Við opnun sýningarinnar Gleym þeim ei verða hátíðartónleikar, uppskeruhátíð verkefnis sem Safnahús vinnur að ásamt Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Þar frumflytja nemendur skólans eigin verk og yngsta tónskáldið er einungis sex ára gamalt.

Þetta er þriðja árið í röð sem þessar stofnanir vinna saman í safna- og skólastarfi.



**EIN MYNDANNA** Theodóra Sveinsdóttir veitingakona í Reykholti (fremst fyrir miðju) ásamt starfsfólki sínu.

# Vilja vekja vorhug og gleði gestanna

Kórarnir í Hamrahlíð fagna sumarkomu í hátíðarsal MH í dag. Ókeypis er inn.

„Við viljum hressa fólk með góðri blöndu af vorvítamíni eftir langan og strangan vetur,“ segir Vigdís Hafliðadóttir hress um skemmtun Hamrahlíðarkóranna sem fagna sumri með söng í hátíðasal Menntaskólans í Hamrahlíð í dag, undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Fyrst klukkan 14 og aftur klukkan 16.

Efnisskráin á að vekja með öllum vorhug og gleði, að sögn Vigdísar. Hún segir þar blöndu gamalla gersema og nýrra, til dæmis sumar- og ættjarðarlög sem allir ættu að geta tekið undir.

Auk söngs og hljóðfæraleiks verður gestum boðið í dans við fjörugan leik salsabands og svo verður markaður í suðrænum stíl. Einnig verður bangsa- og dúkkuspítali, vísinda- og tilraunastofa, skátahorn og ljósmyndastofa.



**ÞJÓÐLEGT** Hamrahlíðarkórinn er góður fulltrúi Íslands hvar sem hann kemur.

Kór Menntaskólans við Hamrahlíð er nýkominn úr tónleikaferð um Suður- og Suðausturland og Hamrahlíðarkórinn, kór eldri nemenda, býr sig undir þátttöku í Europa Cantat, stærstu og viðamestu kórahátíð Evrópu í Ungverjalandi.

Á milli tónleikanna og á eftir verða seldar kaffiveitingar og ágóðinn rennur í ferðasjóð kóranna.

- gun

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR GUÐJÓNSSON**
**Skipalóni 8, Hafnarfirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi sunnudaginn 19. apríl. Jarðarför auglýst síðar.



**Elín Sigurðardóttir** **Steingrímur Páll Björnsson**
**Guðjón Ágúst Sigurðsson** **Herborg Friðriksdóttir**
**Bjarni Erl. Sigurðsson** **Rut Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnbörn.**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR JÓNSSON**
**bifreiðastjóri,**
**Skúlagötu 44, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut, deild 11E, sunnudaginn 19. apríl.



**Hrund Jóhannsdóttir**
**Jóhann Gylfi Gunnarsson** **Jóhanna Erlendsdóttir**
**Rannveig Gunnarsdóttir** **Sigurður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Útskriftarsýning**
Níu nemendur útskrifast úr fatahönnun frá LHÍ og sýna afrakstur vinnu sinnar í Hörpu.
SÍÐA 2



**Tískudrottning**
Mary krónprinsessa í Danmörku þykir ein glæsilegasta kona Evrópu.
SÍÐA 4


TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum




www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




**SJÁLFSTÆÐUR STÍLL** Anna Maggý hefur mikinn áhuga á fólki, stíliseringu, myndlist, ljósmyndun og alls kyns skemmtilegum hlutum. Hún var í fjarnámi á síðasta ári í Verzlunarskóla Íslands ásamt því að vinna sjálfstætt í ýmsum verkefnum. MYND/KATRÍN BRAGA

# GRÆNI PELSINN Í MESTU UPPÁHALDI

**SVARTUR STÍLL** *Uppáhaldsflík Önnu Maggýjar er grænn pels sem mögulega verður flokkaður sem hennar verstu kaup í framtíðinni. Annars er stíllinn hennar frekar dökkur og klæðist hún yfirleitt í allt svart hversdagslega.*

Anna Maggý Grímsdóttir hefur spáð í tískuna frá því hún var lítil. Hana langaði helst að vera Anna Wintour eða Grace Coddington eftir að hafa horft á The September Issue fjórtán ára gömul. Anna Maggý stefnir á nám í ljósmyndun í haust en hana langar að verða ljósmyndari og leikstjóri í framtíðinni.

**Ertu tískumeðvituð varðandi eigin klæðaburð?** Ég myndi ekki segja að ég væri sérstaklega tískumeðvituð um minn eigin stíl, ég klæði mig í það sem mig langar að klæðast, sama hvort það er í tísku eða ekki.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Þá klæði ég mig yfirleitt í allt svart.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég fer í hæla og skelli á mig blingi.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Hann er nokkuð dökkur og þægilegur en svo á ég það til að klæða mig upp í eitthvað skrautlegt og skemmtilegt.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég kaupi fötin mín hér og þar, oftast þegar ég er í útlöndum, einnig á netinu og ef ég rekst á eitthvað í búðum sem mér finnst næs á ég það til að splæsa. Annars eru þær búðir sem ég versla mest í hérna á Íslandi Spútnik, Nostalgia, Zara og Topshop.

**Eyðir þú miklu í föt?** Já, ég eyði alveg slatta af peningum í föt en er samt að spara núna.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ég á einn mega næs grænan pels sem er í miklu uppáhaldi hjá mér.

**Uppáhaldshönnuður?** Uppáhalds hönnuðirnir mínir eru Alexander McQueen, Ann ►




hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is



SÓFADAGAR
NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION
Svefnsófi Cube 140 Deluxe
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð kr. 199.000.-
Nú aðeins kr. 129.935
Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd

Þægilegur svefnsófi m/tungu
Stór rúmfatageymsla
Auðveldur í notkun
Stillanlegir höfuðpúðar
Þykkt gæðaleður
Stærð: Breidd: 244 cm
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm
Kynningarverð aðeins kr.
299.900



10-35% afsláttur af nokkrum eldri gerðum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
www.korter.is

GERÐU GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429












▶ Demeulemeester og Rick Owens.

**Bestu kaupin?** Mér finnst græni pelsinn virkilega góð kaup.

**Verstu kaupin?** Það er ekkert sem mér dettur í hug sem verstu kaupin. En ég er nokkuð viss um að eftir nokkur ár á ég eftir að líta til baka og hugsa: „Hvað í fjandanum var ég að kaupa þennan græna pels?“ og kannski verður hann þá verstu kaupin.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir sumarið?** Hef ekki hugmynd um hverju verður bætt við í fataskápinn í sumar en ég á pottþétt eftir að næla mér í nokkur sólgleraugu og helling af sólarvörn. Reyndar langar mig í sundföt frá lonely!

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Ég nota yfirleitt lítið af skarti, er oft með nælu í eyranu en annars verða sólgleraugu og hattar oftast fyrir valinu.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ég á alveg nokkrar tískufyrirmyndir, langamma mín er mjög flott en svo lít ég meðal annars upp til Karls Templer, Kalla L, Tims Walker, Sally Man og Stevens Klein. Alexander McQueen var ástin í lífi mínu, en núna er það Kanye West.

**Kjóll, pils eða buxur?** Buxur.

**Stutt eða sítt?** Misjafnt.

**Háir hælar eða flatbotna?** Flatir.





**UPPSKERUHÁTÍÐ** Nemendur hafa undirbúið lokaverkefnið síðustu vikur og mánuði. Afraksturinn má sjá í Hörpu klukkan 17.

# SEFUR EFTIR HELGI

**ÚTSKRIFTARSÝNING LHÍ** *Níu nemendur útskrifast úr fatahönnun frá Listaháskóla Íslands í ár. Þeir sýna afrakstur vinnu sinnar í Hörpu í dag.*

Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands fer fram í dag klukkan 17 í Hörpu, Flóa. Þetta er í fyrsta sinn sem tískusýningin fer þar fram. Undanfarna daga og vikur hafa nemendur fatahönnunardeildarinnar lagt allt kapp á að klára og lítið hefur verið um svefn.

„Það hefur verið stutt milli hláturs og gráts, allar tilfinningar ýktar og við erum bara orðin eins og litlir krakkar aftur. Það fyrsta sem ég geri eftir helgina, verður að sofa,“ segir Birkir Sveinbjörnsson, einn þeirra sem útskrifast úr fatahönnun.

„Þetta er nefnilega ekki búið í kvöld þegar tískusýningunni lýkur því á morgun verður yfirferð með prófdómurum og svo setjum við fötin upp á sýningunni niðri í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á Laugardag þegar útskriftarsýning Listaháskólans verður opnuð. Þar verður hægt að skoða fötin og horfa á myndbönd sem sýna vinnslu verkanna og myndbönd frá tískusýningunni sjálfri,“ útskýrir Birkir.

Alls útskrifast níu nemendur úr fatahönnun og hafa þeir notað síðasta ár til að vinna lokaverkefnið.

„Öll þessi önn hefur snúist að mestu leyti um lokaverkefnið en við vorum byrjuð að hugsa þetta allt saman á síðustu önn líka. Finna „mood“ til að vinna með og leita að textíl til að vinna úr. Hópurinn fór meðal annars á hússtjórnarskólann á Blönduósi og lærði að vefa og ýmislegt fleira,“ segir Birkir.

Þau sem útskrifast úr fatahönnun auk Birkis eru Andrés Pelaez, Andri Hrafn Unnarson, Ásrún Ágústsdóttir, Elsa Vestmann Kjartansdóttir, Halldóra Sif Guðlaugsdóttir, Helga Lára Halldórsdóttir, Ingibjörg Íris Ásgeirsdóttir og Kristín Sunna Sveinsdóttir.

Tískusýningin er opin öllum og er aðgangur ókeypis. Herlegheitin hefjast kukkan 17.



**TILFINNINGASVEIFLUR** Stemningin hefur að sögn Birkis verið rafmögnuð á lokametrunum og stutt milli hláturs og gráts.
MYND/VALLI





## VINVEITTIR GERLAR

*Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir* ***ónæmiskerfið. Optibac fæst í öllum apótekum og heilsu-verslunum á Íslandi.*** *Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland*



# VELJA ÞARF RÉTTA MELTINGARGERLA

**RARITET KYNNIR** *OptiBac Probiotics eru meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá segja sína sögu.*

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac," segir Víðir Þór Þrastarson, íþróttafræðingur og heilsunuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day" extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttafræðisetur Háskóla Íslands.



**MÆLIR MEÐ OPTIBAC** Víðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi. MYND/VALLI

### BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

### DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

Streita, lélegt eða einhæft mataræði á borð við skyndibita og unnar matvörur ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspestum með því að viðhalda meltingarflórunni," segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.



**EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA**

OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirkni og þarmahreyfingar.



**FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM**

OptiBac One Week Flat eykur ensímframleiðslu og brýtur niður fæðuna.

**NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGUM**

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.





**OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH**

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®.




# BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

*Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.*

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjá daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13," segir Þórarinn."

### NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN

Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. inflúensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

**Dæmi um klínískar rannsóknir á Sambucol:**

- *1995 – Influensa B rannsókn*
Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.
- *2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro"*
Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkandi ónæmisviðbrögð.
- *2004 – Influensa A rannsókn*
Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.
- *Fuglaflensa H5N1*
Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 vírusnum.

### HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?

- **Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmit og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.**
- **Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.**
- **Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.**

### SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞREMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykknið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og Antivirin sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamíni og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefnin eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

### GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.

OptiBac probiotics



Gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu

PRENTUN.IS

@OptiBac
www.facebook.com/optibaciceland

„Ég mæli með því að konur velji náttúrulegu leiðina gegn þrálátum sýkingum og sem forvörn"



Valbjörg Þórðardóttir
hjúkrunarfræðingur

Fæst í apótekum og heilsubúðum













**GLÆSILEG** Þessi mynd var tekin af Mary á nýársfagnaði sem tengdamóðir hennar hélt í Amalíuborgarhöll. Mary þykir alltaf einstaklega glæsileg kona.



**AFMÆLISDAGUR** Á afmælisdegi drottningar á tröppum ráðhússins í Kaupmannahöfn. Mary kom í vagni þangað með tengdamóður sinni. Tengdapabbinn var fjarri góðu gamni.

# MARY ÓKRÝND TÍSKUDROTTNING EVRÓPU

**GLÆSILEIKI** *Mary krónprinsessa í Danmörku vakti mikla athygli þegar tengdamóðir hennar, Margrét Danadrottning, hélt upp á 75 ára afmæli sitt á dögunum. Mary þykir einstaklega glæsileg kona og norrænir tískusérfræðingar segja að hún sé hin ókrýnda tískudrottning Evrópu.*

Þær keppa reyndar um þann titil Mary krónprinsessa Danmerkur og Kate Middleton, hertogaynja af Cambridge. Mary hefur það þó fram yfir Kate að vera framar í röðinni á leið í hásætið.

Mary og Friðrik, krónprins Danmerkur, hafa verið gift frá árinu 2004. Hún er 43 ára gömul fjögurra barna móðir, ættuð frá Tasmaníu. Friðrik og Mary eignuðust sitt fyrsta barn, Kristján, árið 2005 og dótturina Ísabellu árið 2007 en hún var fyrsta stúlkubarnið sem fæddist í dönsku konungsfjölskyldunni frá árinu 1946. Tvíburarnir Jósefína og Vincent fæddust árið 2011.

Þegar breska síðan myvouchercodes.co.uk bað lesendur sína að velja best klæddu konunglegu konuna í Evrópu árið 2013 varð Mary ofar á lista en sjálf Kate Middleton sem er stolt Breta. Mary sinnir mörgum opinberum athöfnun ásamt eiginmanni sínum og þykir ávallt vera einstaklega vel til fara og bera sig vel. Hún klæðist gjarnan danskri hönnun.

Skandinavísku blöðin segja að Mary hafi stolið senunni í afmæli drottningar í glæsilegum síðkjól hönnuðum af hinni dönsku Birgit Hallstein. Hún hefur einmitt hannað mikið fyrir krónprinsessuna og tekist vel upp. Öll smáatriði virðast vera fullkomin þegar krónprinsessan á í hlut. Fyrr um daginn hafði hún sýnt sig í glæsilegri dökkblárri kápu sem hönnuð var af Oscar de la Renta. Þá kápu hefur Mary áður borið en hún er ófeimin við að nota fötin sín oftar en einu sinni.

Mary þykir hafa drottningarútlit, enda Danir stoltir af henni. Danir voru ekki jafnhrifnir af því að Hinrik prins, eiginmaður drottningar, mætti ekki í afmælisfagnað konu sinnar. Hinrik, sem er áttræður, var sagður vera með flensu og liggja heima. Tveimur dögum síðar var hann floginn til Suður-Evrópu og þótti mörgum það hneykslanlegt.



**FLOTT HJÓN** Mary og Friðrik koma til afmælisveislu Margrétar drottningar í Kristjánsborgarhöll. Mary þótti einstaklega glæsileg í kjól sem hannaður var að Birgit Hallstein, þekktum dönskum hönnuði.



**ÁRHÚS** Mary, Friðrik og börn þeirra, Ísabella og Kristján, koma til galaveislu sem haldin var í Árósum til heiðurs drottningu og afmæli hennar fyrr í mánuðinum.



**Í SVISS** Krónprinsinn og fjölskylda hans í skíðaferð í Sviss í febrúar. Tvö eldri börnin, Ísabella og Kristján, og tvíburarnir, Jósafína og Vincent, fædd í janúar 2011.

# SUMARGRILL

FIMMTUDAGUR **23. APRÍL 2015**

**Kynningarblað** MS, N1, Járn og gler og SS





# Einræðisherrann við grillið

**Þótt Eyjólfi Kristjánssyni þyki gaman að grilla eignaðist hann sitt fyrsta grill seint á lífsleiðinni. Ýmiss konar kjötmeti er vinsælast hjá fjölskyldunni en grilluð Klaustursbleikja telst þó til hátíðarrétta heimilisins. Hann er nægjusamur þegar kemur að tækjum og tólum.**

Tónlistarmaðurinn góðkunni Eyjólfur Kristjánsson er mikill matgæðingur og þykir fátt skemmtilegra en að grilla góðan mat í skemmtilegum félagsskap. Það var þó ekki fyrr en árið 2001 sem hann eignaðist fyrsta grillið, eða réttara sagt helming í grilli, þegar hann kvæntist eiginkonu sinni. „Fyrir þann tíma hafði ég aldrei átt grill en við giftinguna má segja að ég hafi eignast helminginn í grillinu hennar. Það var nú svo sem ekki merkilegt, þetta fyrsta grill okkar hjóna, en þarna hófst grillsagan sem stendur enn yfir og mun vonandi standa yfir í mörg ár.“



Hann segir ýmis grill hafa komið og farið gegnum árin sem liðin eru, bæði stór og smá, en alltaf hafi verið mikil stemning í kringum grilltíma fjölskyldunnar enda miklir matgæðingar þar á ferð og unnendur góðs grillmatar. Ýmiss konar kjötmeti er vinsælast á grillinu að sögn Eyjólfs þótt stöku sinnum detti á það eitthvað annað eins og fiskur og jafnvel kjúklingur.



„Ég sló svo heldur betur í gegn hjá fjölskyldunni fyrir einhverju síðan þegar mér datt í hug að grilla bleikju einn góðan veðurdag. Sá réttur er í miklu uppáhaldi á heimilinu og allir hlakka til þegar hann er á boðstólum. Nú standa yfir flutningar hjá fjölskyldunni og ætli maður noti ekki tækifærið og festi kaup á nýju grilli enda er grillið okkar orðið allslappt verð ég að segja.“

## Ekki tækjakall

Eyjólfur segir erfitt að lýsa þeirri tilfinningu sem hellist yfir hann þegar hann grillar. „Mér sýnist þetta vera nokkurs konar drottnunartilfinning. Þegar svuntan er komin yfir bumbuna og grillspaðinn kominn í hönd, þá fær maður svona einræðisherraheilkenni! En þetta er alltaf skemmtilegt og ekki síst þegar vel viðrar á mannskapinn.“

Hann er nægjusamur þegar kemur að grilltækjum og tólum. „Ég legg frekar áherslu á góðar tangir, verklega spaða og nú síðast vandaða grillbursta eftir að ég drap næstum félaga minn Stefán Hilmarsson.



„Ég legg frekar áherslu á góðar tangir, verklega spaða og nú síðast vandaða grillbursta," segir Eyjólfur Kristjánsson. MYND/GVA

Þá var hann í grillveislu heima hjá mér og það stóð í honum vír úr grillburstanum sem hafði laumað sér í T-beinssteikina hans. Sem betur fer komst hann á spítala við illan leik og bjargaðist.

Ekki veit ég hver hefði átt að syngja með mér „Nínu“ ef illa hefði farið. Því hvet ég fólk endilega að kanna ástand vírburstanna áður en teinar eru hreinsaðir.“

### Grilluð Klaustursbleikja (fyrir 4)

Keyrið á löglegum hraða út í Hagkaup, til dæmis í kjötborðið í verslun þeirra í Garðabæ. Kaupið þrjú góð flök af Klaustursbleikju. Keyrið heim á leið og aðeins hraðar núna þar sem vaktaskipti standa yfir hjá lögreglunni, en ekki mjög hratt þó.

Takið grillbakka og setjið álpappír í botninn og hliðarnar, komið bleikjunni fyrir og kryddið hana með til dæmis „Best á fiskinn“ og svolítið vel af Garlic Powder frá McCormick. Hellið slatta af Extra Virgin-ólífuolíu yfir flökin og látið standa í um eina klukkustund, jafnvel lengur.

Labbið með bakkann út á pall eða svalir, horfið vel niður fyrir ykkur svo þið hrasið ekki í stiganum eða tröppunum (algengt vandamál á mínu heimili).

Komið bakkanum fyrir á grillinu sem búið er að hita fyrirfram á mesta hita og lokið því svo. Þetta tekur um 9-11 mínútur og þá er bleikjan tilbúin. Látið hana standa í 3-4 mínútur áður en hún er snædd og þá gjarnan með kaldri grillsósu, helst frá Kjötkompaníi í Hafnarfirði, og góðu salati.

Mátulega köld flaska af Sauvignon Blanc-hvítvíni gerir þessa upplifun enn betri fyrir þá sem stunda slíkt.




Grillaðu í
sumar með
HEINZ
HEINZ
1869
CLASSIC
BARBECUE
RICH & SMOKEY
DIP AND MARINADE
℮480g
HEINZ
1869
STICKY
BARBECUE
SMOOTH & SWEET
DIP AND MARINADE
℮500g
HEINZ
ESTD 1869 ESTD
BARBECUE

# N1 býður gæðavörur frá Landmann

Landmann er þýskt gæðafyrirtæki og stærsti framleiðandi grilla í Evrópu. N1, í samstarfi við Grillbúðina sem flytur inn Landmann-vörurnar, býður viðskiptavinum sínum nú upp á hin frábæru Landmann-grill og fjölda fylgihluta frá merkinu.

N1 hefur í gegnum tíðina flutt inn mikið af grillvörum en okkur langaði að bjóða upp á heildstæða línu. Þegar Grillbúðin kynnti okkur fyrir hinu gamla og gróna vörumerki Landmann leist okkur strax vel á það. Við ákváðum í framhaldinu að hefja samstarf við Grillbúðina og taka þessar vörur inn með það að markmiði að samrýma vöruúrvalið og bjóða upp á gott merki af góðum gæðum,“ segir Kristján Rósinkransson, vörustjóri N1.

## Gamalgróið merki

„Landmann er þýskt fyrirtæki og stærsti framleiðandi grilla og garðhúsgagna í Evrópu,“ segir Einar Long hjá Grillbúðinni sem flytur inn Landmann-grillin og -grillvörurnar en Grillbúðin hefur verið starfrækt í níu ár og því með talsverða reynslu á markaðnum. Reynslan er ekki síðri hjá Landmann en fyrirtækið hóf framleiðslu á gasgrillum upp úr 1960. „Landmann-gasgrill hafa verið seld á Íslandi í 13 ár og margsannað að þau henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Einar og bætir við að afar örugg og góð varahlutaþjónusta stuðli einnig að lengri endingu Landmann-grilla.



## Tækninýjungar

Einar greinir frá því að þau grill sem verði til sölu hjá N1 séu búin nýrri tækni sem heitir PTS (Power Thermal Spreading). „Þessi tækni stuðlar að einstaklega jafnri hitadreifingu sem fæstir keppinautar Landmann ná. Þetta hefur nýlega verið staðfest með hitaprófunum af hlutlausum aðilum,“ lýsir Einar sem er afar ánægður með samstarf Grillbúðarinnar og N1. „Nú hafa viðskiptavinir okkar aðgang að vörum frá Landmann um allt land í gegnum þjónustustöðvar N1. Um leið eru þjónustustöðvar N1 komnar með heildstætt úrval af grillum og grillvörum í hæsta gæðaflokki fyrir viðskiptavini sína. “

## Gott úrval

Það sem heillaði forsvarsmenn N1 fyrst og fremst við Landmann-vörurnar voru gæðin en ekki síður mjög samkeppnishæft verð.

Úrvalið af Landmann-vörunum í N1 verður dágott. „Við leggjum áherslu á að bjóða upp á það sem viðskiptavinir okkar spyrja helst um og uppfyllum þannig þarfir þeirra. Síðan getum við alltaf bætt við úrvalið ef þörf krefur,“ segir Kristján.

Hann segir mest keypt af grilláhöldum þar sem fólk endurnýi þau reglulega. „Við erum þó sérstaklega stolt af Landmann-grillunum. Grill í dag eru alltaf að verða betri en samt einfaldari og skemmtilegri í notkun. Ekki skemmir fyrir að verðið á þeim eru mjög gott.“

Tíu þúsund króna afsláttur er af Landmann-grillunum á N1 um þessar mundir sem er sama verð og hjá Grillbúðinni. Eitt grill verður á kortatilboði í maí enda flestir komnir í sumarskapið þá og um að gera að hlakka til skemmtilegra grillstunda í sumar með góðum grillum frá Landmann.



Kristján Rósinkransson hjá N1 og Einar Long hjá Grillbúðinni eru afar ánægðir með samstarfið. MYND/ERNIR

# Ekki fikta stanslaust í matnum

Sumarið er að koma þrátt fyrir allt og ekkert kemur fólki betur í sumarskapið en ilmandi grillreykur um hverfið. Sjónvarpskokkarnir Emeril Lagrasse og Bobby Flay eru þaulvanir grillarar og hér eru nokkur góð grillráð sem þeir félagar gáfu á lífsstílssíðu Forbes.

- Til að ná jafnri eldun ætti kjötið að hafa náð stofuhita áður en það fer á grillið.
- Leyfið grillinu að hitna vel áður en kjötið fer á. Hitinn ætti að vera orðinn það mikill að ómögulegt sé að halda lófanum yfir grillinu í meira en tvær sekúndur.
- Gasgrill eru mun fljótari að hitna en kolagrill. Kolum þarf að gefa minnst hálftíma eftir að kveikt hefur verið í þeim þar til þau eru orðin alveg grá.
- Passið að grillið sé hreint. Góð regla er að hita það vel með lokið á í korter og bursta svo vel yfir grindina með bursta áður en farið er að elda.
- Berið olíu á grillgrindina þegar hún er orðin heit, áður en kjötið fer á.
- Veljið gott kjöt í samráði við fagfólkið í kjötborðinu og horfið í fiturendurnar.
- Ekki fikta stanslaust í matnum á grillinu og hafið grillið lokað. Reykurinn sleppur út ef stöðugt er verið að opna grillið og snúa sneiðunum og maturinn missir bragð. Halda skal jöfnum hita með lokið á og yfirleitt er nóg að snúa kjötinu einu sinni.
- Ef stöðugt er verið að snúa sneiðum rennur fita niður í grillið og logarnir gjósa upp. Notið tangir til að snúa kjötinu þar sem safinn rennur úr ef stungið er í kjötið með gaffli.
- Grillsósuna ætti ekki að pensla á kjötið fyrr en undir lok eldunartímans þar sem sósan brennur hratt.
- Notið hitamæli til að maturinn verði hvorki ofeldaður né hálfhrár.
- Leyfið kjötinu að bíða aðeins eftir að það er komið af grillinu áður en það er skorið og borið fram.

www.forbes.com





Veljið gott kjöt á grillið og fáið ráðleggingar fagfólks í kjötborðinu. Kjötið ætti að hafa náð stofuhita áður en það fer á grillið.



BBQ-sósan brennur hratt og því ætti ekki að pensla hana á kjötið fyrr en undir lok eldunartímans.




Nýjasta leyndarmálið þitt í eldhúsinu er komið í næstu búð. Hrefna Sætran lagaði og smakkaði til fjórar ómótstæðilegar sósur sem bíða þess að þú uppgötvir þær. Hún setti þær á krukkur sem þú getur gripið með næst þegar þú átt leið hjá með innkaupakörfuna. Þær eru hver annarri girnilegri. **Yuzu Jalapeno**, **Kremuð Chili**, **Reykt Chili Béarnaise** eða **BBQ Anís** — hverja þeirra viltu prófa fyrst?

# Grillað meðlæti gerir matinn enn betri

Það er svo skemmtilegt að taka fram grillið á vorin og prófa sig áfram með nýjungar í matargerðinni. Hér eru nokkrar uppskriftir að girnilegu meðlæti með kjöti eða fiski sem hægt er að gera á grillinu. Grænmeti er sérstaklega gott þegar það hefur verið grillað. Hægt er að grilla nánast allt grænmeti.


Það er eftirvænting í loftinu þegar grilltímabilið hefst. Það er svo gaman að grilla.

### Grilluð paprika með kirsuberjatómötum

Það er mjög gott að grilla papriku. Hún verður sæt og góð. Hér er aðferð þar sem paprikan er skorin í helminga og fyllt með tómötum og kryddi. Grillaða paprikan hentar einstaklega vel með grilluðu kjöti.

**3 rauðar paprikur**
**1 pakki kirsuberjatómatar**
**2 msk. smátt skorin fersk basilíka**
**2 hvítlauksrif, smátt söxuð**
**ólífuolía**
**salt og pipar**

Skerið paprikuna til helminga og fjarlægið kjarnann. Skerið tómatana í tvennt og setjið í skál með basilíku, hvítlauk og olíu. Blandið vel saman. Bragðbætið með salti og pipar.

Setjið paprikuna á grillið með sárið niður og grillið í nokkrar mínútur. Fyllið hana því næst með tómatablöndunni og setjið aftur á grillið í um það bil fimm mínútur. Gott er að nota svokallað „indirekte“ en þá er slökkt á miðvarmanum og maturinn eldast hægar.

### Chilli-kartöflur

Þessar kartöflur eru einstaklega góðar og passa vel með grilluðu kjöti. Ef ekki er grill við höndina má gera þetta í ofni.

**12 litlar kartöflur**
**3 msk. ólífuolía**
**¼ tsk. chilli-duft**
**½ tsk. paprikuduft**
**2 tsk. nýmalaður pipar**

Þvoið kartöflurnar vel og forsjóðið í 15 mínútur. Best er að setja þær á álpappír sem hefur verið útbúinn eins og bakki, það er brett upp á hliðarnar.

Blandið saman olíu og kryddi. Veltið kartöflunum upp úr blöndunni þegar þær hafa verið forsoðnar. Setjið á álbakkann og grillið í u.þ.b. 15 mínútur. Snúið kartöflunum á meðan þær eru að grillast.

### Grilluð lárpera með mangó og chilli

Hér er hollt og gott meðlæti sem passar vel með kjúklingi eða svínakjöti.

**4 lárperur**
**1 þroskað mangó, skorið í litla bita**
**1 rauður chilli-pipar, mjög smátt skorinn**
**safi úr 1 límónu**
**1 msk. ólífuolía**
**3 msk. ferskt kóríander**

Skerið lárperuna til helminga. Takið steininn úr. Leggið lárperuhelmingana á heitt grillið með sárið niður. Grillið í smástund.

Blandið mangó, chilli-pipar, límónusafa, olíu og kóríander saman í skál. Setjið blöndu í hverja lárperu og setjið aftur á grillið. Stillið grillið á indirekte og grillið í 3-4 mínútur. Þegar grillað er á indirekte er maturinn á minnst heita partinum á grillinu.

### Grillaður aspas

Ferskur aspas er ekta sumarmatur. Hann passar vel með öllum grilluðum mat.

**16 grænir, ferskir aspas**
**4 msk. ólífuolía**
**safi úr einni sítrónu**
**1 tsk. salt**
**nýmalaður pipar**


Grillaður aspas getur verið forréttur eða meðlæti með góðum fiski, til dæmis grilluðum laxi.

Skerið neðsta hlutann af aspasinum, þ.e. 1 cm, þar sem hann er harðastur. Setjið ólífuolíu, sítrónusafa, salt og pipar í skál. Veltið aspasinum upp úr blöndunni. Leggið á heitt grill og eldið í 3-4 mínútur þar til hann hefur fengið fallegan grilllit. Dreypið smávegis af sítrónuolíunni yfir þegar hann er kominn á disk.

### Grillaður maís

Að grilla ferskan maís er bæði einfalt og gott. Hægt er að borða hann heilan eða skera hann niður eftir að hann hefur verið grillaður.

**4 maískólfar, ferskir**
**150 g smjör**
**1 límóna, safi og börkur**
**1 rauður chilli-pipar, fræhreinsaður og smátt skorinn**
**2 msk. ferskt kóríander, smátt skorið**
**salt**

Fjarlægið blöðin utan af maísnum. Penslið hann með olíu áður en hann er settur á grillið. Grillið á meðalhita í 15-20 mínútur eða þar til hann er orðinn mjúkur og gullinn á lit. Snúið nokkrum sinnum á meðan. Ef maísinn hefur verið soðinn fyrst þarf hann styttri tíma á grillinu.

Hrærið saman smjör, límónubörk, límónusafa og chilli-pipar. Berið maísinn fram með kryddsmjörinu og salti.


Lárpera er einstaklega holl og góð. Hana er hægt að grilla.


Paprika er einstaklega góð þegar hún hefur verið grilluð. Hægt er að grilla hana eina og sér eða fylla hana með tómötum. Uppskriftin fylgir hér.


Grillaðar kartöflur með chilli-pipar passa einstaklega vel með kjöti.

# Gleðilegt grillsumar með Gott í matinn

Dagatalið segir að sumarið sé komið og þótt veðurguðirnir virðist ekki alltaf vera á sama máli er um að gera að reyna að líta björtum augum á tilveruna, setja upp sólgleraugun og byrja að grilla. Það verður bara að hafa það þó að þú þurfir að halda á regnhlíf eða klæðast úlpu á meðan því grillmatur er svo góður að það er þess virði hvernig sem viðrar.

Á vefsíðunni gottimatinn.is er að finna fjöldann allan af gómsætum og girnilegum grilluppskriftum sem gaman er að prófa. Á síðunni er sérstakur flokkur fyrir sumarlegar uppskriftir þar sem finna má rétti eins og fyllt grillbrauð með camembert, grilluð fyllt laxastykki með ferskum jurtum og gráðaosti, alls kyns ljúffenga hamborgara, sumarleg salöt og fleira til. Bara lesturinn á þessum uppskriftum nægir til að koma manni í sumarskap og því ekki seinna vænna að kíkja í heimsókn og velja sér einhvern rétt til að prófa.

Á síðunni er jafnframt haldið úti stórskemmtilegu og fjölbreyttu matarbloggi sem er kjörið að kíkja á til að fá innblástur og góðar hugmyndir. Við erum nokkuð viss um að það er spennandi grillsumar fram undan hjá þeim og því tilvalið að fylgjast vel með – hvernig sem viðrar.





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

### Law Without Walls
Lagadeild Háskólans á Bifröst á í samstarfi við Harvard og Stanford. SÍÐA 4

### Fyrir leiðtoga
MS-MLM námið forysta og stjórnun hefur slegið í gegn á Bifröst. SÍÐA 3

### Einstakt nám
Háskólinn á Bifröst býður upp á eina nám sinnar tegundar á Íslandi. SÍÐA 2

# Meistaranám

FIMMTUDAGUR 23. APRÍL 2015




## Öflugt, framsækið og spennandi meistaranám

### Viltu auka þekkingu þína og samkeppnishæfni?



### Alþjóðaviðskipti
„Metnaðarfullt fagfólk bætir hæfni mína.
*Stefán Gunnarsson*



### Lögfræði
„Námið hefur nýst mér til fulls.
*Ingvar Christiansen*



### Menningarstjórnun
„Besta ákvörðun sem ég hef tekið í lífinu.
*Edda Björgvinsdóttir*

## Kynning á meistaranámi Háskólans á Bifröst

Hverfisgötu 4-6
föstudaginn 24. apríl, kl. 16.

# MA í menningarstjórnun

## fyrir atvinnugreinar framtíðarinnar

Nám í menningarstjórnun býr nemendur undir viðamikil og oft vandasöm störf á menningar- og menntasviðinu. Markmið námsins er að veita nemendum þann grunn og þjálfun í stefnumótun, stjórnun og rekstri sem nauðsynlegur er í menningarumhverfi samtímans.

Bifröst er eini háskólinn hér á landi sem býður upp á þessa samsetningu náms og reynslan hefur sýnt að nemendur sem útskrifast með MA-gráðu í menningarstjórnun frá Bifröst eru eftirsóttir starfskraftar og samstarfsmenn á sviði menningar- og menntastjórnunar.

**MENNINGARSTJÓRNUN ER LYKILL AÐ GÓÐUM LÍFSKJÖRUM**

„Umsvif menningar hafa aukist verulega undanfarin ár og menning sem lykilþáttur í skapandi atvinnugreinum skiptir vaxandi máli í efnahagslífinu, hérlendis og erlendis. Góða menntun þarf til að ná árangri á þessum sviðum eins og öðrum. Þau sem lokið hafa meistaranámi í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst gegna ábyrgðarstörfum í íslensku samfélagi og þeim hefur farnast vel. Það að hafa lokið meistaranámi í menningarstjórnun opnar einnig tækifæri fyrir vel launuð og spennandi störf erlendis. Menningariðnaður verður stóriðja 21. aldarinnar.“

*Ágúst Einarsson prófessor*



**ÆVINTÝRI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA**

**„Ég er óendanlega þakklát fyrir allt það sem námið á Bifröst hefur gefið mér og var námið sjálft ævintýri frá upphafi til enda. Besta ákvörðun sem ég hef tekið í lífinu.“**

*Edda Björgvinsdóttir leikkona, menningarstjórnun 2013.*



„Menningariðnaður verður stóriðja 21. aldarinnar,“ segir Ágúst Einarsson prófessor.

# MA í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði

## – eina nám sinnar tegundar á Íslandi

Háskólinn á Bifröst setti síðastliðið haust á laggirnar MA-nám í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði og nú fylgir skólinn því eftir með nýrri námslínu í stjórnmálahagfræði á BA-stigi. Nú stendur því til boða heildstætt nám í þessari spennandi fræðagrein.

Stjórnmálahagfræði (e. political economy) á sér langa sögu. Hún fæst við að greina flókið samspil markaða, laga, samfélags og hins opinbera, en hvergi eru til hreinir markaðir sem eru ómengaðir af íhlutun ríkisvaldsins. Með aðferðum stjórnmálahagfræðinnar eru hagfræðilegir þættir settir í víðara félagslegt og stjórnmálalegt samhengi. Hún lætur sig ekki aðeins varða hagvöxt og verðmætasköpun, í þröngum skilningi hagfræðinnar, heldur einnig skiptingu auðs og pólitíska stefnumótun. Nám í stjórnmálahagfræði veitir gagnrýna sýn á stjórn- og efnahagsmál og færir nemendum öflug tæki til þjóðfélagsrýni og greiningar á efnahagslífi, viðskiptum og stjórnmálum.

**„Stjórnmálahagfræði fæst við að greina flókið samspil markaða, laga, samfélags og hins opinbera.**

Samhliða þróun heimsmála undanfarna áratugi, hnattvæðingu og auknum alþjóðlegum viðskiptum hefur alþjóðlegri stjórnmálahagfræði (e. international political economy) einnig vaxið fiskur um hrygg og mikilvægi hennar sem sjálfstæðrar fræðigreinar aukist. Í alþjóðlegri stjórnmálahagfræði er rýnt í samspil alþjóðamarkaða og ríkjakerfis og greint hvernig efnahagslegir, lagalegir og stjórnmálalegir þættir vefjast og ýmist liðka fyrir eða hindra alþjóðaviðskipti. Skoðað er hvernig ríki og alþjóðastofnanir móta umhverfi alþjóðlegra viðskipta og hvernig auður og vald dreifist og fléttast saman í heimskerfinu.



Þótt myndast hafi ýmsar reglur og hefðir eru á alþjóðasviðinu engir dómarar sem fara með vald til að túlka reglur og engir þingmenn til að endurskoða og setja nýjar reglur. Hefðirnar, stofnanirnar og reglurnar eru síbreytilegar og þróast eftir aðstæðum.




Meistaranám í forystu og stjórnun er fyrir fólk sem vill búa sig undir forystu- og stjórnunarstörf og þá sem vilja styrkja sig og efla sem stjórnendur og leiðtogar.

# MS-MLM í forystu og stjórnun

## Góður leiðtogi nær betri árangri

**Meistaranám í forystu og stjórnun** er fjölbreytt og krefjandi nám fyrir fólk sem vill búa sig undir forystu- og stjórnunarstörf og fyrir þá sem vilja styrkja sig og efla sem stjórnendur og leiðtogar. Námið gefur nemendum hagnýta þekkingu og dýpkar fræðilegan skilning á árangursríkri forystu.

Auk þess undirstrikar og styður námið við hlutverk Háskólans á Bifröst sem er m.a. að undirbúa fólk fyrir forystustörf í atvinnulífi og samfélagi og því eru fjölbreyttir áfangar í boði sem mynda bæði fræðilegan og hagnýtan grunn. Meðal annars er sérstök áhersla á þjónandi forystu, margar ólíkar kenningar innan leiðtogafræðanna, samskipti og samskiptahæfni.

**FORYSTA OG STJÓRNUN SLÆR Í GEGN**

Meistaranám í forystu og stjórnun hóf göngu sína síðasta haust og hefur hlotið frábærar viðtökur og metaðsókn.

*Námið er einstakt í sinni röð og hvergi annars staðar á Íslandi er í boði meistaranám í leiðtogafræðum.*

> **Markmið okkar er að undirbúa og efla nemedur fyrir forystustörf í atvinnulífi og samfélagi. Þannig þjónum við bæði nemendum og samfélaginu**

# MS-MIB í alþjóðaviðskiptum

## Tækifærin leynast víða

**Meistaranám í alþjóðaviðskiptum** er fjölbreytt og krefjandi nám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í atvinnulífinu. Sérstök áhersla er á stefnumótun og markaðssetningu nýrra viðskiptahugmynda að erlendum mörkuðum, þjálfun nemenda í að meta tækifæri með gagnrýnum hætti til úrbóta og sóknar á meginsviðum þeirra fyrirtækja sem þeir starfa fyrir.

„Það mikilvægasta fyrir stjórnendur á hverjum tíma eru upplýsingar um aðferðir og leiðir til að ná bættum árangri í rekstri fyrirtækja. Meistaranám í alþjóðaviðskiptum við Háskólann á Bifröst byggist á hagnýtum fræðigreinum sem kenndar eru af metnaðarfullu fagfólki og mun efla hæfni mína og sjálfstraust til að takast á við krefjandi verkefni í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi.“

*– Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri Guðmundar Jónassonar*


Stefán Gunnarsson

## Opið nám – þú ræður ferðinni!

**Háskólinn á Bifröst býður upp á opið nám þar sem hægt er að skrá sig í stök námskeið í fjarnámi á viðskipta- og félagsvísindasviði. Opið nám er tilvalið fyrir þá sem vilja bæta og auka þekkingu sína með meistaranámi á sínum eigin hraða samhliða vinnu.**

## Góðir gestir á vinnuhelgum á Bifröst


Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar.


Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.


Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.


Elínrós Líndal, hjá Samtökum iðnaðarins.

# Fjarnám með sterk tengsl við atvinnulífið

Háskólinn á Bifröst er leiðandi í **fjarkennslu** á Íslandi, sérsniðinni að þörfum nemenda þar sem blandað er saman fræðilegri kennslu og hagnýtri verkefnavinnu.

Námið fer að jafnaði fram í sjö vikna lotum með krefjandi og raunhæfum verkefnum sem skipulögð eru af úrvalsliði kennara úr háskólasamfélaginu og atvinnulífinu.

Í hverju námskeiði er boðið upp á vinnuhelgar á Bifröst þar sem unnið er með námsefnið og kafað dýpra með kennurum og samnemendum. Unnið er í sameiningu með námsefnið á hagnýtan hátt og farið yfir mikilvægustu þættina til að dýpka skilning og efla samstarf.

> **Námið er skipulagt af úrvalsliði kennara úr háskólasamfélaginu og atvinnulífinu.**

LAWWITHOUTWALLS®
THE FUTURE OF LAW, TODAY



Lögfræðisvið Háskólans á Bifröst á í alþjóðlegu samstarfi bestu lagadeilda í heimi sem gengur undir nafninu Law Without Walls. Markmið þess er að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga á atvinnumarkaði og umbylta þekktum aðferðum við lögfræðikennslu.

# ML í lögfræði – Lögfræðingar með nýja sýn

**Laganám á Bifröst veitir sömu réttindi að loknu meistaraprófi og laganám í öðrum háskólum á Íslandi. Megináhersla er lögð á nám í kjarnagreinum lögfræðinnar ásamt þeim greinum viðskiptafræðinnar sem tengjast rekstri og fjármálum.**

Námið er sérsniðið að þörfum nemenda sem lokið hafa grunnnámi í almennri lögfræði eða viðskiptalögfræði og vilja hasla sér völl á hefðbundnum starfsvettvangi lögfræðinga.

Markmið ML-náms í lögfræði er að veita nemendum trausta, fræðilega þekkingu á sviði lögfræði með áherslu á þjálfun fræðilegra og hagnýtra þátta sem snúa að lögmannsstörfum og almennum ráðgjafar- og lögfræðistörfum.

Möguleikar viðskiptalögfræðinga að loknu námi eru margvíslegir og er námið góður undirbúningur fyrir krefjandi störf í atvinnulífinu. Flestir kjósa að ljúka ML-gráðu í lögfræði og uppfylla nemendur að henni lokinni almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

## LÖGFRÆÐINÁMIÐ Á BIFRÖST HEFUR NÝST MÉR TIL FULLS

Ingvar Christiansen er útskrifaður lögfræðingur frá Háskólanum á Bifröst en starfar núna hjá Landsvirkjun. „Lögfræðinámið á Bifröst hefur nýst til fulls og reynst mér mjög hagnýtt og gagnlegt í störfum mínum. Hvort sem um er að ræða þá fræðilegu þekkingu sem nemendur öðlast eða færni við að leysa krefjandi verkefni eða framkomuþjálfun og mikil mannleg samskipti, þá eru þetta allt þættir sem gagnast Bifrestingum í atvinnulífinu.“

Ingvar starfar sem lögmaður og lögfræðilegur ráðgjafi hjá Landsvirkjun og segir að starfsnám hafi verið lykillinn að því starfi. „Hluta af ML-náminu á Bifröst var hægt að taka sem starfsnám. Ég valdist í það verkefni að vera starfsnemi hjá Landsvirkjun. Í kjölfarið var mér boðið sumarstarf hjá fyrirtækinu og svo koll af kolli. Ég er ekkert einsdæmi þegar kemur að því að Bifrestingar fái framtíðarstörf í kjölfar starfsnáms og því vil ég hvetja alla Bifrestinga sem hafa tök á því að nýta sér starfsnám þar sem það er í boði.“

## TÍMAMÓT Í ÍSLENSKRI RÉTTARSÖGU

Guðfinnur Stefánsson útskrifaðist frá Háskólanum á Bifröst með ML-gráðu í lögfræði og var nýlega settur til að gegna embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Guðfinnur er fyrsti dómarinn við íslenskan dómstól sem ekki er útskrifaður frá Háskóla Íslands.

„Það er mikið ánægjuefni að lögfræðingur frá Háskólanum á Bifröst skuli ná þessum áfanga. Það var einmitt Háskólinn á Bifröst sem reið á vaðið og hóf að veita HÍ öfluga samkeppni í laganámi árið 2001. Við lítum á þessi tímamót sem staðfestingu á gæðum námsins sem hér er boðið upp á og vitnisburð um það öfluga starf sem unnið er á lögfræðisviði Háskólans,“ segir Helga Kristín Auðunsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst.



Guðfinnur Stefánsson



Ingvar Christiansen

## LAW WITHOUT WALLS

Lögfræðisvið Háskólans á Bifröst er með í alþjóðlegu samstarfi bestu lagadeilda í heimi sem gengur undir nafninu Law Without Walls. Markmið þess er að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga á atvinnumarkaði og umbylta þekktum aðferðum við lögfræðikennslu. Verkefnið miðar að því að nemendur fái víðari sýn á fræðin og nýti menntun sína í auknum mæli til nýsköpunar.

Auk Háskólans á Bifröst taka meðal annars þátt virtir skólar á borð við Harvard og Stanford og á hverju ári tilnefnir Bifröst nokkra nemendur til þátttöku í verkefninu.

> „Til viðbótar við kjarnagreinar í lögfræði læra útskrifaðir nemendur frá Bifröst ýmislegt annað sem er ekki kennt annarsstaðar, t.d. að geta lesið ársreikninga og þekkt ýmis lykilhugtök í rekstri fyrirtækja

Umsóknarfrestur er til 15. maí



Kynning á meistaranámi Háskólans á Bifröst

Föstudaginn 24. apríl kl. 16 að Hverfisgötu 4-6.

Dagskrá:
Kl. 16.00 Menningarstjórnun MA
Kl. 16.15 Alþjóðleg stjórnmálahagfræði MA
Kl. 16.30 Forysta og stjórnun MS / MLM
Kl. 16.45 Alþjóðaviðskipti MS / MIB
Kl. 17.00 Lögfræði ML

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir

heimkaup.is



# LANDMANN

# GÆÐA GASGRILL Í MEIRA EN 40 ÁR!

~~129.990,-~~ **114.990,-**

~~109.990,-~~ **89.990,-**

**LANDMANN**

**Miton 4**

Þetta grill er með fjórum brennurum og stærra eldunarsvæði.
Að sjálfsögðu einnig úr ryðfríu hágæða stáli. PTS hitadreifikerfi!

- Búið PTS hitadreifikerfinu
- 4 ryðfríir brennarar með rafkveikju
- Hliðarhella
- Tvöfalt lok með innbyggðum hitamæli
- 4 hjól þar af 2 læsanleg
- Eldunarsvæði 70 x 46

**LANDMANN**

**Miton 3**

Glænýtt grill frá Landmann. Miton línan er úr hágæða ryðfríu stáli og kemur með hliðarhellu og hitamæli í loki. PTS hitadreifikerfi!

- Búið PTS hitadreifikerfinu
- 3 ryðfríir brennarar með rafkveikju
- Hliðarhella
- Innbyggður hitamælir í loki
- Eldunarsvæði 58 x 46 cm

**Brennararnir eru hjarta gasgrillsins** en það er ekki nóg að horfa á fjölda eða afl því lykilatriðið er hitadreifingin. Misjafn hiti leiðir til þess að sumt brennist meðan annað er óeldað.

**PTS hitadreifikerfið** tryggir jafnari hitadreifingu en áður hefur þekkst. Þetta sést vel þegar hitamyndir af venjulegum grillum eru bornar saman við myndir af Landmann með PTS hitadreifikerfinu!

POWER THERMAL SPREADING SYSTEM



PTS hitadreifikerfið | Án PTS



Kynningarverð **159.990,-**

**LANDMANN**

**Avalon 4 brennara**

Ný og endurbætt útgáfa af þessu verðlaunagrilli frá Landmann.
Þetta grill er búið PTS hitadreifikerfinu!

- Lok úr burstuðu stáli
- 4 brennarar úr stáli og hliðarhella
- Grillbotninn er Postulíns Emaleraður að innan og utan sem tryggir lengri endingu



RAFDRIFINN GRILLTEINN

Kynningarverð **249.990,-**

**LANDMANN**

**Avalon 5 brennara**

5 brennarar. Grillið er einnig búið einum innrauðum (infrared) fyrir snöggsteikingu. PTS hitadreifikerfi!

- Gashella í hliðarborði
- Grillteinn með rafmagnsmótor
- Grillgrindur eru úr pottjárni til að skapa sem mestan yfirborðshita
- 1 Innrauður (Infrared) brennari fyrir snöggsteikingu - Gefur álika hita og bestu gerðir kola.
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- 1 Bakbrennari fyrir grilltein



FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐU!

~~599.990,-~~ **499.990,-**

**LANDMANN**

**Avalon 6 brennara**

Hér er ekkert til sparað - sannkallað útieldhús! Samtals sex brennarar. Innrauður (Infrared) brennari og bakbrennara fyrir rafdrifna grillteininn. Borðplata úr granít og innbyggt kælibox. Yfirbreiðsla fylgir! 150 kg

**- eins gott að heimsendingin er frí!**

- Hliðarhella úr granít
- Hitamælir í loki
- Grillteinn með rafmagnsmótor
- Innrauður (infrared) bakhitari sem tryggir jafna grillun á snúningspinnanum
- Risastór grillflötur: 91x45,5 sm
- Innbyggð LED lýsing
- Ofl. ofl.



GLÆSILEGUR VIÐARVAGN

~~94.990,-~~ **79.990,-**

**LANDMANN**

**Falcon 3 brennara**

Mjög vandað grill á fallegum viðarvagni. Frábært verð!

- 3 ryðfríir brennarar
- Grillflötur 58 x 46,5
- Viðarvagn úr sænskum Hillerstrorps við.
- Hitamælir í loki
- Rafkveikja



MEÐ HLIÐARHELLU

~~109.990,-~~ **84.990,-**

**LANDMANN**

**Falcon 3 brennara með hliðarhellu**

Hér er Falcon 3 grillið komið með hliðarhellu.

- 3 Ryðfríir brennarar og hliðarhella.
- Grillflötur 58 x 46,5
- Hitamælir í loki
- Rafkveikja

**LANDMANN**

**Þýska fyrirtækið Landmann** hefur þjónað grillmarkaðinum í meira en 40 ár.

Við erum því einstaklega ánægð að geta boðið viðskiptavinum okkar þessi vönduðu grill á frábæru verði
**- og auðvitað er frí heimsending!**



KAUPAUKI MEÐ LANDMANN GRILLUNUM!

Russell Hobbs

**Flottar rafmagns salt- og piparkvarnir frá Russell Hobbs með innbyggðu ljósi fylgja öllum LANDMANN grillunum!**

# Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

**Öryggi - Ekkert mál að skila eða skipta**

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Frí heimsending samdægurs**

Pantaðu fyrir kl. 17:00 og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

**Heimkaup.is**

Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

HEIMKAUP

# Þrjátíu ár á markaði

**Í ár eru liðin þrjátíu ár síðan Genesis-grillið frá Weber kom fyrst á markað. Segja má að grillið hafi markað upphafið að því stórfyrirtæki sem Weber er orðið í dag.**

Fyrir árið 1985 var Weber lítið fyrirtæki í Norður-Ameríku sem var þekkt fyrir framleiðslu á kolagrillum. „Weber var þekkt fyrir kolagrillin sín frá því að stofnandinn, George Stephen, fann upp og hannaði fyrsta kúlukolagrillið árið 1952 sem þótti mikil bylting á þeim tíma," segir Sævar Þ. Guðmundsson, starfsmaður Járns og glers, umboðsaðila Weber á Íslandi. Hann segir Weber hafa viljað gera betur með sitt fyrsta gasgrill en aðrir á markaðnum. „Öll gasgrill á þessum tíma höfðu steina eða hraunmola til að dreifa hitanum og til að reyna að ná því bragði sem kolagrill gefur en þeir höfðu þann galla að drekka í sig alla fitu sem svo kviknaði í og brenndi það sem verið var að grilla. Þetta vildu hugmyndasmiðir Weber leysa og koma með eitthvað nýtt."



Sævar Þ. Guðmundsson hjá Járni og gleri við nýtt Weber-grill. MYND/ERNIR

## Lausnin fundin

Eftir mikla hugmyndavinnu, prófanir og margar feitar steikur grillaðar töldu þeir sig vera komna með lausnina; V-laga járn með nákvæmlega réttum halla til að taka við fitunni sem rann síðan niður framhjá brennurunum og niður í bakka sem safnaði saman allri fitu. Þegar fitan lenti á heitum járnunum þá myndaðist reykur sem gaf bragð í það sem verið var að grilla. „Einn daginn var borin fram steik fyrir George Stephen, grilluð á þessu nýja gasgrilli sem var í hönnun og þegar hann sagði: „Þetta er það sem ég kalla alvöru kolagrillaða steik!" þá voru þeir fullvissir um að rétta lausnin var fundin," útskýrir Sævar. Á þessum þrjátíu árum hefur Genesis-grillið tekið ýmsum útlitsbreytingum, en það sem þótti mesta byltingin með þessu nýja grilli, bragðburstirnar, fitusöfnunarbúnaðurinn og aðrir hlutir sem þóttu nýjungar á þeim tíma eru enn óbreyttir.



Fyrsta Genesis-grillið frá Weber frá árinu 1985.

## *Grænmeti á grillið*

Margt grænmeti bragðast einstaklega vel grillað og passar vel við flest allt kjöt- og fiskmeti. Grillmeistarar landsins ættu því endilega að prufa sig áfram í vor og sumar með sem fjölbreyttustum tegundum sem í boði eru hérlendis.

Grillaður kúrbítur er til dæmis frábært meðlæti en hann er skorinn þversum í nokkrar tæplega 0,5 cm þykkar sneiðar. Þær eru penslaður með olíu og kryddaður með salti og pipar eða öðru kryddi. Hentar vel með flestu kjöti og fiski.

Grillaðar gulrætur gætu virst framandi en þær bragðast vel með flestum grillmat. Þá er gott að nota stærri gulrætur og sneiða þær þversum í nokkrar sneiðar. Þær eru fyrst settar í sjóðandi vatn í 1-2 mínútur, kældar og því næst penslaðar með olíu og kryddaðar að smekk áður en þær eru settar á grillið.

Grillaðir ferskir maísstönglar eru frábært meðlæti með kjöti og sem aðalréttur. Ysta lagið er hreinsað af og þeir lagðir í bleyti í 10 mínútur. Næst eru þeir penslaðir með olíu og kryddaðir eftir smekk en salt og pipar er klassísk blanda. Stönglarnir eru grillaði í 10-15 mínútur og passa þarf að snúa þeim reglulega svo allar hliðar grillist. Venjulegt smjör eða gott kryddsmjör fullkomnar svo eldamennskuna. Ef ferskir stönglar fást ekki má bjarga sér með frosnum.

Ferskur aspas er sérstaklega ljúffengur með flestu kjöti. Honum er velt upp úr olíu, kryddaður með salti og pipar og grillaður skamma stund á vel heitu grilli.



# Grillar meira að segja ostaslaufur

**Grillið og verið glöð er hálfgert mottó hjá Hreggviði Ársælssyni enda grillar hann allan ársins hring. Honum finnst grillmatur vera bestur og hefur gaman af því að bjóða vinum heim til sín til að njóta góðra stunda og matar.**

Hreggviður Ársælsson, grafískur hönnuður og grillari með meiru, grillar allan ársins hring og segist gera það svo lengi sem það sé ekki sunnan þrjátíu stormur. „Ég ólst upp við það að það var mikið grillað á heimilinu. Þó það væri snjór langt upp í mitti á Akureyri þar sem ég bjó þá var snjórinn bara mokaður frá og grillið notað."

Hreggviður segir grillmat einfaldlega vera besta matinn enda grillar hann alla vega tíu sinnum í mánuði. Hann segir að það sé alltaf hægt að grilla, ef veðrið er brjálað þá klæðir hann sig bara betur. „Ég grilla um það bil alltaf þegar mig langar til, það er engin regla á því. Fólki fannst merkilegt að ég væri meira að segja farinn að grilla ostaslaufur, en þetta er bara eins einfalt og hægt er. Ég stekk bara út á pall og grilla þær þannig að það kemur meiri stemning í þær og þær verða betri við morgunverðarborðið," segir hann og brosir.

Ostaslaufur eru ekki það eina sérstaka sem Hreggviður hefur grillað því í fyrrasumar datt honum í hug að skella snjókrabba á grillið. Krabbinn var að vísu forsoðinn en Hreggviður segir það hafa skapað ákveðna stemningu að hita hann á grillinu. „Fólk ætti endilega að hugsa út fyrir kassann og prófa sig áfram, ekki alltaf grilla bara það sama. Það besta sem ég fæ til dæmis er grilluð hrossalund, jafnvel beikonvafin. Það gleymist hins vegar oft í grillheiminum að einföldustu mínútusteikur sem kosta varla neitt geta verið hinn besti matur ef þær eru matreiddar og grillaðar rétt. Ef til dæmis nautamínútusteikum eða svínasnitseli er leyft að liggja í góðum legi þá brotnar það niður og verður mjög skemmtilegt, meyrt undir tönn og bragðgott."

Hreggviður á erfitt með að gefa uppskrift að góðri steik því uppskriftirnar eru aðeins í höfðinu á honum sjálfum og í þeim eru hlutföll óljós og aðallega „dassað". „Ég á mikið af uppskriftabókum sem ég styðst við en mér finnst skemmtilegra að brjóta allar uppskriftir upp. Mér finnst gaman að sjá í uppskriftum að það sé hægt að fara aðrar leiðir sem mér finnst alltaf skemmtilegra að fara. Þegar ég grilla rautt kjöt þá er það einfalt, bara salt og pipar og ekkert meira með því. Þegar ég er með svínakjöt eða kjúkling þá leik ég mér meira með olíur, edik, rauðvíns- eða bjórblöndur."



Kofta kebab. Hreggviður er duglegur að taka myndir af matnum og setja þær á Instagram.





Teriyaki-spjót og uppáhaldsbjór Hreggviðs sem honum finnst gott að drekka á meðan hann grillar.



Hreggviður er hrifinn af kolagrillinu en segir gasgrillið vera hentugra á heimilinu. Hann notar kolagrill þegar hann er á ferðalögum og hefur tíma en væri til í að eiga hvort tveggja heima hjá sér.



Pepperoni-pitsa



Lambahryggur



Helsta nýjungin frá SS er Fjörulambið sem kemur á markað á næstu dögum. „Við erum mjög spenntir fyrir þessari línu. Í kryddlöginn notum við söl sem gefur kjötinu örlítinn sjávarkeim en alls ekki yfirþyrmandi,“ lýsir Jón. MYND/STEFÁN

# Fjörulamb frá SS er tilvalið á grillið

**Grillsumarið er hafið hjá SS. Þar á bæ verður boðið upp á 25 tegundir af kjötvörum á grillið í sumar. Þar ber hæst Fjörulambið sem SS hefur þróað og kemur nýtt á markað á næstu dögum. Lambið fær dálítinn sjávarkeim frá sölvum sem eru notuð í kryddblönduna.**

Úrvalið af grillvörum er svipað í sumar og síðastliðin ár. Við bjóðum upp á 25 kjötvörur, sumar klassískar og aðrar nýjar, en allar úr íslensku kjöti,“ segir Jón Þorsteinsson vöruþróunarstjóri SS. Vinsælasta grillkjötið að sögn Jóns er SS kryddlegið sem hefur verið á markaði í fjölmörg ár og er sívinsælt meðal landans. „Í þeirri línu eru aðallega lambatvírifjur og lærissneiðar og ein tegund af svínakótelettum,“ segir hann og telur upp fleira sem er tilvalið á grillið. „Við bjóðum til dæmis upp á hálflæri en það er læri sem er sagað eftir endilöngu. Það er helmingi þynnra en venjulegt læri sem gerir eldunartímann styttri og því mjög gott að grilla það. Þá er kryddlegna folaldakjötið einnig mjög gott,“ segir Jón og bendir á að folaldakjötið sé að verða mun eftirsóttara en áður. „Fólk er að átta sig á hvað þetta er gott kjöt, enda er varla hægt að klúðra því, það er alltaf mjúkt og gott.“

### Fjörulamb án aukefna

Helsta nýjungin frá SS er Fjörulambið sem kemur á markað á næstu dögum. „Við erum mjög spenntir fyrir þessari línu. Í kryddlöginn notum við söl sem gefa kjötinu örlítinn sjávarkeim en alls ekki yfirþyrmandi,“ lýsir Jón en fjórar tegundir verða í boði í línunni. Það eru læri, file, rib-eye og framhryggjarsneiðar. „Línan er einnig án allra aukefna en við höfum verið að fikra okkur áfram í þá átt hin síðari ár enda talsverður áhugi fyrir því hjá neytendum okkar.“

### Virk vöruþróun

Fjörulambið er afrakstur öflugs vöruþróunarstarfs sem fram fer innan SS. „Við prófum gríðarlega margt sem aldrei kemur á markað,“ segir Jón glettinn en hugmyndirnar að nýjum vörum koma víða að. „Við fáum hugmyndir frá neytendum, starfsmönnum og öðru fólki sem við vinnum með. Hjá SS starfar vöruþróunarhópur sem samanstendur af fólki úr markaðsdeild, söludeild og framleiðsludeild og hann leggur línurnar um hvað við viljum þróa áfram og hvað er vænlegt til árangurs,“ segir Jón en stór hluti af starfinu snýst einnig um að elda og smakka. „Oftast fer það fram hér innanhúss en stundum sendum við vörur út í smakk. Við höfum til dæmis sent mat sem ætlaður er börnum í leikskóla til að fá umsögn um hvað þeim finnst. Þannig fáum við hugmynd um hvort við séum á réttri leið.“



### Hálfúrbeinuð læri þægileg

SS byrjaði á því í fyrra að hálfúrbeina öll kryddlegin læri og framhald verður á því í ár. „Þá tökum við út tvö bein úr lærinu, rófubein og mjaðmabein, en skiljum legginn eftir. Með þessu móti er mjög auðvelt að skera lærið niður því það þarf ekki að sneiða fram hjá beinum. Að auki fær fólk mun meira af kjöti og minna af beinum í pakkanum,“ segir Jón en þessari nýjung hefur verið mjög vel tekið. „Fólk er mjög ánægt enda mun auðveldara að eiga við lærið í þessu formi.“

### Pylsuúrval eykst

Pylsumenningin á Íslandi hefur þróast talsvert síðustu ár og endurspeglast það í úrvalinu hjá SS. „Við erum með fjölmargar tegundir á grillið. Til dæmis ítalskar grillpylsur og katalónskar bratwurst-pylsur sem fengu gullverðlaun í síðustu fagkeppni kjötiðnaðarmanna. Við erum einnig með hefðbundnar bratwurst-pylsur, pólskar pylsur, danskar pylsur og svo þessar klassísku SS-pylsur,“ telur Jón upp. Hann segir að áhugi fólks á pylsum hafi aukist mjög og það sé mjög þakklátt fyrir aukið úrval af íslenskum útgáfum þeirra.



ÚRVALIÐ AF GRILLVÖRUM FRÁ SS ER MIKIÐ. HÉR ER BROT AF ÞVÍ SEM Í BOÐI ER.



# Grillaðir eftirréttir eru ljúffengir

Það er hægt að nýta grillið í meira en að grilla kjöt. Hægt er að matreiða á grillinu forrétti, aðalrétti og eftirrétti. Til dæmis er hægt að baka bæði brauð, pítsur og kökur á grillinu. Best er að nota gasgrill því þá er hægt að stýra hitanum. Ef grillið er með þremur brennurum er oft gott að slökkva á þeim sem er í miðið þannig að hitinn sé ekki beint undir. Með heitum eftirréttum af grillinu er frábært að hafa ís.

## Grillaðar ferskjur með portvíni og mascarpone
**(fyrir fjóra)**

**250 g** mascarpone
**1** egg
**3 msk.** sykur
Safi og börkur af einni sítrónu
**4** ferskjur
**1 dl** portvín

Setjið egg í skál ásamt 2½ msk. af sykri og þeytið saman. Mascarpone er settur í aðra skál og hrærður vel út. Hrærið síðan eggjablöndunni varlega saman við ostinn og gætið að því að ekki séu kekkir í blöndunni.

Hrærið síðan sítrónusafa og sítrónuberki saman við. Skerið ferskjurnar í tvennt og takið steininn úr. Setjið út í skál með portvíni og látið marínerast í að minnsta kosti 30 mínútur.

Takið ferskjurnar úr og hitið upp portvínið ásamt ½ skeið af sykri og látið malla í smástund þar til blandan þykknar. Grillið ferskjurnar á heitu grilli. Penslið þær með portvíninu og snúið á grillinu.

Berið ferskjurnar fram með mascarpone-kreminu og portvíninu.



Ferskan ananas er auðvelt að grilla og öllum finnst hann dásamlegur.

## Grillaður ananas með karamellusósu
**(fyrir fjóra)**

Ferskur ananas er einstaklega góður þegar hann hefur verið grillaður. Skerið innsta kjarnann frá. Ananasinn er góður með vanilluís.

**1 ferskur ananas**
Skerið toppinn og botninn af ananasinum og skiptið honum síðan í átta hluta.

Gott er að strá smá sykri yfir ananasinn áður en hann er settur á grillið. Þá fær hann fljótt á sig gullinn blæ. Berið fram með karamellusósu og vanilluís.

***Karamellusósa***
**2 dl** rjómi



Það er auðvelt að skella í eina brúnköku og baka á grillinu.

**1 dl** púðursykur
**1 dl** ljóst síróp
**100 g** smjör

Hitið rjómann, sykurinn, síróp og helminginn af smjörinu. Látið malla í 10-15 mínútur þar til blandan fær á sig brúnan lit og er orðin jöfn og fín. Bætið þá hinum helmingnum af smjörinu við. Þegar sósan er mátulega þykk er hún kæld niður.

## Súkkulaðikaka bökuð á grillinu

Það er alveg hægt að baka á grillinu. Til dæmis ljúffenga súkkulaðiköku (brownie). Þú þarft að hafa gott álform til að baka í. Ekki ætti að vera mjög hár hiti þegar bakað er á grillinu. Þessa köku er einfalt að gera, til dæmis í sumarbústaðnum.



Grillaðar ferskjur eru mikið lostæti.

**Það sem þarf:**
**3 dl** sykur
**4 msk.** kakó
**1½ dl** hveiti
**1 tsk.** vanillusykur
**1 tsk.** salt
**150 g** brætt smjör
**2** egg

Blandið öllum þurrefnum fyrst saman. Bætið því næst eggjum og smjöri saman við og hrærið allt vel saman. Setjið deigið í tvö vel smurð álform, 23x18 cm og bakið við vægan hita í 15-20 mínútur.

Kakan á að vera örlítið blaut. Stráið flórsykri yfir og berið fram með **berjum og ís.**



# GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA





Q 2200 á fótum



Q 1200



Q 3200

www.weber.is



## EINFALT KRYDDSMJÖR Á GRILLSTEIKINA

**Bragðmikið kryddsmjör** er ómissandi í bakaða kartöflu og á grillaða steik. Heimalagað kryddsmjör er einfalt að útbúa og slær örugglega í gegn hjá gestum.

**2 hvítlauksgeirar**
**Knippi af savory-kryddjurt eða timjan (ca. 20 g)**
**Klípa af sjávarsalti**
**250 g af ósöltu smjöri, mjúku**

**Merjið hvítlaukinn,** krydd-jurtirnar og saltið saman í mortéli eða í matvinnsluvél. Blandið svo saman við mjúkt smjörið og hrærið vel saman. Mokið kryddsmjörinu á bökunarpappír og vefjið pappírnum í rúllu utan um smjörið og kælið þar til það er orðið vel stíft.

Skerið svo niður í hæfilegar sneiðar á rjúkandi heita steikina og í bakaða kartöflu.

Uppskrift eftir Jamie Oliver af www.foodnetwork.com



## BANANI MEÐ KANIL

**Banani á grillinu**

**Banani er** sérlega góður þegar hann hefur verið grillaður. Algengast er að kljúfa hann í tvennt, taka úr hýðinu og setja á grillið. Líka er hægt að grilla hann heilan, opna hýðið að ofan og stinga þar inn súkkulaðibitum sem gerir gott bragð. Borið fram með ís.

**Hér er** uppskrift þegar hann er tekinn úr hýðinu og klofinn í tvennt.

**1 banani**
**1 msk. sykur**
**1 msk. kanill**

**Kljúfið bananann** og stráið yfir hann kanilsykri á báðum hliðum. Leggið á heitt grill í smá stund og snúið síðan við. Bananinn er borinn strax fram með vanilluís og jafnvel karamellusósu. Einn stór banani getur dugað fyrir fjóra.

## HOLLAR KALDAR GRILLSÓSUR

**Tilbúnar kaldar** grillsósur eru ágætar til síns brúks en það er einfalt og fljótlegt að búa til eigin grillsósur sem auk þess eru yfirleitt hollari. Þær má einnig búa til deginum áður til að spara tíma. Hér eru tvær einfaldar uppskriftir frá Ásdísi Rögnu Einarsdóttur grasalækni þar sem áherslan er lögð á hollustu og næringu:

**Agúrku-raitasósa:** 1 agúrka, ½ dós grísk jógúrt, 1 hvítlauksrif, ½ tsk. kúmínduft, 1-2 vorlaukar saxaðir, fersk mynta söxuð, salt/pipar. Agúrkan er rifin gróft á rifjárni og safinn sigtaður frá. Næst er hún söltuð og látin standa í nokkrar mín. Hinu hráefninu er blandað saman og agúrku bætt saman við.

**Satay-hnetusósa:** 125 g gróft lífrænt hnetusmjör, 1 fínt saxaður skalottulaukur, 1 tsk. saxað engifer, 1 kjarnhreinsaður rauður chilipipar, 300 ml. kókósmjólk eða sýrður rjómi (má nota lífrænt majónes), safi úr ½ lime, 1 tsk. pálmasykur, 1 tsk. tamari-sojasósa, ¼ búnt ferskt kóríander. Allt sett í matvinnsluvél eða blandara.

**Heimild: www.grasalaeknir.is**





# Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR VEL

**ICECARE KYNNIR** *Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

**EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL**

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir. „Ég starfa sem klæðskeri og hönnuður og starfinu fylgir oft mikið álag. Stundum er ég nánast ofvirk og hausinn oft fullur af hugmyndum sem ég þarf að framkvæma,“ segir hún og brosir.

„Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina, var oft vöknuð um klukkan fjögur á næturnar og átti erfitt með að sofna aftur. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til, en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn.“

Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist líka vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það betur. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!

Mér líður svo miklu betur eftir að ég næ fullum svefni, er í betra jafnvægi allan daginn og þá verður allt annað líka í betra jafnvægi.“




**SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN**

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Það er ekki óalgengt að vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð. Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar.



**EINA SEM HJÁLPAR** Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), Melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelis-taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.

# FRÁBÆR LAUSN

*Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum sem slá á einkenni tíðahvarfa.*

Ég ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur eftir að hafa lesið frásögn konu í blaði þar sem hún lýsti ánægju sinni með vöruna,“ segir Soffía Káradóttir sem á þeim tíma var að byrja á breytingaskeiðinu en vildi ekki nota hormóna. „Ég fann fyrir hitakófum, fótaóeirð, skapsveiflum, líkamlegri vanlíðan og vaknaði oft á nóttunni.“

Eftir að Soffía hafði tekið Femarelle inn í aðeins tíu daga hurfu öll einkenni breytingaskeiðsins. „Nú fæ ég samfelldan svefn, finn ekki lengur fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður mun betur á allan hátt og er í góðu jafnvægi.“

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ein þeirra hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég mæli með því að allar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle og get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst þessu dásamlega undraefni.“

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum þrettán árum.



**MÆLIR MEÐ FEMARELLE** Soffía getur ekki ímyndað sér hvernig henni liði í dag ef hún hefði ekki kynnst Femarelle.




## FEMARELLE – ÖRUGGUR KOSTUR FYRIR KONUR

- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
- Náttúruleg lausn, inniheldur tofu-extract og flaxceed-duft
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða
- Staðfest með rannsóknum síðustu þrettán ár

# MÆLIR HEILSHUGAR MEÐ BIO-KULT

*Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Margrét Alice Birgisdóttir mælir með Bio-Kult fyrir meltinguna.*

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur.

Ég mæli heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“

Bio-Kult Candéa-hylkin geta virkað sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangri, fæðuóþoli, pirringi og skapsveiflum, þreytu, brjóstsviða, verkjum í liðum, mígreni eða ýmsum húðvandamálum.

**BIO-KULT FYRIR ALLA**

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.



**ÁNÆGÐ** Margrét Alice er ánægð með Bio-Kult-hylkin og mælir með þeim til að bæta meltinguna.

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóru líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original.




**VILTU VINNA ÁRSBIRGÐIR AF BIO-KULT?**
**Endilega skráðu þig í klúbbinn okkar. www.icecare.is**

## 1-2 milljónir



**7 MANNA DURANGO 4X4**
Dodge Durango 4.7 árg ,05. ek aðeins 92þús m. 7manna. 4x4. ssk. krókur. heilsársdekk. leður. rafmagn í sætum. filmur. virkilega góður bíll. ásett v:1.890þús. Tilboðsverð aðeins 1.290þús stgr. möguleiki á vísaláni uppað 950þús. s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR AVENSIS ,06**
Toyota Avensis 1.8 árg ,06. ek 157þús km. sjálfskiptur. ný skoðaður ,16. ný heilsársdekk hiti í sætum. virkilega fallegur bíll. ásett verð 1.490þús. Tilboðsverð aðeins 1.290þús stgr. möguleiki á vísaláni uppað 950þús. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS Nýja Sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vélsleðar

Rafgeymar og hleðslutæki fyrir hjól og vélsleða
NITRO
Nítró - Kirkjulundi 17 - 557 4848 - nitro.is

## Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is
VÍKURVERK
Víkurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is

## Hjólbarðar

VAKA

**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Bátar

MARÁS
TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR
Japönsk gæði!
Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 2,5-140 hö
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt að leita sér...

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjuma. Uppl. í s. 6981215.

## Bókhald

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.490 0095 www.accountant.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2015**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www.fob.is

## Málarar

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Smidur.com
s. 897 9933

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

XPRENT - hönnun og merkingar
meira en 40 hulstur í boði!
ER SÍMINN ÞINN ÓVARINN?
Fáðu þér hulstur með persónulegri mynd!
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI
GOTT ÚRVAL Í BOÐI
VB LANDBÚNAÐUR
Reykjavík: 414-0000
Akureyri: 464-8600
www.VBL.is
Krókháls 5f • 110 Reykjavík /// Baldursnes 2 • 603 Akureyri

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

EYJALIND
Yale – People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Startarar og alternatorar
Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir
55ár í þjónustu við bíleigendur!
Ljósboginn ehf Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginnehf@simnet.is

Geymsluskúrar/gestahús til sölu
• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9fm.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Tryggðu þér skúr á vetrarverðinu
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

viftur.is
viftur ● blásarar ● aukahlutir
-allt á einum stað
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir


HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**OPIN HÚS Í DAG**

**Berjavellir 1, íbúð 104 - Hafnarfjörður - 3ja herb.**
Opið hús í dag milli kl. 14-14.30.




Glæsileg 107,6 fm. 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð í vönduðu lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar með granít borðplötu í eldhúsi. Mjög gott skipulag með stórum stofum og rúmgóðum herbergjum. Stór afgirt verönd út af stofu til vesturs. Mjög góð sameign með sérgeymslu og stæði í bílakjallara. **Verð 31,9 millj.**
**Hilmar Bryde sölumaður s. 892 9694 verður á staðnum.**

**Eskivellir 9b, íbúð 101 - Hafnarfjörður - 4ra herb.**
Opið hús í dag milli kl. 14.45 - 15.15.




Sérlega skemmtileg 122,7 fm. 4 herbergja endaíbúð á 1. hæð með sérinngangi og stæði í bílakjallara. Vandaðar innréttingar.
3 góð svefnherbergi. Góðar stofur. Stór afgirt verönd til suðurs.
Barnvænt umhverfi. Skóli í næsta nágrenni. **Verð 34,9 millj.**
**Hilmar Bryde sölumaður s. 892 9694 verður á staðnum.**

**Lækjargata 30, íbúð 306 - Hafnarfjörður - 2ja herb.**
Opið hús í dag milli kl. 15.30 - 16.




Nýkomin í einkasölu stórglæsileg arkitekta hönnuð 75 fm.
2ja herbergja íbúð á 3ju hæð í vönduðu lyftuhús á þesum einstaka stað við tjörnina. Allar innréttingar sérsmíðaðar á afar vandaðan máta. Allt fyrsta flokks. Einstök eign. Laus fljótlega. **Verð 28,9 millj.**
**Hilmar Bryde sölumaður s. 892 9694 verður á staðnum.**

**Skipalón 20, íbúð 207 - Hafnarfjörður - Glæsil. endaíbúð**
Opið hús í dag milli kl. 16.30 - 17.




Glæsileg 167 fm. endaíbúð í vönduðu lyftuhúsi ætlað 50 ára og eldri. Vandaðar Brúnás innréttingar, tvö baðherbergi, fataherbergi og góð herbergi. Óvenju stórar og góðar stofur. Tvennar svalir.
Glæsilegt eldhús, granít á borðum. Útsýni. **Verð 53,5 millj.**
**Hilmar Bryde sölumaður s. 892 9694 verður á staðnum.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**


## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**ÞARFNAST BÍLAPLANIÐ ÞRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**GLEÐILEGT SUMAR**
20%-60% afsláttur af öllum kjólum
20% afsláttur af öllum öðrum vörum
Tunika 6.392,- Vesti 5.592,- Stretch gallabuxur í mörgum litum stærð 34-38 6.392,- Opið í dag 12-18 Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077



**FLOTT GLERBORÐ Á 5.000.- !**
Til sölu svart háglans kringlótt gler stofuborð, 2 glerplötur (minni glær undir), stálfætur.

Stærð ca. 100 cm x 100 cm, í þvermál. ca,. 70 cm á hæð
**Upplýsingar í síma 699 2778**
**Eftir hádegi.**

mýranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17,**
**Kringlan - 3. hæð**
**(Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## fasteignir

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**- TIL SÖLU -**
**Sparta hárstofa, Laugarásvegi 1**

Til sölu hárgreiðslustofa sem hefur verið í rekstri frá árinu 1995 og byggir því á góðum kjarna viðskiptavina. Reksturinn selst með langtímaleigusamningi. Frábært tækifæri til að eignast hárgreiðslustofu í rekstri á góðum stað. Miklir vaxtamöguleikar.

Upplýsingar veitir Kristín í síma 893 4248.


HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.



Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TILLEIGU.IS**
Til leigu glæsileg 3ja herb, íbúð í Hvassaleitishverfi. Laus strax. Nánari upplýsingar á tilleigu.is S. 540 8400 eða 820 3799

Íbúð til leigu í 105, laus strax. 2. herberb. Skammtímaleiga. Uppl í s. 6472778

## Húsnæði óskast

40-80fm íbúð óskast til leigu til skemmri eða lengri tíma fyrir einhleypa konu. Öruggar greiðslur og reglusemi. Engin dýr. S. 663 7357

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði óskast ca 20-30 fm bílskúr eða sambærilegt pláss í Reykjavík eða Kópavogi. Uppl. í s. 5541690

**FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI**
Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar. Góðar hurðir. 10 m2 milliloft mögul. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. Verð: 9,9 m. S: 661-6800 og 564-6500

**AUÐBREKKA - LEIGA**
Herbergi og skrifstofur til leigu í Auðbrekku, 13-350 fermetrar. Hentar bæði sem skrifstofur og fyrir ýmiskonar aðra starfssemi, t.d. hönnuði og skapandi greinar. s 897 9743

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ**
**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KRAFTBINDINGAR EHF**
óska eftir að ráða vana smiði í mótauppslátt.
Reiprennandi íslenskukunnátta algert skilyrði.
**Áhugasamir hafi samband við Jónas í síma 788-6900**

**K-BAR, ÞJÓNN, AÐSTOÐARKOKKUR**
óskum eftir þjónum í hlutastörf og aðstoðar kokk í eldhúsi kvöld og helgarvinnu.
**Sendið umsókn á: kbar@kbar.is**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Skyndikynni, tilbreyting, ævintýri. www.RaudaTorgid.is (Stefnumót)

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr fjálslyndur íslenskur samskiptavefur. Stefnumót, blogg, 1+1 live spjall, o.fl. Líttu við. www.islendingar.eu




Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook    1. hæð Kringlunnar    Hægt er að panta í síma: 551-1314

## Veðurspá

### Fimmtudagur

**Í nótt snérist í norðlæga átt og því ekki mjög sumarlegt veður** fyrir norðan og austan í dag (sumardaginn fyrsta) með frosti og éljagangi, en víða sólríkt og kalt veður sunnan til og því gott gluggaveður á þeim slóðum.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -4° | -3° |
| ↙5 | ↙6 | ↓4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | -1° | -9° |
| ↓9 | ↙11 | ↓10 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -4° | -4° |
| ↓3 | ↓9 | ↙2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -3° | -3° | -8° |
| ↓6 | ↓10 | ←1 |

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** samtök, **6.** bardagi, **8.** kæla, **9.** bein, **11.** gjaldmiðill, **12.** hólf, **14.** hroki, **16.** óð, **17.** væl, **18.** tálknblað, **20.** tveir eins, **21.** seytlar.

**LÓÐRÉTT**
**1.** pústrar, **3.** golf áhald, **4.** Grænlendingur, **5.** skip, **7.** aðdragandi, **10.** fjór, **13.** námsgrein, **15.** ljómi, **16.** iðka, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** at, **8.** ísa, **9.** rif, **11.** kr, **12.** klefi, **14.** dramb, **16.** ær, **17.** gól, **18.** fön, **20.** ii, **21.** agar. **LÓÐRÉTT: 1.** hark, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** tildrög, **10.** fer, **13.** fag, **15.** blik, **16.** æfa, **19.** na.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vishy Anand (2.791) vann góðan sigur á Wesley So (2.788) með mjög kröftugri taflmennsku á minningarmóti Gashimovs.**
**Hvítur á leik**



**14. f4!** (Mannsfórn sem skapar svörtum mörg vandamál) **14...hxg5 15. fxg5 Rg4 16. g6 Bg5 17. h3! Bxc1 18. Haxc1 Rh6 19. Dh5 Be6 20. Bxe6 fxe6 21. g4! c6 22. Hxf8+ Dxf8 23. Hf1 De7 24. g5.** Hvítur vann manninn til baka með mun betra tafli.
**www.skak.is** Sumarskákmót Fjölnis í dag.

FRÁBÆRT TILBOÐ TIL
RIGA Í LETTLANDI
14.-17. MAÍ Á SÍÐUSTU SÆTUNUM

Riga er meira en 800 ár gömul borg eða frá árinu 1201. Þar blandast saman miðaldarmiðbær og nútímaborg. Gamli borgarhlutinn með sinn sjarma og hefðbundin nútímaborg í hraðri þróun. Hvort sem það er menningin - söfn eða fallegar byggingar, listaviðburðir og verslanir með allt það nýjasta á góðu verði - þá finnur þú það í Riga. Í Riga má finna eitt mesta samsafn af Art Noveau eða Jugend byggingalist. Þá er næturlíf Riga orðið þekkt fyrir að vera fjörugt og dregur til sín fjölda fólks víða að.

Verð aðeins kr. 69.900.-

Innifalið: flug frá Keflavík og Akureyri, 4★ hótel á besta stað með morgunmat, rúta frá flugvelli og íslenskur fararstjóri.




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | | 2 | | 9 |
| | 8 | 6 | | 3 | | | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 1 | | | | 4 | | 6 |
| 5 | 6 | | | | 4 | 3 | 7 | |
| | 2 | 8 | | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 5 | | 9 | |
| 8 | | | | 4 | 2 | 9 | | |
| | | | | 7 | 3 | | 5 | |
| | 5 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 2 | 3 | 7 | | | |
| 8 | | 5 | 9 | | | 6 | | |
| | 2 | 3 | | 6 | | | 7 | |
| | | 4 | 7 | | | 1 | | 5 |
| 7 | | | | | | 2 | 4 | |
| | | | | | 9 | | | |
| | 6 | 8 | | 7 | | 4 | | |
| | 3 | | | 5 | | | | 9 |
| | | 7 | 8 | | | | 2 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | | | | | |
| | 7 | 6 | | 2 | | 8 | | |
| | | | 6 | | 1 | | | |
| 3 | | | 5 | 9 | | | | 2 |
| | | 9 | | | 6 | | 3 | |
| | 8 | 2 | | 4 | | 9 | | |
| | 2 | | | | | | 5 | 9 |
| | | 1 | 3 | | | | 7 | 4 |
| | | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 5 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 3 | 6 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 8 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 8 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |
| 5 | 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 9 | 5 | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 8 | 1 | 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 7 | 6 | 5 | 3 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 | 1 | 4 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# nettó
Kræsingar & kostakjör



Flott á grillið!

-40%
**KALKÚNAGRILLSN.**
GRILLKJÖT/POKI
**1.555**
ÁÐUR 2.591 KR/KG



-50%
**GRÍSASNITSEL**
STJÖRNUGRÍS
**1.149**
ÁÐUR 2.298 KR/KG



**GRÍSARIF**
BBQ
**1.198**
KR/KG



-33%
**SÆNSK. HAKKABOLL.**
Í SÚRSÆTRI SÓSU
**669**
ÁÐUR 998 KR/KG



...fínt í frystinn fyrir sumarið

-23%
**LAMB 1/2 SKROKKUR**
GRILLSAGAÐ KJÖT
**999**
ÁÐUR 1.298 KR/KG



-33%
**LAMBAKÓTILETTUR**
FORST./RASP/FROSIÐ
**1.674**
ÁÐUR 2.498 KR/KG



-40%
**RJÓMAÍS 1L**
VANILLU, EMMESS
**398**
ÁÐUR 663 KR/PK



-47%
**JUBBLY LOLLIES**
3 TEG
**197**
ÁÐUR 372 KR/PK



**MILKY WAY 350GR**
CRISPY ROLLS
**239**
ÁÐUR 329 KR/PK



**CRACKER SAFAR 1L**
3 TEGUNDIR
**349**
ÁÐUR 389 KR/STK

## Opnunartímar Nettó sumardaginn fyrsta 23. apríl

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nettó Akureyri | 10:00 - 18:00 | Nettó Höfn | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Borgarnes | 10:00 - 18:00 | Nettó Kópavogur | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10:00 - 18:00 | Nettó Mjódd | Opið 24 klst. |
| Nettó Grandi | Opið 24klst. | Nettó Reykjanesbæ | 10:00 - 18:00 |
| Nettó Grindavík | 10:00 - 18:00 | Nettó Selfoss | 10:00 - 20:00 |
| Nettó Hverafold | 10:00 - 18:00 | | |

**Tilboðin gilda 23. - 26. apríl 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Nýtt kortatímabil 22.apríl




-38%
KJÚKLINGALUNDIR
DANPO, 700GR
1.092
ÁÐUR 1.761 KR/PK




FAJITA SÓSA 2 TEG
DISCOVERY, 100GR
269
ÁÐUR 299 KR/STK




-25%
HVÍTLAUKSBRAUÐ
X-TRA, 2STK
179
ÁÐUR 238 KR/PK




-20%
KARTÖFLUBÁTAR
COOP, 900 GR
398
ÁÐUR 498 KR/PK



ÝSUFLÖK ROÐL/BEINL
SJÁVARKISTAN
1.582
ÁÐUR 1.798 KR/KG




-20%
COOP JARÐARBER
LAUSFRYST, 500GR
255
ÁÐUR 319 KR/PK



-40%
KANILSNÚÐUR
ILMANDI FÍNN
119
ÁÐUR 198 KR/STK



-36%
BYGGBRAUÐ
500 GR
298
ÁÐUR 466 KR/STK



-50%
PERUR
ÁVÖXTUR VIKUNNAR
130
ÁÐUR 259 KR/KG




KAFFI 400GR
OKKAR/ÓDÝRT
539
ÁÐUR 599 KR/PK

*Sumarið er á næsta leyti !*

FRISBÍDISKUR
198
KR/STK



FLUGDREKI-ÖRN
698
KR/STK






VATNSBYSSA
498
KR/STK




FATA & SKÓFLA
698
KR/STK

# Hundrað og þrjátíu konur syngja inn sumarið

**Fjórir stórir kvennakórar koma saman á tónleikum í Hörpu í dag í tilefni af hundrað ára kosningaréttarafmæli kvenna, undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.**



STJÓRNANDINN Margrét Pálmadóttir ætlar að stjórna kvennakórum á tvennum tónleikum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Í dag kl. 17 verða tónleikar í Norðurljósasal Hörpu undir heitinu Slétt og brugðið, konur í hundrað ár. Þar syngja saman kórarnir Vox feminae, Hrynjandi, Cantabile og Aurora. Stjórnandi verður Margrét Pálmadóttir og einsöngvarar þau Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran og Maríus Sverrisson barítón.

Margrét segir þær hafi viljað leggja áherslu á að lofsyngja formæðurnar í tilefni af hundrað ára kosningaréttarafmæli kvenna á Íslandi. „Tilefnið er að fagna formæðrunum. Það er algjört lykilatriði og af því tilefni fóru allar þessar frábæru konur í myndaalbúmin og söfnuðu saman gríðarlegu magni mynda af íslenskum konum, lífi þeirra og sögu. Þessu verður varpað upp á tjald fyrir tónleikagesti á meðan þeir eru að koma sér fyrir í salnum.

Á tónleikunum sjálfum erum við svo að syngja gamlar perlur sem ég þekki vel úr mínu uppeldi frá síðustu öld. Við ætlum að syngja íslensku rómantíkina og Diddú ætlar að syngja Vikivaka sem var samið fyrir hana á sínum tíma. Það gleður mig alveg sérstaklega að hún ætli að vera með okkur því við erum sömu kynslóðar og fyrir mér er þetta smá nostalgía að ylja sér við.“ Þegar kórarnir fjórir verða komnir á svið í Norðurljósasalnum má búast við að um hundrað og þrjátíu konur verði komnar inn á svið. Margrét segist þó ekki óttast fjöldann. „Langt í frá. Ég er vön að stjórna stórum kórum og það er bráðskemmtilegt. Það koma alls konar blæbrigði í tónlistina og öðruvísi kraftur. Þetta er í raun alveg rosalegt hljóðfæri. Ég ætla að hita upp með því að stjórna Stúlknakór Reykjavíkur kl. 14 með 110 frábærum stúlkum. Kórinn er einmitt tuttugu ára um þessar mundir og það verður líka sumarlegt og skemmtilegt.“

magnus@frettabladid.is

## Þessi bévítans fortíð

BÆKUR ★★★☆☆

**Flekklaus**
Sólveig Pálsdóttir
**JPV-ÚTGÁFA**




Flekklaus er þriðja bók Sólveigar Pálsdóttur um lögguteymið Guðgeir, Særós og Andrés, sem við þekkjum úr bókunum Leikarinn og Hinir réttlátu. Hér er Guðgeir í aðalhlutverki, nýkominn úr strangri krabbameinsmeðferð og í upphafi sögu í hvíldarfríi í Smálöndum Svíþjóðar. Það frí snýst þó upp í andhverfu sína þegar hann er dreginn inn í óleyst sakamál frá 1985, mál sem stendur honum mun nær en lesandann getur grunað lengi framan af. Er óhætt að segja að öll tilvera lögreglumannsins geðþekka snúist á hvolf með ævintýralegum vendingum sem kannski eru ekki sérlega trúverðugar en ná þeim tilgangi sínum að halda lesandanum við efnið og fá hann til að halda áfram að fletta.

Sagan er haganlega smíðuð, glæpamálið úr fortíðinni fléttast vel inn í frásögnina úr nútíðinni og hvörfin í seinni hlutanum koma gjörsamlega á óvart. Lesandinn kynnist Guðgeiri nánar en í fyrri bókum, enda fer meirihluti sögunnar fram á hans heimavelli og inn í hana dragast eiginkona hans og börn. Það er því snjallt bragð hjá höfundinum að gera hann tortryggilegan og fá lesandann til að efast um heilindi hans. Það er nú einu sinni einn kröftugasti drifkraftur glæpasagna að lesandinn „standi með“ aðallöggunni og láti sig örlög hans eða hennar varða. Upp á það skortir ekkert hér.

> ➜ Sagan er haganlega smíðuð, glæpamálið úr fortíðinni fléttast vel inn í frásögnina úr nútíðinni og hvörfin í seinni hlutanum koma gjörsamlega á óvart.

Stærsti veikleiki sögunnar felst hins vegar í hinni aðalpersónunni, Kirsten hinni sænsku, sem getur seint talist sannfærandi persóna. Til þess er hún of einhliða og hvatinn að framkomu hennar við Guðgeir er því miður ekki sérlega sannfærandi, sem dregur töluvert úr spennunni. Það er alltaf slæmt þegar lesandinn stendur sig að því að fnæsa háðslega yfir því hversu ótrúverðug frásögnin er.

Flekklaus tekur þó á ýmsum málum sem full ástæða er til að draga fram; hinum íslenska klíkuskap sem getur jafnvel forðað glæpamönnum frá refsingu, átökum eiginmanns við sjálfan sig eftir að hafa freistast til framhjáhalds, þeirri stefnu fjölmiðla að taka æruna af fólki í beinni útsendingu og fleira mætti nefna. Allt hið besta mál og sýnir að Sólveigu liggur ýmislegt á hjarta sem full ástæða er til að fylgjast með. Af niðurlagi þessarar sögu er ljóst að hún hefur hvergi nærri lokið sér af með sögu Guðgeirs og það verður spennandi að sjá á hvaða slóðir hún leiðir hann næst.

Það er vaxandi trend í norrænum glæpasögum að gera glæpinn sjálfan nánast að aukaatriði en beina kastljósinu þess í stað að afleiðingum hans á þá sem á einhvern hátt tengjast honum. Flekklaus sver sig svikalaust í þá ættina og gerir það ágætlega, þótt eflaust megi um það deila hvort afleiðingarnar sem þar er lýst séu sannferðugar eður ei. Hver var annars að halda því fram að krimmar ættu að vera trúverðugir?

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Flekklaus er ekki flekklaus glæpasaga en innsýn í líf og forsögu löggunnar Guðgeirs gerir hana áhugaverða og heldur lesandanum við efnið.



**HEIMASMÍÐI** Á tónleikunum lék Sarah Kenchington á heimasmíðuð hljóðfæri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stökkbreyttur óskapnaður

★★☆☆☆

**Tectonics**
Upphafstónleikar Tectonics. Fram komu Sarah Kenchington og SLÁTUR.
**Í NORÐURLJÓSUM Í HÖRPU FIMMTUDAGINN 16. APRÍL**

Það er gaman að skoða hvernig menn sáu fyrir sér framtíðina í gamla daga. Flugbílar voru algerlega gefins og vélmenni á hverju strái. Eða þá að fyrirbæri úr samtímanum voru ýkt út í það óendanlega. Í framtíðarmyndinni Brazil (1985) eftir Terry Gilliam var allt morandi í pípum og slöngum. Ef það þurfti að senda skeyti á milli skrifstofa, þá var bréfi pakkað inn í lítið hylki og það sent með ofurhraða eftir einni pípunni.

Brazil kom upp í huga mér á upphafstónleikum tónlistarhátíðarinnar Tectonics í Norðurljósum í Hörpu síðdegis á fimmtudaginn. Tectonics er helguð nútímatónlist og er núna haldin í fjórða sinn. Á tónleikunum lék Sarah Kenchington á heimasmíðuð hljóðfæri ásamt tónlistarhópnum SLÁTUR. Það er skammstöfun fyrir Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík. Pípur og slöngur voru aðall hljóðfæranna. Meðal annars höfðu slöngur verið festar á ýmiss konar málmblásturshljóðfæri og tónar myndaðir með því að stíga á loftpumpur.

En bíðum við. Tónar? Megnið af þeim tónum sem framkallaðir voru á tónleikunum voru miklu meira í ætt við óyndisleg búkhljóð en tóna eins og á venjulegum tónleikum. Ég ætla ekki að ganga svo langt að kalla tónlistina prump, en fögur var hún ekki. Þetta var fyrst og fremst samansafn af óhljóðum sem voru miður skemmtileg áheyrnar.

Það sem gaf tónleikunum gildi var sjónræna hliðin. Heimasmíðuðu hljóðfærin voru eins og vélbúnaður í gamalli framtíðarkvikmynd. Eitt þeirra var t.d. keyrt áfram með tveimur pedölum eins og reiðhjól. Sarah Kenchington sem áður var nefnd steig pedalana, og mekanisminn strauk fiðlu, pumpaði lofti í lúður og barði trommu. Þetta var einn hrærigrautur af vírum og slöngum. Rétt eins og í Brazil.

Ekki er hægt að neita því að tónleikarnir voru fyndnir. Eitt það skondnasta var þegar þrír náungar gengu meðfram áheyrendabekkjunum í myrkrinu. Skórnir þeirra voru físibelgir og slöngur gengu út úr þeim. Hvert fótatak blés loftinu í lúðra sem var haldið á. Þar á meðal var risastór túba. Hljóðfæraleikararnir vou eins og stökkbreyttir óskapnaðir úr framtíðinni. Líkt og fyrirbæri sem höfðu orðið fyrir geislavirkni en neituðu að deyja.

Nú er það svo að ný hljóðfæri þurfa ekki að hljóma hræðilega. Á Bíófilíu-tónleikum Bjarkar Guðmundsdóttur voru mörg ný hljóðfæri. Eitt var risavaxin spiladós, annað var pendúll með strengjum, það þriðja framkallaði tóna með eldingum. Hljóðfærin gáfu tónlistinni framandi yfirbragð og útkoman var heillandi. Það vantaði svona listrænan metnað hér.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sjónræna hliðin var áhugaverð, en sú tónræna ekki.

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar

**auglýsir eftir umsóknum**

Umsóknarfrestur er til 10. maí 2015. Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skila rafrænt á *menningarsjodur@skriduklaustur.is.*

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar hefur tvíþættan tilgang: að renna stoðum undir starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri með árlegum framlögum; og að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að áherslan árið 2015 verði lögð á:
- Verkefni sem tengjast ritverkum og ævi Gunnars Gunnarssonar.
- Önnur verkefni sem samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar.

Til úthlutunar eru kr. 1.000.000 og gerir sjóðsstjórn ráð fyrir að úthluta til að hámarki 3ja verkefna.

Hægt er að nálgast úthlutunarreglur og umsóknareyðublað á *www.skriduklaustur.is* ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn. Tilkynnt verður um styrkhafa á fæðingardegi Gunnars Gunnarssonar, 18. maí, á Skriðuklaustri.

*Stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar*

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 23. APRÍL 2015**

## Tónleikar

**11.00** Kammerhópurinn Nordic Affect býður í ferðalag í tali og tónum þar sem barokkhljóðfærin og tónlistin sem samin var fyrir þau er kynnt í Iðnó. Flytjendur eru Halla Steinunn Stefánsdóttir barokkfiðluleikari, Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari. Aðgangur er ókeypis.

**14.00** Óskasteinar, 20 ára afmælistónleikar Stúlknakórs Reykjavíkur í Norðurljósasal Hörpu. Eitt hundrað stúlkur á aldrinum 4-25 ára flytja þekkt kórlög ásamt hljóðfæraleikurum. Miðaverð 2.500 krónur.

**14.00** Vorvítamín Hamrahlíðarkóranna undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Seinni tónleikarnir hefjast klukkan 16.00 og er aðgangur ókeypis.

**16.00** Vortónleikar Kvennakórs Háskóla Íslands í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**17.00** Tónleikarnir Konur í hundrað ár verða í Norðurljósasal Hörpu. Miðaverð er 3.000 krónur.

**20.30** Saxófónleikarinn Sigurður Flosason, píanóleikarinn Eyþór Gunnarsson og bassaleikarinn Daninn Lennart leika lög Billy Holiday í Vídalínskirkju. Tónleikarnir eru hluti af jazzhátíð Garðabæjar og er aðgangur ókeypis.

**21.00** Tónleikar með Eivör Pálsdóttur á Græna hattinum Akureyri. Eivör flytur ný og gömul lög en hún gaf nýverið út plötuna Bridges. Miðaverð er 3.990 krónur.

**21.00** Anne Andersson, Magnús Trygvason Eliassen og Richard Andersson spila á tónleikum í Mengi í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**21.00** Mammút og Alda Dís Arnardóttir koma fram á sumartónleikum Frystiklefans á Rifi. Miðaverð er 2.900 krónur.



MAMMÚT

**21.00** Hljómsveitin Nátthrafnar sem samanstendur af þeim Ólafi Tryggva Pálssyni, Herði Vídalín Magnússyni og Magnúsi Einarssyni spilar á Dillon í kvöld.

**22.00** Hljómsveitin Flakk heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

## Opnanir

**17.00** Þorvaldur Jónsson opnar sýningu á blekteikningum í Kunstschalger stofu í Listasafni Reykjavíkur. Einnig verður ný vídjódagskrá opnuð í sérstökum vídjóbás. Léttar veitingar í boði og aðgangur ókeypis.

## Sýningar

**16.00** Bára Kristinsdóttir sýnir ljósmynda- og vídeóverk sitt Verkstæðið í Kubbnum í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

**17.00** Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands verður í Hörpu, Flóa. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.



EIVÖR

## Uppákomur

**13.00** Matarmarkaðurinn Krás á Loft Hostel í dag. Bergsson mathús, Coocoo's Nes, Ramen Momo og matsöluvagning Don's Donuts með veitingar. Plötusnúðurinn Óli Dóri kætir eyru viðstaddra með glaðlegri sumartónlist.

**14.00** Bókaverðlaun barna verða veitt í Borgarbókasafninu Grófinni. Ævar vísindamaður verður á staðnum og boðið verður upp á kaffi, djús og kökur.

**20.00** Sumardanceoke á skemmtistaðnum Húrra í kvöld.

## Uppistand

**21.30** Tilraunauppistand á Bar 11 í kvöld. Aðgangur ókeypis.

## Tónlist

**21.00** Dj Introbeats þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

**21.00** Trúbadorarnir Eiki og Steini halda uppi stemningu á English Pub í kvöld.

**21.00** Dj Moonshine þeytir skífum á Boston í kvöld.

**21.00** Dj SimSimma þeytir skífum á Frederiksen Ale House í kvöld.

**21.00** Dj Terrordisco þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

**21.00** Dj Vala þeytir skífum á Lebowski Bar í kvöld.

**22.00** Trúbadorinn Hreimur heldur uppi stemningu á American Bar í kvöld.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Á þynnkublús með illa farið taugakerfi

**Bara Heiða gefur út lag sem ber nafnið Þynnkublús sem fjallar um skoplegar hliðar illa lukkaðs djamms.**

Heiða Dóra Jónsdóttir, sem notast við listamannsnafnið Bara Heiða, gefur út lagið Þynnkublús í dag.

Í laginu er dregin fram skopleg hlið á illa lukkuðu djammi en Heiða segist að miklu leyti vera að gera grín að sjálfri sér. „Maður er fullur, þannig að það eru engin skynfæri sem eru í lagi. Það er dimmt, maður heyrir ekki neitt og er í einhvers konar mjög skertu ástandi,“ segir hún hress og bætir sposk við: „Svo vaknar maður kannski daginn eftir, illa farin á taugum og kannski ekki einu sinni heima hjá sér.

Svo er fólk kannski einhvern veginn að velja sér framtíðarmaka undir þessum kringumstæðum, þetta er svo skrýtið,“ segir hún og skellihlær.

Heiða hefur samið lög síðan á unglingsaldri en það var ekki fyrr en nýlega sem hún fór að taka þau upp og koma í útvarpsvænt form. „Þá kannski fór að bera meira á manni þó maður hafi alltaf verið einn heima inni í herbergi að semja lög.“

Heiða myndi sjálf seint lýsa sér sem liðtækum rappara en í laginu er samt sem áður stuttur rappkafli en að hennar sögn fannst henni stemningin í laginu bjóða upp á þess konar flutning. „Þegar maður rappar þá getur maður bara sagt svo ógeðslega mikið á stuttum tíma,“ segir hún hress og bætir við að hún eyði töluverðu púðri í textagerðina.

Hægt er að hlusta á Þynnkublús á baraheida.bandcamp.com. - gló



**ÞYNNKUBLÚS** Heiða veltir fyrir sér djamminu og afleiðingum þess í nýju lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gleðilegt sumar Gleðilegt sumar Gle



| | | | |
|---|---|---|---|
| Sápukúlusverð | 198 kr. | Sippuband 210 cm | 198 kr. |
| Sápukúlubox | 69 kr. | Bolti 9sm | 259 kr. |
| Krítar í boxi 20 stk | 279 kr. | Brennibolti | 579 kr. |

## EUROSHOPPER SÚKKULAÐIÐ

100 grömm




98 kr. 100g.




229 kr. 4 rúllur

EUROSHOPPER **Eldhúsrúllur** 4 x 44 blöð.




59 kr. 250ml

ERUROSHOPPER **Energy drink Orkudrykkur** 250ml.




189 kr. 250g

FRÓN **Pólokex 250g**




159 kr. 260g

BÓNUS **Pylsubrauð 5 stk.**




159 kr. 4 stk.

BÓNUS **Stór-Hamborgarabrauð 4 stk.**




95 kr. 200g

EUROSHOPPER **Steiktur laukur** 200g




98 kr. 1 ltr.

BÓNUS **Eplasafi 1 ltr.**




69 kr. 330ml




698 kr. 24 stk.

BÓNUS **íspinnakassi 24 stk.**




498 kr. 10 stk.

KJÖRÍS **Vanillu íspinnar 10 stk**

Verð í þessari auglýsingu
**Gilda a.m.k. til 26.apríl**

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gleðilegt sumar Gleðilegt sumar

Kaupfélag Skagfirðinga

**FROSIÐ LAMBAKJÖT**

*GOTT VERÐ Í BÓNUS*



**1498** kr. kg

KS Frosið lambalæri í sneiðum



**3498** kr. kg

KS Frosið lambafillet



**1598** kr. kg

STJÖRNUGRÍS **Beinlausar kótilettur**



**3898** kr. kg.

Íslandslamb **Lambafillet ferskt ókryddað**



**1598** kr. kg

Bónus úrb. **Grill-Grísahnakkasneiðar**




**1298** kr. kg.

BÓNUS **BBQ Grill-grísakótilettur**



**998** kr. kg.

BÓNUS **Grill Grísabógsneiðar**




**498** kr. 2 x 140g.

NAUTAVEISLU
**Ferskir nautahamborgarar 2 x 140g**




**198** kr. 510ml.

**Hunt´s grillsósur;** Orginal, Brown Sugar & Honey Mustard




**198** kr. 200 ml.




**498** kr. 500ml

**Caj-P Kryddolía** 500ml

Heinz




**298** kr. 1000g.

HEINZ **Tómatsósa**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
**Gilda a.m.k. til 26.apríl**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**53 ára George Lopez, leikari og grínisti**

**Þekktastur fyrir:** The George Lopez Show

## BÍÓFRÉTTIR



### Bláa stálið aftur í bíó

Zoolander 2 er væntanleg í kvikmyndahús á næsta ári. Nánar tiltekið þann 12. janúar. Mun Ben Stiller leika aðalhlutverk líkt og áður, leikstýra og framleiða ræmuna. Leikaravalið er ekki enn komið á kristaltært en ætla má að margir bíði með öndina í hálsinum eftir frekari fréttum, sem og að sjá Bláa stálið aftur á hvíta tjaldinu.

## FRUMSÝNINGAR



### The Age of Adaline

**Drama**

**Leikstjórn:** Lee Toland Krieger

**Leikarar:** Blake Lively, Michiel Huisman, Harrison Ford, Amanda Crew, Richard Harmon, Ellen Burstyn, Anjali Jay, Kathy Baker, Lynda Boyd

IMDb 7,6/10



### The Avengers: Age of Ultron

**Spennumynd**

**Leikstjórn:** Joss Whedon

**Leikarar:** Scarlett Johansson, Hayley Atwell, Chris Hemsworth, Chris Evans, Tom Hiddleston, Idris Elba, Aaron Taylor-Johnson, Stan Lee, Cobie Smulders

IMDb 9,3/10



### Kertastjakinn

Enn bætist í leikarahóp Beauty and the Beast, sem er orðinn ansi vel skipaður nú þegar. Ewan McGregor var nefnilega rétt í þessu að semja við framleiðendur og mun fara með hlutverk Lumiere, eða kertastjakans. Tökur hefjast 18. maí næstkomandi og er myndin væntanleg í kvikmyndahús í febrúar 2017.

# Frakkar hafa nú þegar keypt dreifingarrétt á hinum íslensku Hrútum

Kvikmyndin Hrútar keppir á Cannes í maí. Grímar Jónsson, framleiðandi myndarinnar, segir söluna góðs vita áður en haldið verður út.

Dreifingarréttur kvikmyndar Gríms Hákonarsonar, Hrúta, eða Rams, eins nafnið útleggst á ensku, hefur verið seldur.



**GRÍMAR JÓNSSON**

Þykir það sæta tíðindum en myndin var nýlega tilnefnd til verðlauna í Un Certain Regard keppninni og er því í hópi kvikmynda í Cannes Official Selection í ár.

Flokkurinn Un Certain Regard er til þess gerður að gera kvikmyndum þar sem frumleiki og hugrekki er í fyrirrúmi hátt undir höfði.

Í því samhengi er meðal annars átt við styrki til dreifingar á kvikmyndinni í Frakklandi.

Grímar Jónsson, framleiðandi myndarinnar, er að vonum alsæll með stöðu mála.

„ARP Sélection er eitt stærsta og virtasta dreifingarfyrirtæki Frakklands svo þetta er afar gleðilegt,“ segir Grímar

Aðspurður um hvað svona sala hafi í för með sér segir Grímar að það séu gríðarleg forréttindi að vera í þessari stöðu fyrir hátíðina, sem er ein sú stærsta sinnar tegundar þegar kemur að uppskeruhátíðum kvikmyndabransans. „Það er býsna heppilegt að hafa þessa aðila með sér í liði þegar við mætum til keppni, og getur hjálpað okkar stöðu heilmikið,“ útskýrir Grímar.

Sala dreifingarréttar hefur því mögulega veruleg áhrif á sýnileika þegar kemur að stóru stundinni, og skiptir hann býsna miklu máli.

„Allar þær fréttir sem hafa skotið upp kollinum hafa komið mér á óvart,“ segir Grímar og bætir hógvær við: „Við vissum að við værum með góða mynd í höndunum en áttum satt best að segja ekki von á því að komast í Official Selection.“

Kvikmyndin Hrútar mun keppa til verðlauna þann 21. maí næstkomandi og mun stórleikkonan Isabella Rossellini, forseti dómnefndar, veita verðlaunin við hátíðlega athöfn. Því ber að halda til haga að á meðal þekktra leikstjóra sem hafa sýnt myndir sínar í Un Certain Regard eru kanónurnar Gus Van Sant, Sofia Coppola og Steve McQueen.

gudrun@frettabladid.is



**HRÚTARNIR** Sigurður Sigurjónsson og Theodór Júlíusson leika fúllynda bræður sem þurfa að snúa bökum saman á ögurstund.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR SNÆR

## Official Selections í fjögur skipti

Kvikmyndin er sú fjórða sem ratar í Official Selections á Cannes sem runnin er undan rifjum íslensks leikstjóra. Hún er hins vegar aðeins önnur í röðinni sem er alíslensk.

**Árið 1993** Sódóma Reykjavík eftir Óskar Jónasson

**Árið 2003** Stormviðri eftir Sólveigu Anspach (unnin í samvinnu við Frakka)

**Árið 2005** Voksne Mennesker eftir Dag Kára (unnin í samvinnu við Dani)








Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Smiðjuvegi, 870 Vík | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

# DEBENHAMS




# BIOTHERM BOMBA

## Í DEBENHAMS 23. TIL 29. APRÍL.

Kynnum nýju SKIN BEST LIQUID GLOW þurru olíuna. Með henni stjórnar þú ljómanum: berðu dropa á húðina þar sem óskað er, notaðu hana eins og maska eða næturkrem eða blandaðu henni einfaldlega við SKIN BEST kremið þitt fyrir aukinn ljóma.

**20%** AFSLÁTTUR AF SKIN BEST LÍNUNNI




01 LIGHT SHADE 02 MEDIUM SHADE

### HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ SKIN•BEST C.C. KREMIN FRÁ BIOTHERM?

Húðin lítur best út þegar áferð hennar er jöfn og hún ljómar náttúrulega. SKIN BEST C.C. lagfærir litarhátt og gefur ljóma ásamt því að vernda húðina. Það lokar opnum húðholum, dregur úr fínum línum og gefur fallega náttúrulega þekju.

**30%** **AFSLÁTTUR AF 400 ML BODY LOTION, CELLULITE- OG STYRKJANDI BODY KREMUM.**

GLÆSILEGIR KAUPAUKAR AÐ HÆTTI BIOTHERM.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# SÁLMAR, SÖGUR OG SEIÐANDI SUMAR!




**Passíusálmarnir**
**Vildarverð: 8.899.-**
Verð: 9.899.-




Kauptu eintak af **Passíusálmunum** á **degi bókarinnar** 23. apríl og þú færð gefins bol með tilvitnun úr verkinu!

**Gildir aðeins í eftirtöldum verslunum okkar á meðan birgðir endast:**
Skólavörðustíg, Smáralind og Kringlunni.

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

NÝ VERSLUN LAUGAVEGI 77




**Syndlaus**
Vildarverð: 2.589.-
Verð: 3.699.-




**Í fangabúðum nazista**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Blátt blóð**
Vildarverð: 2.999.-
Verð: 3.299.-




**Mamma, pabbi, barn**
Vildarverð: 2.774.-
Verð: 3.699.-




**Skæri, blað, steinn**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Stúlkan með náðargáfurnar**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**Gott fólk**
Vildarverð: 2.774.-
Verð: 3.699.-




**Vakandi veröld**
Vildarverð: 2.299.-
Verð: 2.999.-




**Hellisbúinn**
Vildarverð: 2.799.-
Verð: 3.499.-




**Mörk**
Vildarverð: 3.599.-
Verð: 3.999.-




**Ekki snúa aftur**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




**1984**
Vildarverð: 2.589.-
Verð: 3.699.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er frá 23. apríl, til og með 27. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Hallstún við Laugaland
- Sumarhús auk 15 hektara



Nýkomið í einkasölu gott nýlegt 25 fm. sumarhús við Laugaland/Landssveit á 15 hektara góðu landi Hallstúns. Tilvalin eign fyrir hestamenn eða skógræktarfólk. Frábær staðsetning. **Verð 15,9 millj.**

Sumarhús í Vaðnesi



Hraunhamar kynnir nýkomið í einkasölu mjög fallegt sumarhús 64,5 fm. á einni hæð, (byggður 1992). Stór sólpallur í kringum bústaðinn, heitur pottur. Glæsilegt kjarrivaxið eignarland tæpur hektari. Hitaveita. Frábær staðsetning í Vaðneslandi Grímsnesi. Myndir á netinu. **Verð 19,5 millj.**

Lynghóll - Nýbýli við Selfoss



Höfum fengið í einkasölu nýbýlið Lynghóll við Selfoss 30 hektara land. Afstúkað í 4 beitahólf með rennandi vatni. Frábær staðsetning og útsýni. Góðar reiðleiðir. Lynghóll er við þjóðveg 1 sami afleggjari og Hjálmholt í Flóa. Sökklar af 80 fm. sumarhúsi. Rafmagn komið og kalt vatn, hitaveita á staðnum. **Verð 18,9 millj.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

# Gallaefni, skyrtur og seventís buxur



Nú þegar sumardagurinn fyrsti er genginn í garð er tímabært að huga að sumartískunni. Fréttablaðið fékk þrjá tískusérfræðinga til þess að færa okkur í sannleikann um hvað verði móðins í sólinni í sumar.







**1.** Hvernig myndir þú lýsa tískunni í sumar?
**2.** Hvað er að koma nýtt inn í sumar?
**3.** Hvað er nauðsynlegt að eiga?
**4.** Hvaða litir verða allsráðandi í sumar?
**5.** Hvaða fylgihlutir verða vinsælir í sumar?
**6.** Í fyrra voru það hvítu strigaskórnir og Birkenstock; er eitthvert álíka trend í uppsiglingu?

## Seventís og samfestingar

Andrea Magnúsdóttir, fatahönnuður og eigandi Andrea boutique

**1** Það er rosalegur 70's fílingur í gangi og pínu svona bóhem/vintage blær yfir tískunni. Við sjáum víðar buxur aftur eftir gott hlé. Stígvél, skyrtur, rúllukragabolir, rúskinn og munstur sem við höfum ekki séð í svolítinn tíma eru að koma aftur. Ég elska þennan 70's fíling, það er allt svo áreynslulaust, þægilegt og brjálæðislega flott. Ponsjó, kimonóar, kögur, samfestingar og síðkjólar. Já, takk!

**2** Skyrtur, bæði einlitar, teinóttar og í alls konar munstrum og efnum, víðar buxur og litrík munstur í bæði kjólum, bolum og samfestingum.

**3** Mér finnst möst að eiga samfesting, síðan kjól og flotta töffaralega skyrtu, helst í herralegu sniði, og fallega kápu.

**4** Blár, hvítur og pastellitir eins og púðurbleikur, brúnir/kamel tónar eru líka að læða sér inn og eru flottir með til dæmis dökkbláu. Röndótt, teinótt, köflótt og svo alls konar flott litrík mynstur með smá „vintage“ blæ.

**5** Það er líka retro blær yfir fylgihlutum, bæði sólgleraugum og skarti. Hringlaga sólgleraugu og síð hálsmen í hippalegum fíling. Eins finnst mér nauðsynlegt að eiga fallegan klút í flottum lit en þeir setja oft punktinn yfir i-ið.

**6** Já, víðar buxur. Það tekur okkur smá tíma að melta það, en það er klárlega það sem koma skal.



## Kögur og hvítir strigaskór

Hildur Ragnarsdóttir, eigandi verslunarinnar Einveru og bloggari á Trendnet.

**1** 70's áhrifin eru mjög áberandi. Flare og palazzo-buxur, kögur, rúskinn, heklaðar flíkur og auðvitað fullt af blómamunstri. Gallaefnið er líka að koma sterkt inn í alls konar útgáfum. Gallajakkar, gallabuxur, gallakjólar, skokkar og skyrtur. 70's áhrifin, bland í poka með 90's og minimal tísku.

**2** Gallajakkinn virðist vera að koma með sterkt kombakk.

**3** Efst á mínum óskalista fyrir sumarið er nýr gallajakki, loose-fit boyfriend gallabuxur og falleg hvít skyrta eða nýr, ferskur t-shirt.

**4** Mildir og fallegir tónar virðast vera vinsælir. Fölbleikur og aquamarine blár, ljós khaki og army grænn líka.

**5** Bakpokar, töskur í lit og prenti, sailor-hattar og blómakransar fyrir Secret Solstice.

**6** Mér finnst hvítir strigaskór vera must fyrir hvert vor. Ég hugsa að Adidas superstar og Stan Smith-skórnir verði vinsælir. Er ansi hrædd um að Birkenstock haldi velli. Verð að viðurkenna að ég og Birkenstock eigum ekki saman.



## Útvíðar buxur og rúskinnsjakkar

Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri Glamour.

**1** Vanalega er ég hrifnari af haust- og vetrartískunni en af sumartískunni, einfaldlega því hún hentar betur veðurfarinu hérna. Í sumar er hún hins vegar óvenju fjölbreytt. Gallaefnin koma sterk inn í ólíkum myndum, rúskinn, hvítur alklæðnaður, stuttar buxur með víðum skálmum, síð og flæðandi pils, hattar og klútar. Á sumrin verður allt aðeins léttara og bjartara, stígvélin víkja fyrir opnum skóm, berum leggjum og ullarkápunni er skipt út fyrir gallajakka eða léttari frakka.

**2** Ein stærsta tískubóla sumarsins, og vonandi nær hún lengra inn í árið, eru útvíðar buxur. Ég er mjög hrifin af „70's glam rock“ sem tröllríður tískunni í ár. Hún tónar vel við skandinavíska einfaldleikann sem hefur ráðið ríkjum og eru þessir tveir stílar góð blanda í sumarfataskápinn.

**3** Útvíðar gallabuxur, hvítir strigaskór og rúskinnsjakki/kápa.

**4** Hvítt er litur sumarsins en blái liturinn slæðist líka með.

**5** Klútar, þunnir. Munstraðir sem og einlitir. Hattarnir eru líka vinsælir, með stóru barði og hin svokallaða „sjóaraderhúfa“ er líka að koma sterk inn.

**6** Það eru fullt af tískutrendum sem gera tilkall til titilsins trend sumarsins. Hvítir strigaskór og einfaldir sandalar í anda Birkenstock halda áfram en við það bætist kögur, smekkbuxur, víðar gallabuxur, bert á milli … ég gæti haldið lengi áfram. Hlakka til að sjá hvaða trend verður í fyrsta sæti þegar líða tekur á sumarið.



# SPORTS DIRECT.COM

MUDDYFOX FIXIE



MEGA VALUE 30.690 KR.

MUDDYFOX TEMPO 200



*21 GÍRA SHIMANO ACERA SKIPTING*

MEGA VALUE 47.590 KR.

MUDDYFOX TEMPO 300



*24 GÍRA SHIMANO ACERA SKIPTING*

MEGA VALUE 54.490 KR.

MUDDYFOX RACE 100



*14 GÍRA SHIMANO TOURNEY SKIPTING*

MEGA VALUE 49.490 KR.

MUDDYFOX SWITCH 100
SAMANBRJÓTANLEGT



*6 GÍRA SHIMANO TOURNEY SKIPTING*

MEGA VALUE 47.590 KR.

MUDDYFOX VOYAGER 100



*18 GÍRA SHIMANO TOURNEY SKIPTING*

MEGA VALUE 39.590 KR.

MUDDYFOX VOYAGER 200


